

# Eyrarbakki Húsakönnun

## Verndarsvæði í byggð

Guðlaug Erna Jónsdóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Þorsteinn Tryggvi Másson

Héraðsskjalasafn Árnesinga

1. útgáfa júlí 2020

Unnið að beiðni Sveitarfélagsins Árborgar

Höfundar: Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt FAÍ, Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður Héraðskjalasafni Árnesinga

Umsjón: Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafni Árnesinga

Ljósmynd á forsíðu: Eyrarbakki. Horft yfir Eyrarbakka til austurs frá Vesturbúðinni. Ljósmyndari Oline Lefolii, safnmark HérÁrn 1012/29 EB 00014

© Héraðsskjalasafn Árnesinga og Guðlaug Erna Jónsdóttir

# Inngangur

Húsakönnun þessi var unnin í tengslum við verkefnið *Eyrarbakki - verndarsvæði í byggð*, á tímabilinu 2017-2020 með nokkrum hléum. Húsakönnunin var unnin skv. leiðbeiningum og skilmálum sem Minjastofnun Íslands setur og byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Notað var rafrænt skráningarform *Hugin* sem Minjastofnun lét í té, en stofnunin gerir kröfu um að þetta form sé notað við skráningu húsa, mannvirkja og gerð húsakannana. Þá var fyrirmælum sem koma fram í leiðbeiningariti Minjastofnunar, *Leiðbeiningar 2: Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun* fylgt. Húsakönnunin skiptist í tvo meginhluta. Annarsvegar grunnskráningu upplýsinga um hvert hús, breytingasögu húsa og söguleg samantekt, sem Guðmunda Ólafsdóttir skjalavörður á Héraðsskjalasafni Árnesinga sá um. Hins vegar varðveislumat sem Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt hafði umsjón með. Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður á Héraðsskjalasafni Árnesinga sá um samræmingu -, öflun ljósmynda, teikninga og yfirlestur ásamt heildarumsjón.

Húsakönnun nær til allra húsa innan verndarsvæðisins og fær hvert hús eina síðu í skýrslunni. Þar ræður skráningarform Minjastofnunar. Húsin eru birt í stafrófsröð skv. götuheiti og húsnúmerum. Hús sem ekki standa við götur bera nöfn og ráða nöfnin þá hvar umfjöllun um húsin birtist.

Umfjöllun um sögu og þróun byggðar, greiningu byggðar og varðveislumat heilda eru gerð skil í greinargerð með *Eyrarbakki – verndarsvæði í byggð* og er því sleppt í þessari skýrslu. Fimm kort fylgja húsakönnuninni og sá Svanhildur Gunnlaugsdóttir, landslagsarkitekt hjá Landform, um gerð þeirra. Kortin byggja á niðurstöðu varðveislumats eru í stærð A3 og eru eftirfarandi:

Kort 1 – Verndarflokkar húsa, sem sýna friðlýst hús, friðuð hús og umsagnarskyld hús eins og þau eru skilgreind í lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Kort 2 – Einstakar götumyndir og varðveisluverðar heildir.

Kort 3 – Varðveislumat húsa.

Kort 4 – Yfirlit yfir byggingarefni.

Kort 5 – Yfirlit yfir byggingartímabil.

# Grunnskráning og saga húsanna

Í skráningarforminu *Huginn* frá Minjastofnun Íslands er búið að skilgreina reiti sem fylla þarf út og miðuðust þær upplýsingar sem afla þurfti við að fylla í sem flesta reiti í forminu. Ef ekki lágu fyrir staðfest svör við spurningum á skráningarforminu voru reitirnir látnir standa auðir. Þess ber að geta að í skýrslunni sem unnin er upp úr húsakönnuninni birtast aðeins fyrir framvaldir reitir eða 34 reitir af 105 um hvert hús svo segja má að í flestum tilfellum hafi meiri upplýsinga verið aflað en skýrslan gefur upp. Í verkefninu voru skoðuð 155 hús og því ljóst að forgangsraða þurfti húsunum á einhvern hátt. Ákveðið var að leggja megin áherslu á þau hús sem byggð voru fyrir 1940 en minni tíma var varið í rannsóknir á yngri húsum.

Skýrsluform *Hugins* takmarkar að nokkru sögulega umfjöllun og var horft til þess við gerð húsakönnunarinnar þar sem leitast var við að hafa sögulegan texta ekki lengri en svo að hann birtist allur á skýrsluforminu.

Við vinnslu sögulega hlutans var upphafspunkturinn Þjóðskrá Íslands, þ.e. fasteignaskrá, *skra.is* og þær upplýsingar sem þar var að finna. Þar mátti t.d. sjá upplýsingar um byggingarár o.fl. Því næst voru

ritaðar frumheimildir skoðaðar um hvert einstakt hús. Þar reyndust best Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu: *Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; Árnessýslu III* og *Skjalasafn* Endurskoðunarinnar sem inniheldur húsaskattsskýrslur en þessar heimildir eru varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands. Þar má finna upplýsingar um eiganda hússins á þeim árum, stærð húss og byggingarefni auk þess sem við flest húsin má finna upplýsingar um byggingarár. Brunavirðingabækur sem eru bæði varðveittar á Héraðskjalasafni Árnesinga og Þjóðskjalasafni nýttust vel. Þar er að finna ítarlegar lýsingar af húsum sem voru virt. Elsta brunavirðingabókin er frá 1916 og gefur góða mynd af öllum húsum á Eyrarbakka á þeim tíma. Þar kemur fram þáverandi eigandi, stærð húss, byggingarefni, afstaða gagnvart öðrum húsum o.fl. Upplýsingar um hús byggð fyrir 1916 í elstu brunavirðingunum miðast við það ár en ekki byggingarár þessara húsa. Brunavirðingarnar greina frá útliti og efni húsanna þegar þau voru virt árið 1916 en ekki hvernig að húsin litu út upphaflega. Nýjar brunavirðingar voru svo gerðar þegar nýbyggingar voru metnar og eins þegar breytingar voru gerðar á húsum. Brunavirðingabækurnar ná fram til ársins 1959.

Þá voru notaðar ýmsar prentaðar heimildir og ber þar fyrst að nefna *Eyrarbakki, húsakönnun* eftir Lilju Árnadóttur frá árinu 1989. Við þá vinnu notaðist Lilja mikið við heimildarmenn frá Eyrarbakka þegar rituðum heimildum sleppti og er húsakönnun hennar góð og traust heimild. Þess ber þó að geta að í húsakönnuninni frá 1989 er einungis fjallað um þau hús sem reist voru fyrir 1930 og ekki hafði verið breytt frá upprunalegu útliti. Heimasíðan *Eyrarbakki.is* sem Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson halda utan um bætir það upp að vissu leyti því Inga Lára hefur þar tekið saman upplýsingar um nokkur hús á Eyrarbakka sem byggð eru fyrir 1935. Á síðunni birta þau einnig byggingarár allra eldri húsanna á Eyrarbakka og byggjast þau ártöl á rannsóknum Ingu Láru. Þá var einnig notast við þessar bækur, *Saga Eyrarbakka* eftir Vigfús Guðmundsson, *Kristinn Vigfússon staðarsmiður* eftir Guðmund Kristinsson, *Húsið á Eyrarbakka* eftir Lýð Pálsson og *Sunnlenskar byggðir* II þar sem Níls Ólafsson fjallaði um jarðir og ábúendur í Eyrarbakkahreppi. Eins nýttust við heimildaöflun óútgefin skýrslur, annars vegar fornleifaskráning Margrétar Hrannar Hallmundsdóttur og Guðlaugar Vilbogadóttur frá 2015, hins vegar skýrsla Lýðs Pálssonar forstöðumanns Byggðasafns Árnesinga um framtíðarskiplag á svæðinu í kringum Húsið á Eyrarbakka. Þá var notast við minningar- og blaðagreinar af *Tímarit.is*. Vísað er til heimilda sérstaklega við hvert hús sem er til umfjöllunar. Ríkari áhersla var lögð á sögu eldri húsa, allt fram til 1940, en minni á þau yngri og skýrist það bæði af tiltækum rituðum heimildum og áherslu á varðveislugildi eldri byggðarinnar.

Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson veittu einnig ómetanlega aðstoð við yfirlestur á húsakönnuninni en yfirgripsmikil þekking þeirra á sögu Eyrarbakka og húsanna á Bakkanum nýttist einstaklega vel þar sem prentuðum heimildum sleppti eða þær misvísandi.

Byggingarár sem birtast við hvert hús eru í flestum tilvikum byggingarár skv. fasteignaskrá. Þegar byggingarár voru skoðuð voru fyrrnefndar heimildir bornar saman, þá helst fasteignaskrá, brunavirðingar og upplýsingar af *Eyrarbakki.is* og leitast við finna sem réttast byggingarár. Alls eru 43 hús þar sem byggingarár skv. fasteignaskrá passar ekki við aðrar heimildir. Í langflestum tilfella skeikar aðeins einu eða tveimur árum sem skýrist af því hvort vísað sé til þess hvenær framkvæmdir við húsbyggingu hófust eða hvenær þeim var lokið og húsið tekið í notkun. Í fimm tilvikum er munurinn meiri en níu ár. Við tvö þessara húsa eru yngri ártöl notuð, þ.e. við Sandprýði og Stað. Það er gert með hliðsjón af þeim gagngeru breytingum sem hafa verið gerðar á húsunum og í ljósi þess að lítið eða ekkert sést nú af þeim húsum sem þar stóðu upphaflega. Eldri ártöl eru aftur notuð við hin þrjú húsin, þ.e. hesthús/gripahús við Húsið, Sólbakka og Þorvaldseyri. Það er gert í ljósi þess að við breytingar og/eða endurbyggingu hafa húsin haldið ákveðnum útlitseinkennum sem þau höfðu þegar þau voru byggð á sínum tíma. Sögu þessara húsa og þeim breytingum sem gerðar hafa verið eru gerð skil í sögulegri umfjöllun um hvert hús.

Undir liðnum helstu breytingar komast að hámarki fimm breytingar fyrir á skýrsluforminu en sumum húsum hefur verið breytt oftar. Erfitt gat reynst að finna upplýsingar um hvaða ár húsunum hafði verið breytt, en í brunavirðingabókunum mátti lesa út breytingar á húsum milli virðinga og því aðeins hægt að áætla tímabilið sem breytingarnar höfðu átt sér stað. Breytingar í seinni tíð mátti oft sjá á teikningum sem aðgengilegar eru hjá byggingafulltrúaembættinu í Árborg og þar með hægt að sjá breytingarár og hönnuð breytinga. Ein mikilvægasta heimildin til að rannsaka breytingar á húsunum eru ljósmyndir en til er talsvert magn ljósmynda frá Eyrarbakka, allt frá árdögum ljósmyndunar á Íslandi.

Í skráningarforminu er gert ráð fyrir tveimur ljósmyndum af hverju húsi, einni nýlegri og einni sem sýnir upprunalegt eða eldri ásýnd húss. Ljósmyndir af húsum eins og þau eru núna eru nær allar teknar af Guðlaugu Ernu Jónsdóttur arkitekt, en Þorsteinn Tryggvi Másson tók einnig nokkrar ljósmyndir. Eldri ljósmyndir eru ýmist fengnar úr einkasafni Magnúsar Karels Hannessonar, þá auðkenndar *einkasafn MKH*, frá Byggðasafni Árnesinga og þá ýmist auðkenndar með B.Árn eða SME, en þá koma ljósmyndirnar upphaflega frá Sjóminjasafni Eyrarbakka. Ljósmyndir frá Þjóðminjasafni Íslands eru auðkenndar Þjms. Ljósmyndir frá Héraðsskjalasafni Árnesinga eru merktar ljósmyndurum. Ekki fundust ljósmyndir af öllum húsum og var þá leitast við að fá teikningar af landupplýsingavef Sveitarfélagsins Árborgar.

Í reitnum *Saga húss* er lögð áhersla á menningarsögu hússins og einungis komið inn á sögulega þætti sem ekki koma fram annars staðar í skýrslunni t.d. hluti tengda íbúasögu, vangaveltum varðandi byggingarár o.fl. auk þess sem breytingum hússins er í nokkrum tilfellum gerð frekari skil.

# Varðveislumat

Við vinnslu varðveislumats lá grunnskráning og saga hvers húss til grundvallar, sem og ljósmyndir og vettvangsskoðun.

Varðveislugildi hvers húss var metið út frá fimm forsendum eða gildum, þ.e. gildi þess fyrir byggingarlist, menningarsögu, umhverfi, upprunalega gerð og tæknilegt ástand. Fyrir hvern þessara þátta getur varðveislugildið verið hátt, miðlungs eða lágt.

Við húsakönnunina á Eyrarbakka var fyrst og fremst litið til mikilvægis hvers húss fyrir hina sögulegu byggð á Eyrarbakka og varðveislugildi þeirra að stórum hluta metið út frá því. Umhverfislegar heildir húsa byggðar á gömlum sögulegum grunni skiptu einnig mjög miklu máli. Almennt höfðu byggingarlist og listrænt gildi minna vægi og það sama átti við um síðari tíma breytingar, ástand og upprunaleika. Í mörgum tilvikum hafa verið gerðar breytingar á húsum sem varða ytri frágang þeirra, svo sem klæðningum og gluggum. Ef ljóst þótti að breytingar væru taldar afturkræfar, þ.e. ef bæta mætti ástand og ásýnd húsa og færa það meira í átt að upprunalegri gerð var það ekki látið draga úr mati á varðveislugildi húsanna. Við gildismatið var að öðru leyti stuðst við eftirfarandi skilgreiningar:

– *Byggingarlist* er metin út frá hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt samspili forms, efnismeðferðar og notagildis. Einnig er metið hvort byggingin sé í eðli sínu og út frá staðsetningu góð, miðlungi góð eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem hún flokkast í. Einnig getur verið um að ræða gott höfundardæmi hönnuðar hússins. Þetta mat tekur jafnt til hefðbundinna húsa og þeirra sem teiknuð eru af arkitektum eða öðrum hönnuðum. Matið er miðað við útlit hússins nú, og skal lagt mat á hugsanlegar breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu. Gildi hússins vegna staðbundinnar byggingarhefðar eða gerðar og handverks er metið. Einnig er tekin afstaða til þess hvort fá dæmi séu til um þá byggingargerð sem húsið telst til. Lagt er mat á hvort í húsinu séu dæmi um tæknilegar nýjungar eða efnisval

miðað við þann tíma sem húsið er byggt á. Að lokum eru skráðar upplýsingar um sérkenni byggingarlistar hússins og rök fyrir mati á byggingarlist.

– *Menningarsögulegt* gildi byggingar er m.a. metið út frá því hvort sögufrægir atburðir tengist húsinu eða það standi á sögufrægum stað. Einnig er mikilvægi húss metið eftir fágæti t.d. hvort byggingarstíll, byggingarefni eða byggingaraðferð sé á einhvern hátt einstök eða óvenjuleg og hvort fá hús eru eftir af þeirri gerð sem um ræðir. Húsið getur einnig verið eina byggingin á svæði þar sem áður fyrr var nokkur byggð og því til vitnis um þróun byggðar og starfsemi og líf sem þar var. Gildi hússins er einnig metið eftir sérstæðri upphaflegri notkun þess t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir eða hafa breyst verulega eða fágæti, s.s. óvenjulegur byggingarstíll eða byggingarefni.

– *Umhverfisgildi* er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi. Einnig er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki. Að lokum eru skráðar athugasendir og rök fyrir mikilvægi hússins í umhverfi sínu og sem hluti af sögulegri heild húsa þar sem hvert hús er talið mikilvægur hluti af þeirri heild.

– *Upprunaleg gerð* húss er metin út frá athugun á því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist og metið er hvernig tekist hefur til með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar. Einnig er lagt mat á hvernig tekist hefur til með breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins. Hugað er að því hvort samsvörun sé á milli þess sem byggt var og er sjáanlegt í dag og húsið þannig til vitnis um þá verkmenningu sem ríkjandi var á byggingartíma þess. Að lokum eru skráð rök fyrir mati á varðveislu upprunalegrar gerðar húss eftir hugsanlegar breytingar sem hafa verið gerðar á því.

– *Tæknileg ástand* á ytra byrði húss er metið sjónrænt út frá því hvort því sé haldið vel við og enn fremur lagt mat á almennt tæknilegt ástand þess. Hafa ber í huga að tæknilegt ástand húss hefur að jafnaði ekki áhrif á varðveislugildi þess. Að lokum eru skráðar upplýsingar um tæknilegt ástand húss og rök færð fyrir mati.

*Varðveislugildi* húss er endanlega metið út frá öllum ofangreindum gildum en gildi hússins frá sjónarmiði byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vegur þó þyngst. Að lokum eru færð stutt rök fyrir varðveislugildi hússins.

## Niðurstaða

Ljóst er að á Eyrarbakka hafa varðveist óvenju mörg hús og heildir sem eru hluti af hinni sögulegu byggð sem varð að mestu leyti til á seinni hluta 19. aldar og snemma á 20. öld, þó grunnurinn að henni hafi verið lagður mun fyrr. Ýmsar ástæður eru fyrir þessari sérstöðu Eyrarbakka sem ekki verða raktar hér en eftir stendur mikilvægi þess að standa vörð um þennan merkilega menningararf. Það verður þó aðeins gert með því að marka skýra stefnu um byggðina, bæði hvað varðar varðveislu hennar og frekari þróun. Mikilvægt er því að skilmálar um hina afmörkuðu sögulegu byggð séu mjög takmarkandi og snúist að megninu til um það að færa hús til upprunalegrar gerðar. Ljóst er að húsin eru mörg hver lítil og uppfylla illa nútímakröfur fjölskyldna. Ef leggja á áherslu á að viðhalda því yfirbragði sem nú er, er mikilvægt að allar viðbætur og breytingar séu minniháttar og eingöngu til að uppfylla kröfur um öryggi og lágmarkskröfur um þægindi. Hækkanir, viðbyggingar, kvistir og svalir skulu ávallt taka mið af slíkum lágmarkskröfum og útfærsla í samræmi við upprunalega gerð húss. Byggðamynstrið þarf að vera fíngert áfram og allt sem bætt er við má ekki yfirgnæfa það sem fyrir er. Í fíngerðri sögulegu byggð frá því kringum 1900 á t.d. ekki við að byggja bílgeymslur sem uppfylla nútímakröfur og tilheyrandi

innkeyrslur inni á lóðum en hugsanlega einhvers konar litla geymsluskúra sem byggðir eru með tilliti til byggingarstíls, hlutfalla, efnisvals og útfærslu fyrirliggjandi húss/byggðar.

Allar viðbætur, breytingar og stækkanir á húsum þarf að skoða í nánu samstarfi við þá sem eiga að tryggja að farið sé að settum reglum varðandi útfærslu á verndarsvæði í byggð og einstakar ákvarðanir um það. Taka þarf afstöðu til þeirra húsa sem fá lágt varðveislugildi og talin rýra hina sögulegu byggð. Gæta þarf þess að allar nýbyggingar sem snerta svæðið á einhvern hátt og hafa áhrif á ásýnd þess, innan þess eða utan, taki mið af formgerð, hlutföllum, efnisvali og byggðamynstri þess sem fyrir er.

Fyrsti eigandi: Lefoliiverslun

Upphafleg notkun: Iðnaður / Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Bakaríið um 1920. Einkasafn MKH.



Bakaríið, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Reykháfur<br>Viðbygging<br>Inngönguskúr (bíslag) |

**Helstu breytingar:**

| | |
|---|---|
| 1913 | Byggt við húsið að austan til að fá íbúð. |
| 1942 | Mikil viðgerð á húsinu. |

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið var byggt árið 1884 af Lefolii verslun sem brauðgerðarhús. Húsið kom tilhöggið til Eyrarbakka og telst því vera katalóghús. Mest var bakað af rúgbrauði en einnig hveitibrauð og kökur. Í upphafi vertíðar gátu selst í bakaríinu allt að 1000 rúgbrauð. Lefolii rak bakarí í húsinu til 1916 en þá tók kaupfélagið Hekla við rekstrinum. Eftir að Hekla varð gjaldþrota rak Lars Andersen bakarí í húsinu um árabil og síðar tók sonur hans Lárus við rekstrinum. Bakarí var rekið í húsinu til ársins 1960 þegar Lárus flutti það í kjallarann á húsinu Skjaldbreið. Bakaríið er eina húsið sem stendur enn af verslunarhúsunum frá tíma dönsku verslunarinnar og er að stofni til eitt af elstu húsunum á Eyrarbakka.

Heimildir:
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 10.07.2020, https://eyrarbakki.is/husin-a-bakkanum/bakariid/.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 22.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt einfalt timburhús (kataloghus).<br>Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Bakarí frá upphafi til 1960. Eina húsið sem eftir stendur af húsum dönsku verslunarinnar og eitt af elstu húsum á Eyrarbakka. Hluti af sögulegri byggð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Áberandi og mikilvægt hús. Hluti af heild húsa meðfram Búðarstíg og Bakaríistíg (Einarshöfn og Skúmstaðahverfið). |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið gert upp á mjög vandaðan hátt að upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægt vegna atvinnusögu og sem hluti af heild húsa á þessum stað. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Jónsson og Páll Pálsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Skúmsstaðir I. Einkasafn MKH.



Skúmsstaðir I, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Inngönguskúr (bíslag)<br>Einlyft<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Kvistir |

**Helstu breytingar:**

1950 Húsið forskalað.

1989 Húsið bárujárnsklætt.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Skúmsstaðir I, oftast kallað Pálsbær er timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð. Það er fyrst virt til húsaskatts árið 1901. Í upphafi var húsið tvíbýli, í vesturhlutanum bjó Jón Jónsson með fjölskyldu sína en í austurhlutanum bjó Páll Pálsson. Um tíma var húsið forskalað og augnstungið. Húsið hefur nú verið fært aftur til upprunalegs horfs.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 55.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 133.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Gott dæmi um einfalt timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð með miðjukvisti. Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð frá um 1900 (Skúmstaðahverfið). |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægt sem hluti af heild (Skúmstaðahverfið) og stendur áberandi og fallega í því samhengi. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er nýuppgert á vandaðan hátt í upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ástand er gott. Nýuppgert. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Fallegt einfalt hús sem hefur mikið gildi fyrir hina sögulegu byggð frá því um 1900. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Loftur Arason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús / Íbúð



Inghóll. Einkasafn MKH.



Inghóll, október 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1912 í landi Skúmsstaða og er timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð. Áður hafði staðið á sama stað hús sem var kallað Sephyr. Fyrsti eigandi hússins var Loftur Arason en hann átti húsið allt til ársins 1959. Gluggum hefur verið breytt.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 43.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 127.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús. Ytra form óbreytt en gluggum hefur verið breytt og hlutföll þeirra sérstök sem rýrir ásýnd hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð Skúmstaðahverfis frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af heild húsa (Skúmstaðahverfið). |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Gluggar eru mikið breyttir sem hefur mikil áhrif á ásýnd þess. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist í slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Gluggabreyting rýrir heildargildi. Hluti af heild en ástand slæmt og mikilvægt að endurgerð verði nær upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Málfríður Jónsdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Laufás um 1968. Ljósmyndari Tómas Jónsson.



Laufás, mars 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur<br>Útskot (karnap) |

**Helstu breytingar:**

Viðbygging með skúrþaki vestan við húsið. Ekki vitað hve gömul.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið var byggt árið 1923 en heimildum ber ekki saman um hver smíðaði. Annarsvegar er talið að Sigurður Gíslason trésmiður hafi gert það en hins vegar Gunnar Jónsson í Gunnarshúsi og synir hans. Fyrsti eigandi hússins var Málfríður Jónsdóttir.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 45.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt lítið alþýðuhús, timburhús dansk-íslensk yngri gerð með portbyggðu risi. Gluggar ósamhverfir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð vestast á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt hús bæði fyrir götumynd Bakarríisstígs og heild húsa Einarhafnarhverfisins. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggar breyttir en að öðru leyti nokkuð upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægur hluti af heild húsa og hinni sögulegu byggð vestast á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1968** Bakarísstígur 5b 

Fyrsti eigandi: Magnús Magnússon í Laufási

Upphafleg notkun: Geymsla

Hönnuður:

Núverandi notkun: Bílskúr



Búðarstígur 5b um 1968. Ljósmyndari Tómas Jónsson.



Bakarísstígur 5b, júlí 2017.

| **Gerð húss:** Byggingarefni: | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1968 sem geymsla eða bílskúr.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hefðbundinn tvöfaldur bílskúr. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Bílskúr sem lítið er vitað um. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Stendur innan um fleiri skúra og tengist byggðinni lítið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sennilega frekar upprunalegur |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ekkert sérstakt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Fryolf Nielsen

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Vigfús Jónsson

Núverandi notkun: Íbúð



Sæból, suðurhlið.



Sæból, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útitröppur | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1959 og er einfalt steinsteypuhús að stíl. Fyrstu eigendur hússins voru Fryolf Nielsen og Sigurbjörg Eydís Vilhjálmsdóttir. Sigurbjörg býr enn í húsinu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Steinsteypt hús. Steniklæning og gluggaumgjörð hefur yfirþyrmandi neikvæð áhrif á útlit hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1959 án sögulegrar sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Í nágrenni hússins eru hús svipuð að ytra formi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Steniklæðning og gluggabreytingar rýra mjög upprunalegt gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Klæðning farin að láta á sjá. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Fær lágt gildi vegna breytinga sem rýra byggingarlist þess. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Árnason

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Kaldbakur 1981. Ljósmyndari Páll Lýðsson.



Kaldbakur, október 2017.

## Gerð húss:

| | **Upphafleg:** | **Núverandi:** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Svalir |

| | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|
| 1952 | Húsið hækkað og breytt í funkis hús. | Eiríkur Guðmundsson, húsasmíðameistari |
| 2017 | Húsið fært nær upprunalegu horfi. | Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt |

## Saga

Heimildum ber ekki saman um aldur Kaldbaks en það er ýmist sagt byggt árið 1900 eða 1906. Húsið var í upphafi einfalt timburhús en í millitíðinni hafði því verið breytt í forskalað funkishús. Húsinu var breytt árið 2017 í einfalt timburhús og byggir að einhverju leyti á fyrsta húsinu.
Heimildir:
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls.127.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð Skúmstaðahverfis frá því um og uppúr 1900 |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægt sem hluti af heild (Skúmstaðahverfið) og stendur áberandi og fallega í því samhengi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er endurbyggt frá grunni þ.e. lítið eftir af upprunalegu húsi en það haft til viðmiðunar við endurgerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er nýuppgert. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af heild húsa Skúmstaðahverfis. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Kjartan og Vilhjálmur Einarssynir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Traðarhús. Einkasafn MKH.



Traðarhús, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Portbyggt | Kjallari<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

1938 Kvisti bætt við og efri hæð innréttuð.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið var byggt árið 1936 en heimildum ber ekki saman og er byggingarár sumsstaðar sagt vera 1938. Húsið telst vera steinsteypuklassík með funkis áhrifum.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Fallegt funkishús með klassískum einkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús frá 1936 án þekktrar sögulegrar sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Fellur ágætlega að þessum hluta Bakarísstígs. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist í slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Ágætt dæmi um steinsteypt funkishús frá 4. áratug 20. aldar. Áhrif frá steinsteypuklassik. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Rafveita Eyrarbakka

Upphafleg notkun: Spennistöð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Spennistöð



Bárðarbrú, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1997 | Klætt að utan, látið taka mið af nálægum húsum. | Erlingur Ingvason, tæknifræðingur |

## Saga

Húsið er byggt árið 1970 sem spennistöð og var því með flötu þaki og kassalaga. Árið 1997 var þaklagi breytt til að húsið félli betur inn í umhverfið og samtímis sett á það risþak.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt steinhús, bárujárnsklætt. Hlutföll ágæt og taka mið af aðliggjandi eldri byggð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Spennistöð frá 1970. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Í jaðri safnasvæðis Hússins og fellur ágætlega að þeirri byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ástand gott. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Fellur vel að nærliggjandi byggð m.v. spennistöð frá 1970. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Hannes Þórðarson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Búðarstígur 1, Sunnuhvoll á árunum 1920-1930. Þjms.



Búðarstígur 1, Sunnuhvoll, júní 2017. Norðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Kvistur á suðurhlið. | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Ál | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | Klætt að utan. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Kvistir<br>Viðbygging<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið var reist árið 1913 af Hannesi Þórðarsyni verslunarmanni sem bjó þar ásamt sinni fjölskyldu. Húsið er eitt af fyrstu steinsteypuhúsunum á Eyrarbakka og flokkast sem einfalt steinsteypuhús að gerð. Á kjallaranum á húsinu var áður tvöföld hurð og lá að henni skábraut svo það væri hægt að aka dráttarvél niður í kjallarann.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík. Maí 2015). Óútgefin skýrsla.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 1913.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt steinsteypt hús, klætt að utan. Ytri hlutföll ágæt en húsið er mikið breytt sem rýrir mjög gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af fyrstu steinsteyptu húsunum á Eyrarbakka og hluti af sögulegri byggð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur á mikilvægum stað andspænis kirkjunni og er hluti af umgjörð safnssvæðisins. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mjög mikið breytt, s.s. klæðning, gluggar, þakkantur og skorsteinn. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur menningarsögulegt gildi en mjög mikilvægt er að færa það nær upprunalegri gerð vegna staðsetningar og götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyrarbakkasöfnuður

Upphafleg notkun: Kirkja

Hönnuður: Jóhann Fr. Jónsson

Núverandi notkun: Kirkja



Eyrarbakkakirkja um 1900. Einkasafni MKH.



Eyrarbakkakirkja, júní 2020. Ljósm. Magnús Karel Hannesson.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Turn | Tvílyft<br>Viðbygging<br>Turn |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1900 | Komið bárujárn á suðurhlið kirkjunnar. | |
| 1925 | Miklar lagfæringar og nýjir gluggar. | |
| 1944 | Alsherjar lagfæring | |
| 1962 | Viðbyggingu bætt við til norðurs, skrúðhús. | Bjarni Pálsson, byggingafulltrúi |
| 1977 | Liggjandi borðaklæðning sett, stigi lagfærður og salernisaðstaða. | Björgvin R. Hjálmarsson, byggingartæknifræðingur |

## Saga

Eyrarbakkakirkja er timburklassík frá 1890. Um langa tíð höfðu íbúar Eyrarbakka átt kirkjusókn til Stokkseyrar en á seinni hluta 19. aldar þótti kominn tími til þess að Eyrbekkingar fengju eigin kirkju. Jón Björnsson sóknarprestur var í broddi fylkingar við fjársöfnun og framkvæmdir. Jóhann Fr. Jónsson húsasmiður teiknaði kirkjuna en smiðir voru Páll Jónsson, Sigurður Ólafsson og Halldór Gíslason. Strax fyrir aldamótin 1900 þurfti að skipta um klæðningu á kirkjunni og 1925 var hún mikið lagfærð. Svo var einnig árið 1944 en það var ekki fyrr en um 1977 sem hún tók á sig þá mynd sem hún hafði um langt skeið þegar hún var stækkuð fram til hliðar við kirkjuturn og kirkjan timburklædd. Kirkjan var klædd með bárujárni 2019 og gluggar færðir til upprunalegs horfs. Kirkjan tekur 230-240 manns í sæti og þar er margt merkra kirkjugripa. Altaristaflann er máluð af Louse drottningu Kristjáns 9. konungs og sýnir Krist og samverska konu við Jakobsbrunninn (Jóh. 4, 6-24).

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Magnús Karel Hannesson. Sótt 14.06.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=90.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 31-32.
Páll Lýðsson. „Eyrarbakkakirkja", Kirkjur Íslands. 4. bindi. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2003), bls. 31-32.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Falleg kirkja en lenging fram með turnhliðum dregur úr byggingarlistarlegu gildi hennar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Elsta tvílyfta timburkirkjan á Íslandi. Órjúfanlegur hluti byggðar á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Miðpunktur byggðarinnar og mikilvægt kennileiti. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Kirkjan hefur verið lengd og byggt skrúðhús við norðurhlið kórs.Var timburklædd í upphafi en snemma klædd bárujárni. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Miðpunktur byggðarinnar og elsta tvílyfta timburkirkja á Íslandi. |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þorbjörg Katarínusdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Magnús Ingi Ingvarsson

Núverandi notkun: Íbúð




Götuhús.



Götuhús, júní 2017. Norðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Sólskáli byggður við suðurhlið hússins. | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | | Húsið klætt að utan með bárujárni. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Útitröppur | Útitröppur<br>Einlyft<br>Glerskáli/Sólstofa | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1970 í módernískum stíl. Byggt upp úr eldra húsi sem að stofni til var frá 1893 en endurbætt árið 1912. Eystri hlutinn byggður fyrst og þá stóð gamla húsið þétt vestan við nýbygginguna og var innangengt á milli húsa. Síðar var vesturhlutinn byggður og þá var gamla húsið rifið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt móderistiskt hús. Ytri hlutföll góð en klæðning dregur úr stíleinkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Eitt fárra húsa af þessari gerð. Teiknað hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur ágætilega við Eyrargötu en tilheyrir yngri húsum þar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Klætt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Ágætur byggingarstíll en klæðning dregur úr stíleinkennum. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmunda Nielsen

Upphafleg notkun: Verslun

Hönnuður:

Núverandi notkun: Þjónusta



Mikligarður 1925. SME.



Mikligarður, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Húsið tveggja hæða verksmiðjuhús, byggt við norðurhlið síðar. | |
| 2005 | Húsið endurbyggt. | Guðjón Þórir Sigfússon, verkfræðingur |

## Saga

Mikligarður er steinsteypuklassík að gerð og var upphaflega aðeins kjallari og ein hæð. Frá upphafi voru áform um að byggja ofan á húsið. Guðmunda Nielsen byggði húsið árið 1919 og rak þar verslun. Guðmunda var mikil driffjöður í menningar- og félagslífi á Eyrarbakka á þeim tíma, spilaði á orgel, stjórnaði kirkjukórnum og var virk í kvenfélaginu auk þess að ganga fyrir stofnun Ungmennafélags Eyrarbakka árið 1908. Verslunin í húsinu gekk þó ekki lengi og var húsið notað til netagerðar og geymslu eftir að hún hætti. Netagerðin var á vegum Hampiðjunnar í Reykjavík og hóf störf í Miklagarði 1942. Þar var unnið við að ríða vængi og poka í troll en sjálf samsetningin fór fram í Reykjavík. Þessi starfsemi stóð til 1962 en um 15-16 manns höfðu starfað þar að staðaldri auk þess sem mikið var um heimahnýtingu. Fyrirtækið Pípugerðin var í húsinu á árunum 1945-1957 og framleiddi steypt rör í holræsi. Frá 1957 fór umfangsmikil framleiðsla á einangrunarplasti og einangruðum hitaveiturörum fram í húsinu þegar fyrirtækið Plastiðjan réð þar ríkjum. Það var mikil starfsemi hjá fyrirtækinu og þar störfuðu um 20 manns. Í tíð Plastiðjunnar var tvívegis byggt við húsið til þess að bregðast við auknum umsvifum. Rekstri plastiðjunnar var hætt 1986. Síðar var fyrirtækið Alpan með starfsemi í húsinu. Frá árinu 2005 hefur í húsinu verið veitingastaðurinn Rauða húsið en staðurinn var áður rekinn í Gunnarshúsi sem stendur vestar við Búðarstíg.

Heimildir:

Inga Lára Baldvinsdóttir. Margur í sandinn hér markaði slóð. (Reykjavík: Eyrarbakkahreppur 1998), bls. 74.
Vigfús Guðmundsson. Saga Eyrarbakka, síðara bindi. (Reykjavík: Víkingsútgáfan 1949), bls. 204.
„Saga Rauða hússins“. Rauða húsið. Sótt 12.09.2017 á: http://raudahusid.is/um-rauda-husid/saga-rauda-hussins/
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Reisulegt verslunarhús í steinsteypuklassík með stórum gluggum á framhlið. Breytingar rýra byggingarlistarlegt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggt sem verslunarhús og hefur einnig hýst ýmsa iðnaðarstarfsemi og nú veitingastað. Hluti af upprunalegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er hluti af nærliggjandi umhverfi en sker sig þó úr vegna stærðar og gerðar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er töluvert breytt, hefur verið hækkað, byggt við það og þaki breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand virðist þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Byggingin ber vott um breyttar áherslur í byggingarlist og reist sem stórhuga verslunarhús. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Bjarnason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Stíghús III um 1950-1960. Einkasafn MKH.



Stíghús III, júní 2017.

**Gerð húss:**

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Byggt við húsið að austan uppúr 1961.

Gluggum breytt.

**Hönnuðir breytinga:**

Eiríkur Guðmundsson, smiður

## Saga

Stíghús III er einfalt timburhús að gerð. Ólafur Bjarnason í Stíghúsi eystra byggði sjálfur húsið fyrir sig og sína árið 1911. Hann nefndi nýja húsið eftir gamla húsinu sínu þó það nýja stæði á öðrum stað í þorpinu en hin Stíghúsin. Húsið var stækkað eftir 1961 og var smiður stækkunarinnar Eiríkur Guðmundsson.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 125.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús, töluvert breytt og hlutföll sérkennileg. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur við götu en hefur litla samsvörun við sundurleit nærliggjandi hús. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er mikið breytt s.s. gluggar og stækkun. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Frekar slæmt, þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð en breytingar á því rýra það gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðjón Öfjörð

Upphafleg notkun: Bílskúr

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð




Búðarstígur 5b.



Búðarstígur 5, júlí 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | | |
| Þakgerð: | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft | |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1970 | Húsið stækkað til vesturs. | Jón Oddsson, |
| 2006 | Húsið endurbætt að utan sem innan. | Bjarni Þór Ólafsson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Húsið var upphaflega 70 fermetra bílskúr byggður úr holsteini en ekki er vitað hvaða ár hann var byggður. Árið 1970 var húsið stækkað til vesturs og er viðbyggingin byggð úr stálgrind. Útbúin var íbúð í eldri hlutanum en nýji hlutinn nýttur sem bílskúr. Húsið var í upphafi renniverkstæði hjá Guðjóni Öfjörð rennismið.

Heimildir:

Vef. „Búðarstígur 5b“. Granni.is. Sótt 20.03.2018 á: http://kort2.granni.is/granni/cfm/cfm_open/arb_bfr_skjol1.cfm?MAPNAME=Arborg1
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.
Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Karel Hannesson, munnleg heimild.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt týpuhús, bílskúr/geymsla. Ekkert séstakt byggingarlistalegt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Bílskúr frá 1970 breytt í íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Bakhús frá Búðarstíg. Hefur lítil tengst við umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Bílskúr sem var lengdur 1970. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefur ekkert sérstakt gildl hvorki byggingarlistalega né umhverfislegt. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Einar Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Hraungerði og skóbúð vestan við húsið.
Einkasafn MKH.



Hraungerði, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

1929 Skúrinn járnklæddur og þiljaður með búðarhillum.

1980 Gert við húsið, það timburklætt og skóbúðin rifin.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið var byggt árið 1895 í stíl timburhúsa af dansk-íslenskri yngri gerð. Strax frá upphafi var húsið klætt bárujárni og var það Einar Jónsson efnamaður sem stóð að byggingunni. Á tímabili var skóbúð í viðbyggingu við húsið. Við endurbætur á húsinu um 1980 var það klætt timbri í stað bárujárns.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 43.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 135.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Fallegt og einfalt timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð Eyrarbakka frá því um og uppúr 1900 |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt hús í bæði götumynd og sem hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Vandlega uppgert. Skraut sennilega frá síðari tíma. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt sem hluti af heild og sögulegri byggð Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyrarbakkahreppur

Upphafleg notkun: Verbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íþróttahús



Staður sem byggður var árið 1963. Einkasafn MKH.



Staður, júní 2017. Norðurhlið.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning slétt |
| Þakgerð: | | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Útitröppur | Einlyft<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

1994 Stækkað all verulega og fært í það horf sem húsið er í dag.

**Hönnuðir breytinga:**

Páll Zophoníasson, arkitekt

## Saga

Upprunalega húsið Staður var byggt á lóðinni árið 1920. Það var flutt á Selfoss árið 1934 en eftir stóð kjallari hússins. Árið 1963 er byggt hús yfir gamla grunninn sem er nýtt sem verbúð fyrstu árin en eftir að húsið Fjölnir var aflagt sem félagsheimili var farið að nýta Stað sem félagsheimili. Það var áramótin 1972-1973. Árið 1993 var hafist handa við að byggja nánast nýtt félagsheimili við Stað en lítið sést af upprunalegu verbúðinni. Enn stendur gamli kjallarinn frá 1920 undir húsinu. Félagsheimilið Staður eins og það stendur í dag er 750 fermetrar að stærð og inniheldur íþróttasal, lítin fundarsal og sal sem Kvenfélag Eyrarbakka fékk fyrir sinn þátt í byggingu hússins.

Heimildir:

Guðmundur Kristinsson. Saga Selfoss II. Frá 1930-1960. (Selfoss: Selfosskaupstaður 1991), bls. 157 og 221.
Inga Lára Baldvinsdóttir. Margur í sandinn hér markaði slóð. (Reykjavík: Eyrarbakkahreppur 1998), bls. 54.
Siggeir Ingólfsson. Munnleg heimild. 20.03.2018.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt hlutföll og þokkaleg byggingarlist. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Félagsheimili og íþróttahús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Fellur illa að hinni sögulegur byggð í næsta nágrenni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Óbreytt frá 1994. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ágætt hús en fellur ekki vel að umhverfinu. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sverrir Bjarnfinnsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Vilhjálmur Hjálmarsson

Núverandi notkun: Íbúð



Búðarstígur 8.



Búðarstígur 8, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1967 í móderniskum stíl. Það stendur á lóð Gróubæjar og Tindarstóls sem brunnu árið 1966.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt eintak einfaldra húsa undir áhrifum af módernismanum |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1967. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur enga samsvörun né tengsl við nærliggjandi byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Mjög líklega óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ágætt hús en tengist illa gömlu byggðinni. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Kristján Jóhannesson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Samúel Jónsson

Núverandi notkun: Íbúð



Kristjánshús, Búðarstígur 10a 1920-1930.
Einkasafn MKH.



Kristjánshús, Búðarstígur 10a, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Bogaþak | Bogaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Viðbygging | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1950 | Gerðar endurbætur á húsinu. | |
| 1981 | Viðbygging norðan megin við húsið rifin eftir 1981. | |
| 1983 | Frá 1983-1988 var húsið lagað og gluggaskipan færð til upprunalegs | |

## Saga

Búðarstígur 10a telst til timburklassíkur. Húsið var byggt árið 1898 fyrir Kristján Jóhannesson verslunarþjón og var smiður Samúel Jónsson eins og glögglega má sjá af þakgerðinni. Sama fjölskylda átti húsið til 1981. Húsið er eitt af fáum húsum sem standa eftir Samúel Jónsson. Samkvæmt virðingagjörð á húsinu nýbyggðu var skúr við norðurhlið hússins. Hann stóð allt fram á níunda áratug 20. aldar.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 25.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða: Bolungarvík, maí 2015) óútgefin skýrsla.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Timburklassík. Fallegt einfalt hús. Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt fárra húsa eftir Samúel Jónsson sem enn standa. Samúelsþak. Hluti af sögulegri byggð. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Búðarstígs og sem hluti af heild. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið gert upp í upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægt sem hluti af heild og vegna byggingarstíls (þakgerðar) og götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðni Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Búðarstígur 10b lengst til vinstri. Einkasafn MKH.



Búðarstígur 10b, ágúst 2020. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Bogaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Kjallari<br>Viðbygging |

**Helstu breytingar:**

1921 Húsið breikkað, lengt og sett á það ris.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Búðarstígur telst til timburklassíkur. Guðni Jónsson frá Skeiðháholti lét byggja húsið árið 1898. Á gömlum ljósmyndum sést að húsið var áþekkt Búðarstíg 10a, með bogadregnu þaki og því má því leiða að því líkur að smiður hússins hafi verið Samúel Jónsson.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 25.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Húsið er mikið breytt sem rýrir mjög gildi þess. Var upphaflega timburklassík og eins og Búðarstígur 10a. Ytra form og hlutföll falla þó vel að byggðamynstri. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mjög mikilvægt í götumynd Búðarstígs og sem hluti af upprunalegri byggð á Eyrarbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mjög mikið breytt frá upprunalegri gerð s.s. gluggar, viðbygging, þak og stærð. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í mjög slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna menningarsögu, sem hluti af götumynd og eldri byggð. Miklilvægt að húsið verði gert upp í upprunalegri mynd. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1915** | Búðarstígur 12 | Gunnarshús

Fyrsti eigandi: Gunnar Jónsson | Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: | Núverandi notkun: Íbúð



Gunnarshús, Búðarstígur 12 um 1930. Einkasafn MKH.



Gunnarshús, Búðarstígur 12. júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Reykháfur<br>Ris<br>Portbyggt | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur |

**Helstu breytingar:**

| | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1996 | Breytingar á útitröppum, snyrtingu bætt við undir palli. | Ólöf Flygenring, arkitekt |

## Saga

Gunnarshús er timburhús í sveitserstíl. Húsið var byggt árið 1915 af Gunnari Jónssyni sem húsið er kennt við. Húsið var byggt uppúr gamla barnaskólahúsinu sem stóð ofar í lóðinni. Barnaskólahúsinu gamla var rennt á sliskjum upp á steyptan kjallarann á Gunnarshúsi, sett á það port og hærra ris. Í kjallara hússins höfðu Gunnar og synir hans trésmíðaverkstæði en einnig var rekin greiðasala og gisting í húsinu. Húsið var þess vegna oft kallað Gistihúsið. Í húsinu var einnig oft leigð út aðstaða til að framkvæma ýmsar læknisaðgerðir og oft lágu sjúklingar í húsinu eftir aðgerðir og í veikindum sínum. Um árabil var þar rekin veitingaþjónusta, fyrst í kjallara hússins af Bergljótu Ragnars og Jóhönnu Leopoldsdóttir en frá 1995 til 1999 af Þóri Erlingssyni undir heitinu Kaffi Lefolii.Árið 2001 hóf Ingi Þór Jónsson rekstur á veitingastaðnum Rauða húsinu í Gunnarshúsi en flutti reksturinn ásamt meðeiganda sínum Pétri Andréssyni í húsið Miklagarð árið 2005.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 36.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 123.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt og reisulegt sveitserhús, eitt fárra á Eyrarbakka. Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. Húsið var byggt upp úr gamla barnaskólanum. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af götumynd og heild húsa á þessu svæði. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er mjög upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Gott, nýlega skipt um þak, glugga og tréverk. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mikilvægt hús vegna byggingarlistar, götumyndar og sem hluti af sögulegri byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Hjörtþór Illugason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Hof 1910. B.Árn.



Hof, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | Margt breyst, kvistur á suðurhlið, stækkanir, klæðning og gluggar. | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1932 | Gluggum fækkað milli virðinga. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | 1934 | Húsið stækkað til austurs á árunum 1930-1934. | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Kvistir<br>Kjallari<br>Viðbygging | | | |

## Saga

Hof var byggt árið 1888 og var fyrsti eigandi þess Hjörtþór Illugason verslunarmaður. Hús Hjörtþórs var mun minna en húsið er í dag enda hefur húsið verið stækkað oft. Jón Pálsson bankagjaldkeri keypti húsið árið 1896 þegar Hjörtþór dó og bjó þar um hríð.

Heimilidir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 38.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 118.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús af dansk-íslenskri eldri gerð. Hlutföllum raskað með breytingum og viðbygging framandi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Töluvert mikið breytt en breytingar taka tillit til upprunalegrar gerðar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýlega endurgert. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð og heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1914** Búðarstígur 14b Nýhöfn

Fyrsti eigandi: Jón Ásbjörnsson

Upphafleg notkun:

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Nýhöfn fyrir miðju á mynd. SME.



Nýhöfn, júní 2017. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Svalir byggðar ofan á inngangsskúr. | Helgi Guðmundsson, |
| 2008 | Þak hækkað, 3 kvistir settir, gluggar og klæðning fært nær uppruna. | Jón Friðrik Matthíasson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Húsið var byggt árið 1914 fyrir Jón Ásbjörnsson og fjölskyldu hans. Smiður hússins var líklega Gunnar Jónsson í Gunnarshúsi og synir hans.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 122.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús. Breytingar virðast taka mið af sveitserstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild Einarshafnartorfunnar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Mikið breytt en breytingar taka ekki næganlega tillit til upprunalegrar gerðar. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast töluverðs viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Sem hluti af heild húsa í sögulegri byggð Einarshafnartorfunnar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurmundur Guðjónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Búðarstígur 16 fyrir miðju. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Búðarstígur 16, júní 2017. Vesturhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1990 | Þök rifin af gömlu húsunum, sett ris á austurhluta og húsið klætt. | Erlingur Ingvason, tæknifræðingur |

## Saga

Húsið er byggt árið 1952 undir áhrifum módernisma.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Húsið er gjörbreytt og breytingarnar eru í anda póstmódernisma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Ekkert sérstakt menningarsögulegt gildi. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Fellur illa að götumynd, yfirþyrmandi hús. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Gjörbreytt, s.s. þak viðbyggingar, klæðning, gluggar o.fl. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist frekar slæmt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Afleitt hús byggingarlistarlega og frekt í götumyndinni. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Veiðarfærageymsla.



Búðarstígur 19a, júní 2017.



Búðarstígur 19a, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Bogaþak | Bogaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Reykháfur |

**Helstu breytingar:**

2020 Bragginn klæddur.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Braggi byggður árið 1947. Bragginn var fluttur frá Reykjavíkurflugvelli. Hér var Bifreiðaverkstæði Eyrarbakka. Bragginn var notaður sem verkstæði fyrir bíla og voru gryfjur í gólfi braggans. Guðjón Öfjörð var verkstjóri á verkstæðinu þegar Kaupfélag Árnesinga eignast braggan og tók yfir rekstur verkstæðisins.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Mjög sérstök og áhugaverð bygging. Ósamhverfur braggi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Tengist sögu Bifreiðaverkstæðis Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hefur litla samsvörun eða tengingu við umhverfi sitt eins og það er núna. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur mikið verið breytt nýlega og hefði mátt taka betur tillit til sérkenna hans við endurgerð og breytingar. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýlega endurgerður. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Áhugaverð bygging en breytingar rýra gildi hans. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 2004** Búðarstígur 19c Búðarstígur 19c

Fyrsti eigandi: Halldór Forni Gunnlaugsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Guðmundur Óskarsson

Núverandi notkun: Íbúð



Búðarstígur 19c.



Búðarstígur 19c. Júní 2017.

## Gerð húss:

| Byggingarefni: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Útveggir: | | | | |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Turn | | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 2004 og er enn ófullgert.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Mjög sérstakt hús byggt í barokkstíl - timburbarokk. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Nýlegt hús án sögulegra tengsla. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur engin tengsl við umhverfi og staðsetning sérkennileg. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nýlegt hús og er enn í byggingu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Er enn í byggingu. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Sérkennilegt nýlegt hús í barokkstíl. Ófullgert. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Stefán S. Stefánsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Bjarni Pálsson

Núverandi notkun: Íbúð




Búðarstígur 20.



Búðarstígur 20, júní 2017. Suðausturhliðar.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Útskot (karnap) |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 2001 Inngangsskúr byggður við húsið. | Guðjón Þórir Sigfússon, verkfræðingur |

## Saga

Húsið er byggt árið 1982 og er af móderníski gerð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Ekki góð byggingarlist - týpuhús og mikið breytt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Ekkert sérstakt gildi. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Fellur illa að götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Mikið breytt, klæðning og viðbygging. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist í slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Fyrsta húsið vestan megin við Búðarstíg. Skapar óaðlaðandi aðkomu inn í bæinn þeim megin. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Torfi Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Norðurbær 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Norðurbær, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Útskot (karnap)<br>Kjallari<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

2002 Lagfært að utan sem innan og byggt nýtt bíslag og útitröppur.

**Hönnuðir breytinga:**

Sigurbergur Árnason, arkitekt

## Saga

Torfabæ byggði Torfi Sigurðsson verslunarþjónn árið 1908. Hann bjó áður í torfbæ sem stóð á sama stað og nýja húsið. Húsið hefur verið sumarbústaður í nokkra áratugi.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 30.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 122.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt lítið alþýðuhús, þurrabúð. Endurgerð og útfærsla á bíslagi rýrir gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af sögulegri heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur í bakgrunni og tengist ekki götu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið endurgert en ekki alveg í samræmi við upprunalega gerð. Gluggar breyttir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af Einarhafnarhverfinu og sögulegri byggð Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Steinsson (23.09.1867-05.02.1946) Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð



Steinsbær I. Ljósmyndari Lilja Árnadóttir.



Steinsbær I, júní 2017. Austurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Timburspónn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Einlyft<br>Ris | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1918 af Guðmundi Steinssyni. Hann bjó þar með fjölskyldu sinni til ársins 1950. Húsið hefur verið sumarhús lengst af síðan en búið hefur verið í því síðustu ár.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 116.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús, þurrabúð í burstabæjarstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið tilheyrir sögulegri byggð á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild Einarshafnartorfunnar. Stendur nánast utan í Steinsbæ II. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ytri hlutföll sennilega óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð Einarshafnartorfunnar. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Steinsbær II, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Kjallari | Ris<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1918 | Búið að bæta við inngangsskúr úr steinsteypu við austurgafl. | |
| 1932 | Húsið stækkað til vesturs. Stærð 1932: 9,7x 5,3m h. 5,2m. | |
| 2007 | Viðgerð að innan sem utan, settur kvistur, ný klæðning og þakgluggar. | Lárus B. Guðmarsson, arkitekt |
| 2018 | Byggður bílskúr vestan megin við húsið. | Ómar Þröstur Björgólfsson, |

## Saga

Húsið er byggt 1918 og er fyrsti íbúi þess Sigurður Jónsson. Húsið hefur tekið töluverðum breytingum í gegnum tíðina.
Heimildir:
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 116.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steinsteypt hús í sveitserstíl. Ytri hlutföll húss góð en yfirþyrmandi kvistur og svalir. Nýlegur bílskúr er alltof stór og úr takti við hlutföll í húsinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Íbúðarhúsið er mikilvægur hluti af Einarshafnartorfunni. Stærð og staðsetning nýlegs bílskúrs fellur illa að heildstæðu byggðamynstri Einarshafnartorfunnar. |
| Upprunalegt gildi: | | Steinsteypt hús klætt með bárujárni og gluggaumgjörð og annar frágangur í samræmi við timburhús. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Íbúðarhúsið er mikilvægur hluti af sögulegri byggð Einarshafnartorfunnar. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Björn Jónsson

Upphafleg notkun:

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Prestshús um miðja 20. öld. SME.



Prestshús, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur |

**Helstu breytingar:**

Gluggum oft verið breytt en eru komnir í upprunalegt horf.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið er byggt árið 1906 uppúr viðum hins gamla Prestshúss sem stóð á svipuðum stað og var byggt árið 1859. Þess vegna er húsið oft kallað Prestshús þó svo að prestur hafi ekki búið í þessu tiltekna húsi. Húsið smíðaði Magnús Magnússon í Nýjabæ og Ólafur Bjarnason í Stíghúsi aðstoðaði við smíðina. Frá upphafi voru tvær íbúðir í húsinu og var svo lengi fram eftir 20. öldinni. Húsið var augnstungið fyrir 1947 en gluggar hafa nú verið færðir til upprunalegra horfs.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 28.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 120.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt timburhús, yngri gerð. Góð hlutföll þar sem form, gluggasetning og efni spila fallega saman. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heildstæðri byggð Einarshafnarhúsanna. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið endurgert í samræmi við upprunalega gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand þokkalegt, þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af sögulegri byggð og heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðni Jónsson og Jón Vilhjálmsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Líklega Samúel Jónsson

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Einarshöfn í upphafi 20. aldar. Þjms.



Einarshöfn, júní 2017. Suðurhlið

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Flatt þak | Bogaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

1997 Klæðning endurnýjuð og gluggar færðir til upprunalegs horfs 1997

**Hönnuðir breytinga:**

Jon Nordsteien, arkitekt

## Saga

Einarshöfn III er byggt sem parhús og er tvískipt. Húsið er virt til húsaskatts árið 1899 og kemur þar fram að eigendur séu þeir Jón Vilhjálmsson skósmiður og Guðni Jónsson. Húsið er 15 al. langt og 8 1/2 al. breytt, tvílyft með bogaþaki járnklæddu. Þá eru suðurveggur og austurgafl járnklæddir sem og vesturgafl hússins niður að miðju. Annað er klætt með þakpappa. Við norðurvegg er geymsluskúr. Inni er húsinu skipt í tvo parta með þverskilrúmi og gangi. Skósmíðaverkstæði Jóns er í vesturenda og eldhús. Þar uppi á lofti eru þrjú herbergi. Í austurenda, þ.e. hluta Guðna eru tvö herbergi niðri, stofa og eldhús. Uppi á lofti eru þrjú herbergi. Undir húsinu eru kjallarar og er grunnurinn steinlímdur.
Húsið er byggt á starfsárum Samúels Jónssonar á Eyrarbakka. Útlit og form hússins benda til þess að Samúel hafi verið smiður þess sbr. húsin að Búðarstíg 10A og 10B en Samúel smíðaði þau hús. Á gömlum ljósmyndum má sjá að gluggi hefur verið málaður á bárujárnið fyrir ofan útidyrnar að sunnanverðu til að jafna hlutföll í húsinu sbr. ljósmynd frá Þjóðminjasafni hér að ofan. Sigurjón Ólafsson myndhöggvari ólst upp í vestari hluta hússins.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Lilja Árnadóttir og Lára Baldvinsdóttir. Sótt 24.09.2020. https://eyrarbakki.is/husin-a-bakkanum/einarshofn-iii/
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 29.
Þjóðskjalasafn Íslands. Skjalasafn endurskoðunarinnar. Virðingagjörðir og skýrlsur frá 1896, 1898, 1899 og 1900.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 119-120.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Timburklassík. Fallegt hús í góðum hlutföllum þar sem form, gluggasetning og efni spila fallega saman. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð Einarshafnarhverfis. Eitt fárra húsa með bogaþaki (Samúelsþak). |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heildstæðri byggð Einarshafnartorfunnar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist mjög upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af sögulegri byggð og heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1913** Einarshöfn IV Jakobsbær

Fyrsti eigandi: Jakob Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Jakobsbær um miðja 20. öld. SME.



Jakobsbær, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1913 af Jakobi Jónssyni formanni og bónda og telst vera steinsteypusveitser. Yfirsmiður hússins var Kornelíus Stark Sigmundsson en honum til aðstoðar störfuðu Magnús Magnússon í Nýjabæ og Ólafur Bjarnason í Stíghúsi við bygginguna. Húsið er eitt af fyrstu steinsteyptu húsunum á Eyrarbakka. Jakob Jónsson og Ragnheiður kona hans voru með töluverðann búskap í Einarshöfn og heyjuðu meðal annars Kaldaðarneseyjar til þess að eiga ofan í bústofninn.

Heimildir:

Vef. „Einarshöfn III“. Kortasjá, Sótt 13.09.2017 á: http://kortasja.myndasetur.is/
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 30.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 121.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegur einfaldur steinsteypusveitser í góðum hlutföllum með reglulegri gluggasetningu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð Einarshafnarhverfis. Eitt fárra steinhúsa frá þessum tíma. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heildstærðri byggð Einarshafnartorfunnar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist vera mjög upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Hefur verið endurnýjað á vandaðan hátt. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hluti af sögulegri byggð og heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Bjarni Bjarnason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun:



Dísubær 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Dísubær, mars 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1900 af Bjarna Bjarnasyni sem bjó þar ásamt fjölskyldu sinni.
Heimildir:
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 31.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 121.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt lítið alþýðuhús í flokki timburhúsa af dansk-íslenskri yngri gerð. Hlutföll góð en gluggar breyttir. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af sögulegri heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið tengist ekki götu en er mikilvægur hluti af heild húsa Einarshafnarhverfis. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggar breyttir en virðist að öðru leyti nokkurn vegin upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægur hluti af sögulegri byggð og heild húsa á Einarshafnartorfunni. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyrarbakkahreppur

Upphafleg notkun:

Hönnuður: Magnús Ingi Ingvarsson

Núverandi notkun: Íbúð




Eyrargata 1a og 1b.



Eyrargata 1a og 1b, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Parhús úr steypueiningum byggt 1979. Klætt að utan með steni á síðari árum. Húsið var upphaflega byggt sem tveggja íbúða kennarabústaður.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einingahús. Var töluvert byggt af þessari gerð á 7. áratugnum út um land. Búið að klæða með steni klæðningu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1979. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Er í hópi 4 mismunandi húsa frá svipuðum tíma. Lítið umhverfisgildi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Búið að klæða að utan sem rýrir mjög gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hafa ekkert sérstakt gildi og ættu Eyrargata 1, 3, 5 og 7 að vera utan afmörkunar verndarsvæðis. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ársæll Þórðarson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Jakobsson

Núverandi notkun: Íbúð



Eyrargata 3a og 3b.



Eyrargata 3a og 3b, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Hefðbundið steinsteypt parhús byggt 1977. Ekki fullbyggt fyrr en 1982-1983.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hefðbundið einbýlishús, týpuhús frá 8.áratug. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1977. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Er í hópi 4 mismunandi húsa frá svipuðum tíma. Lítið umhverfisgildi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Virðist nokkuð upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í nokkuð góðu standi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hafa ekkert sérstakt gildi og ættu Eyrargata 1, 3, 5 og 7 að vera utan afmörkunar verndarsvæðis. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þórarinn Einarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Stígprýði 1962.



Stígprýði, júní 2017. Suð-austur hliðar.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Ris<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Útitröppur | | |

## Saga

Stígprýði er einfalt bárujárnshús, timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð. Skömmu fyrir 1984 var húsið augnstungið og klætt með álklæðningu en það hefur verið fært aftur í upprunalega mynd. Þórarinn Einarsson á Grund reisti húsið árið 1915. Einar Jónsson smiður, faðir Þórarins, hefur eflaust komið að smíðinni. Það sama má segja um Magnús Magnússon í Nýjabæ, tengdafaðir Þórarins. Kona Þórarins var Oddný Magnúsdóttir og hún bjó áfram í húsinu með börnunum þeirra eftir að Þórarinn deyr árið 1930.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 59.
Vef. Mbl.is „Lilja Þórarinsdóttir“. Sótt 13.07.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/817806/
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 178.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Fallegt bárujárnshús af einfaldri gerð. Hlutföll góð en bíslag og svalir yfirþyrmandi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð frá því um og eftir 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Fyrsta húsið sem tilheyrir sögulegri byggð í götumynd Eyrargötu austan megin. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Endurgerð lokið en bíslag og svalir hefðu mátt taka meira mið af upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er nýlega endurgert. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Sem fyrsta hús við götu (austanmegin) og mikilvægur hluti götumyndar Eyrargötu og eldri byggðar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1967** 

Fyrsti eigandi: Ársæll Þórðarson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Haraldur V. Haraldsson

Núverandi notkun: Íbúð




Eyrargata 5.



Eyrargata 5, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft |

**Helstu breytingar:**

1980 Bílskúr byggður við húsið.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið er byggt árið 1967 og er hefðbundið týpuhús. Bílskúrinn er byggður árið 1980.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hefðbundið einbýlishús týpuhús frá 7. áratugnum. Klæðning rýrir gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1967. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Er í hópi 4 mismunandi húsa frá svipuðum tíma. Lítið umhverfisgildi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt með steniklæðingu sem rýrir gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hafa ekkert sérstakt gildi og ættu Eyrargata 1, 3, 5 og 7 að vera utan afmörkunar verndarsvæðis. Þessi hús eru byggð á 7. áratug síðustu aldar, í svipuðum stíl. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Magnús Magnússon

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Magnús Magnússon

Núverandi notkun: Íbúð



Nýibær. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.



Nýibær, júní 2017. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Brotaþak (mansard) | Brotaþak (mansard) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Viðbygging<br>Einlyft<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Ris<br>Kvistir |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 2003 Hús fært til upprunalegs horfs. | Grétar Markússon, arkitekt |

## Saga

Nýibær er bárujárnsklætt timburhús með mansardþaki, svokallaður alþýðumansard. Húsið byggði Magnús Magnússon smiður og þurrabúðarmaður á lóð sem hann leigði úr landi Stóru-Háeyrar árið 1898. Hann bjó í húsinu ásamt konu sinni Steinunni Sveinsdóttur til dauðadags. Viðbyggingar eru við húsið bæði að austan og vestan. Þessar viðbyggingar virðast hafa komið mjög fljótlega eftir byggingu hússins en viðbygging til norðurs er nýrri og tengist endurbótum 2003. Framan við húsið er vatnsbrunnur sem er nothæfur en hann var hlaðinn upp og lagfærður uppúr síðustu aldamótum.

Húsið var gert upp árið 2003 af Guðmundi Hannessyni og Eyjólfi Pálssyni með aðstoð Jóns Karls Ragnarssonar smiðs. Þegar þeir keyptu húsið árið 1997 var húsið klætt bárujárni en forskalað að hluta yfir járnið þannig að viðurinn var mjög fúinn undir forskalningunni. Það varð þess vegna að rífa allt utan af húsinu og skipt um grind í því öllu. Við lagfæringuna var húsinu komið í upprunalegt horf bæði að innan og utan.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 50.
Vef. Mbl.is. „Gamalt hús á Eyrarbakka gert upp“. Sótt 13.07.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/728599/
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 178.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Mansardhús. Fallegt einfalt alþýðuhús. Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð frá um 1900 og vegna fágætis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mikilvægum húsum í götumynd Eyrargötu. Nágrannahúsið vestan megin skemmir ásýnd þess. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Vönduð endurgerð þar sem upprunalegri gerð hússins hefur verið haldið í öllum smáatriðum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna byggingarlistar, fágætis og upprunaleika. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Skúli Steinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Guðmundsson

Núverandi notkun: Íbúð



Eyrargata 7, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Timbur | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1966 og er hefðbundið einbýlishús frá 7. áratugnum með móderniskum einkennum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hefðbundið einbýlishús frá 7. áratug undir áhrifum módernisma. Klæðning rýrir byggingalistarlegt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1966. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Er í hópi 4 mismunandi húsa frá svipuðum tíma. Lítið umhverfisgildi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt að utan með timburklæðingu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hafa ekkert sérstakt gildi og ættu Eyrargata 1, 3, 5 og 7 að vera utan afmörkunar verndarsvæðis. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þórarinn Bjarnason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Nýibær II, fyrir miðju, tvær burstir. Sjóminjasafn Eyrarbakka.



Nýibær II, júní 2017. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | 1995 Húsið stækkað. | Guðmundur Karl Guðjónsson, byggingatæknifræðingur |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið er funkis hús með valmaþaki, byggt árið 1940. Nýibær er byggður upp úr járnvörðum tveggja bursta bæ sem var byggður árið 1900 af Þórarni Bjarnasyni. Burstirnar voru sameinaðar undir eitt þak árið 1940. Ekkert er eftir sem minnir á burstabæinn. Eigandi Nýjabæjar þegar breytingarnar eiga sér stað er líklega Sveinn Árnason.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt funkishús. Útlit slæmt og skraut óviðeigandi fyrir þessa húsgerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús án sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Truflar ásýnd aðliggjandi sögulegra húsa og stendur óþægilega nærri þeim. Fer illa í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Alls konar skrauti hlaði á húsið sem truflar útlit þess. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist í slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Vegna útlits, ástands og umhverfis. Húsið er mjög óheppilega staðsett nánast utan í Eyrargötu 8. Hefur verið svo frá upphafi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Þorsteinsson

Upphafleg notkun: Þjónusta / Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Nýibær III uppúr 1930. HérÁrn.



Nýibær III, júní 2017. Suð-austurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari<br>Viðbygging | Reykháfur<br>Ris<br>Einlyft<br>Kvistir<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1927 | Búið að útbúa sölubúð í öðru herberginu á neðri hæð. | |
| 1928 | Skúr járnklæddur og þiljaður með búðarhillum. | |
| 1955 | Komin viðbygging úr holsteini norðan við húsið, gólf og stigar steypt. | |
| 2010 | Hús fært til upprunalegs horfs. | Eiríkur Vignir Pálsson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Nýibær telst vera einfalt bárujárnshús af dansk-íslenskri yngri gerð. Munnlegar heimildir herma að félag hafi verið stofnað til að reisa þetta hús fyrir prentsmiðju. Árið 1910 flutti svo prentsmiðja Hafnarfjarðar austur að Eyrarbakka og hóf starfsemi í Nýjabæ vestasta eins og húsið var kallað. Prentsmiðjan var síðar flutt í húsið Skjaldbreið um tíma en prentsmiðjan var svo flutt suður árið 1919. Sigurður Þorsteinsson og Ingibjörg konan hans voru fyrstu ábúendur Nýabæjar vestasta en þau fluttu á Eyrarbakka 1905 og inn í húsið Nýjabæ þegar það hafði verið reist. Árið 1910 fluttu þau til Reykjavíkur og bjuggu þar síðan. Sigurður stundaði alla almenna vinnu en lengst af var hann þó á sjó frá Þorlákshöfn og síðar Eyrarbakka. Hann var formaður verkamannafélagsins Bárunnar á Eyrarbakka og stóð sig með prýði við að leysa úr þeim deilum sem upp komu í hans formannstíð. Bergsteinn Sveinsson rak í húsinu vefnaðarvöruverslun á árunum 1915-1917 og Ögmundur Þorkelsson frá Króki í Hraungerðishreppi rak þar einnig verslun um hríð auk þess sem þar var starfrækt pöntunarfélag á tímabili.

Heimildir:

„Áttræður í dag: Sigurður Þorsteinsson frá Flóagafli“. Alþýðublaðið, 10. september 1947. Bls. 2.
„Bergsveinn Sveinsson“. Íslendingaþættir Tímans, Minningargrein, 5. maí 1979. Bls. 13.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 50.
Sigurður Þorsteinsson. Gamalt og nýtt: Minningarþættir, sögubrot og bersögli. (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja 1948).
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 176.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt einfalt bárujárnshús, dönsk- íslensk yngri gerð. Góð hlutföll, efnismeðferð og deililausnir. Sveitseráhrif. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið endurgert á vandaðan hátt í upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna byggingarlistar, upprunaleika, sögu og götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Helgi Helgason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Eiríkur Gíslason

Núverandi notkun: Íbúð



Túnberg á árunum 1917-1925. Þjms.



Túnberg, júní 2017. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Viðbygging<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Útitröppur<br>Svalir |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1920 | Búið að innrétta eitt herbergi á loftinu þar sem áður var óþiljuð geymsla. | |
| 1932 | Búið að bæta við nýrri viðbyggingu: Skúr við austurgafl. | |
| 1986 | Viðbygging við lager. | Erlingur Ingvason, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Ólafur Helgi Helgason verslunarmaður lét byggja húsið árið 1914 og fékk til verksins smiðinn Eirík Gíslason sem líklegt verður að teljast að hafi einnig gert uppdráttinn af húsinu. Húsið er bárujárnsklætt timburhús, ein hæð og ris á steinsteyptum kjallara. Fljótlega hefur verið byggð viðbygging með forstofu vestan við húsið og gerðar svalir ofan á henni. Austan við húsið er önnur viðbygging þar sem alla tíð hefur verið verslun. Þar er mikið eftir af upprunalegum verslunarinnréttingum en búðarborðið sjálft hefur verið fjarlægt. Skipt hefur verið um glugga í öllu húsinu en húsið sjálft hefur haldið formi sínu vel í gegnum tíðina.
Ólafur Helgi flutti á Eyrarbakka árið 1912 og réðist þar til starfa hjá kaupfélaginu Ingólfi. Yfirmaður Ólafs hjá kaupfélaginu var Jóhann V. Daníelsson sem síðan varð tengdafaðir Ólafs en Ólafur giftist Lovísu Jóhannsdóttur árið 1914. Ólafur stofnaði eigin verslun í húsinu árið 1920 og rak hana eins lengi og heilsa leyfði. Hann lagði þó framanaf stund á önnur störf með kaupmennskunni en t.d. var hann bílstjóri frá 1919-1932 þar sem hann ók farþegum, m.a. lækni og sýslumanni til erinda út um allt héraðið. Búð Ólafs var einfaldlega kölluð Ólabúð og seldi ýmsan varning. Ólafur tók virkan þátt í stjórnmálum og sat í hreppsnefnd frá 1934-1954 og var hreppstjóri Eyrarbakkahrepps í á annan áratug. Lovísa var húsfreyja í Túnbergi alla tíð og hægt var að ganga að því vísu að bornar yrðu fram höfðinglegar veitingar ef gest bar að garði.

Heimildir:

„75 ára í dag: Ólafur Helgason,Eyrarbakka“. Alþýðublaðið, 21.07.1963. Bls. 4.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 62.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 176.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Fallegt einfalt bárujárnshús, dönsk-íslensk yngri gerð með sveitseráhrifum. Viðbygging er frá 1932. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. Viðbygging er frá 1932 en í henni var rekin verslun. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumyndinni sem hluti af röð eldri húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Vandlega endurgert en hlutföll í gluggapóstum ekki rétt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Sem hluti af götumynd og sögu verslunar í húsinu. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1902** Eyrargata 10b Blómsturvellir

Fyrsti eigandi: Jóhann Pétur Hannesson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Blómsturvellir fyrir miðju. Einkasafn MKH.



Blómsturvellir, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

2001 Skúrar rifnir og ný viðbygging byggð í staðin.

**Hönnuðir breytinga:**

Nikulás Úlfar Másson, arkitekt

## Saga

Blómsturvellir er alþýðuhús eða þurrabúðarhús. Jóhann Pétur Hannesson þurrabúðarmaður reisti húsið á lóð sem hann fékk út úr Stóru-Háeyrarlandi árið 1902. Þar bjó hann ásamt konu sinni Elínu Vigfúsdóttur og eignaðist sín börn. Jóhann fórst í sjóslysi í innsiglingunni á Eyrarbakka 1920 en Elín bjó áfram í húsinu til 1926 þegar hún flutti með fjölskylduna til Vestmannaeyja.

Heimildir:


Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 21.
Vef. Mbl.is. „Sigríður Guðmunda Pétursdóttir“. Sótt 14.07.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/536479/
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 174.


## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt einfalt alþýðuhús, þurrabúð. Sterkir litir hæfa illa aldri hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Einföld alþýðuhús eru eitt af sérkennum eldri byggðar á Eyrarbakka. Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumyndinni sem hluti af röð eldri húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Nokkuð upprunalegt að hluta og sennilega eitthvað breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Sem hluti af götumynd og vegna aldurs. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1955** Eyrargata 11 Grund

Fyrsti eigandi: Fritz Lemaire

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Grund, Eyrargata 11. Einkasafn MKH.



Grund, júní 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Stálplötur | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið Grund er byggt árið 1955 í funkis stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hlaðið einfalt hús með funkisáhrifum sem hefur verið klætt að utan. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1955. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Stendur eitt og sér án nokkurrar tengingar við umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hlaðið hús sem hefur verið klætt að utan með trapisustál klæðningu. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Þarfnast verulega viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Tilþrifalítið eintak og án nokkurrar sérstöðu. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Magnús Þórarinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Bjarni Pálsson

Núverandi notkun: Íbúð



Sæberg, júní 2017. Suðvesturásýnd.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | | Plast | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Ris | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Sæberg er einfalt steinhlaðið hús og er byggt árið 1959 samkvæmt upplýsingum úr fyrstu brunavirðingu en í minningargrein um fyrsta eiganda hússins kemur þó fram að húsið sé byggt árið 1957 svo ártölum ber ekki alveg saman. Fyrstu eigenduri hússins voru Magnús Þórarinsson og Sigurbjörg Guðmundsdóttir.

Heimilidr:
Vef. Mbl.is. „Sigurbjörg Guðmundsdóttir“. Sótt 13.03.2018, https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1160449/
Þjóðskjalasafn Íslands. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/5, Eyrarbakkaumboð 1953-1959. Nr. 46.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt hús í ágætum hlutföllum. Klæðning rýrir gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús án menningarsögulegrar sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur engin tengsl við nærliggjandi byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt að utan og byggt við. Gluggum sennilega eitthvað breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefur litla sérstöðu. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þorbjörn Hjartarson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Akbraut 1931. Einkasafn MKH.



Akbraut, júní 2017. Suðausturásýnd.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Viðbygging<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1931 | Nýr og stærri skúr byggður í stað þess gamla. | |
| 2000 | Nýtt útihús byggt á lóðinni með gestaherbergi og baði. | Jon Nordesteien, arkitekt |

## Saga

Húsið Akbraut telst til timburhúsa af dansk-íslenskri yngri gerð, einfalt bárujárnshús. Þorbjörn Hjartarson byggði húsið árið 1907 fyrir fjölskyldu sína. Hann fékk Sigurð Gíslason og Magnús Magnússon frá Nýjabæ til verksins. Þorbjörn vann lengst af sem daglaunamaður og fór á vertíð í Þorlákshöfn en honum þótti daglaunavinnan heldur óstöðugur kostur. Hann dreymdi alltaf um að stunda búskap, enda alinn upp við þá vinnu. Tómthúsmenn á Eyrarbakka áttu ekki margra kosta völ þegar kom að jarðnæði enda landið í einkaeigu og húsum þeirra fylgdu engar grasnytjar. Þetta breyttist þegar hálfur Flóagafl var keyptur árið 1901 og hinn hlutinn 1915. Þar fengu íbúar graslendi til búskapar og farið var að ræsa fram mýrar kringum þorpin. Árið 1930 fékk Þorbjörn leiguland og hóf ræktun og búskap og lét þar með langþráðan draum rætast. Elín kona hans dó árið 1950 og Þorbjörn 1956 en þá höfðu Geirlaug og Anna, dætur þeirra hugsað um þau í ellinni og þær héldu áfram að búa í húsinu. Þær héldu áfram með búskap, áttu kýr og ræktuðu kartöflur. Anna flutti til Hveragerðis árið 1957 en Geirlaug bjó í Akbraut til ársins 1989 þegar hún fór á elliheimili vegna heilsubrests.

Heimildir:

„Dánarminning: Þorbjörn Hjartarson, Akbraut, Eyrarbakka“. Tíminn, 10.10.1956. Bls. 8.
„Geirlaug Þorbjarnardóttir“. Morgunblaðið, Minningargrein, 23.03.1996. Bls. 42.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 18.
„Minningarorð: Andrea Elín Pálsdóttir, Akbraut, Eyrarbakka“. Tíminn, 10.02.1950. Bls. 3.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 168.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús. Hefðbundið gott alþýðuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið endurgert á vandaðan hátt og nær upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í mjög góðu ástandi. Vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Alþýðuhús, mikilvægur hluti eldri byggðar á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Frambæjarhús 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Frambæjarhús, júní 2020. Suðurásýnd.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Slétt járn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1941 | Húsið hækkað og því breytt 1941. | |
| 1950 | Forskalað á 6. áratugnum. | |
| 1990 | Forskalningin rifin af og skúr stækkaður uppúr 1990. | |
| 2001 | Bíslag við húsið lengt um 130 cm og útigeymsla stækkuð. | Tryggvi Tryggvason, arkitekt |
| 2020 | Skipt um járn á þaki. | |

## Saga

Frambæjarhús er einfalt bárujárnshús af dansk-íslenskri yngri gerð. Munnlegar heimildir segja að Frambæjarhús hafi verið byggt á árabilinu 1870-1880 sem pakkhús eða geymsluhús fyrir hús Jóns Sveinbjörnssonar, Frambæ, og byggingarefnið var strandeik. Það er þó ekki allskostar rétt því samkvæmt því sem kemur fram í húsaskattsgögnum þá átti Jón Sveinbjörnsson hús sem virt var til húsaskatts 1886 en það hafi verið rifið 1895. Í stað þess á Sveinbjörn Sveinbjörnsson að hafa byggt nýtt hús sama ár og það er Frambæjarhús eins og það stendur í dag. Húsinu var mikið breytt um 1940 og forskalað á sjötta ártugnum en forskalningin rifin af og húsið klætt upp á nýtt upp úr 1990. Ólafur Sigurðsson síðar söðlasmiður á Stað hóf sinn búskap í Frambæjarhúsi árið 1903 ásamt konu sinni Þorbjörgu Sigurðardóttur frá Naustakoti. Hann vann við söðlasmíðina auk þess sem hann var mikið í flutningum með hestvagna til Reykjavíkur. Vigfús Halldórsson frá Ósabakka á Skeiðum keypti Frambæjarhús af Ólafi árið 1906 fyrir 700 kr. og flutti þangað með eiginkonu sinni, Sigurbjörgu Hafliðadóttur frá Brúnavallakoti. Vigfús var sjómaður auk þess sem hann stundaði kaupavinnu á sumrin. Sigurbjörg var heimavinnandi húsmóðir en eignaðist snemma saumavél og saumaði mikið af karlmannsfötum og peysufötum fyrir fólk gegn gjaldi. Þau eignuðust fimm börn en aðeins tvö þeirra náðu fullorðinsaldri en þau voru Kristinn Vigfússon smiður á Selfossi og Sigríður sem bjó í Reykjavík. Næstu ábúendur voru Gestur Sigfússon var frá Egilsstaðakoti í Villingaholtshrepp og Helga konan hans var fædd í Garðbæ á Stokkseyri. Þau keyptu Frambæjarhús árið 1941. Þau unnu bæði í fiskvinnslu auk þess sem þau áttu fáeinar kindur og ræktuðu kartöflur. Þau bjuggu í húsinu til ársins 1983.

Heimildir:
Guðmundur Kristinsson. Kristinn Vigfússon staðarsmiður. (Selfoss: Árnesútgáfan 1987).
„Helga Jónsdóttir frá Frambæjarhúsi“. Morgunblaðið, minningargrein, 09.02.1991. Bls. 16.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir og Lilja Árnadóttir. Sótt 14.07.2017, http://m1004524729.dns-systems.net/wordpress/?page_id=395
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 164.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt timburhús sem verið er að færa nær upprunalegri gerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti götumyndar. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Byggt hefur verið við húsið. Endurgerð sem byggir á upprunalegri gerð stendur yfir. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Endurnýjun stendur yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er mikilvægt í samhenginu (götumynd) og sem hluti eldri byggðar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðjón Sigfússon

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Litla-Háeyri fyrir miðju. Ljósmyndari Guðni Þórðarson, Þjms.



Litla-Háeyri, júní 2017. Suðausturásýnd.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er funkis hús byggt árið 1943. Guðjón Sigfússon var skráður eigandi hússins 1950 og er líklega fyrsti eigandi.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Frekar karakterlaust hús með funkisáhrifum. Klæðning rýrir gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1943. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur enga samsvörun né tengingu við umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur verið klætt að utan. Hurð bætt við árið 2019. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í ágætu standi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ekkert sérstakt hús og án tengsla við umhverfi sitt. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Andrésson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Norðurbær 1989. Einkasafn MKH.



Norðurbær, júní 2017. Vesturhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1968 | 25 fermetra viðbygging með skúrþaki byggð við norðurhlið hússins. | Bjarni Pálsson, byggingafulltrúi |

## Saga

Norðurbær er hefðbundið alþýðuhús í þurrabúðarstíl. Jón Andrésson bóndi frá Hallanda í Hraungerðishreppi og Guðrún Sigmundsdóttir frá Hrepphólum byggðu Norðurbæ árið 1909 á Litlu-Háeyrar torfunni. Húsið var stækkað árið 1968 og síðar múrhúðað og augnstungið. Nú hefur verið sett bárujárn á húsið og gluggar lagfærðir en þó ekki til upprunalegs horfs.

Heimildir:
Vef. „Sigmundur Andrésson bakarameistari." Sótt 12.07.2017, http://www.heimaslod.is/images/3/32/Sigmundur_Andr%C3%A9sson_VEF.PDF
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 167.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hefðbundið alþýðuhús, þurrabúð. Breytingar rýra gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs og húsgerðar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Staðsetning tengist eldri byggð sem er frekar löskuð, Háeyrartorfan. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggar eru breyttir og klæðning nær yfir kjallaraveggi sem er óvenjulegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af Háeyrartorfunni sem er töluvert löskuð. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1932** Eyrargata 16e Litla-Háeyri

Fyrsti eigandi: Guðjón Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Litla-Háeyri á áttunda áratugnum. Ljósmyndari Herbert Granz.



Litla-Háeyri, júlí 2017. Vesturhlið.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kjallari<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Ris | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Portbyggt<br>Kvistir | | |

## Saga

Húsið telst vera steinsteypuklassík eða steinsteypusveitser. Guðjón Jónsson formaður lét byggja húsið árið 1932 eftir að bær hans sem stóð á sama stað brann. Júlíus Ingvarsson sá um smíðina. Guðjón bjó á Litlu-Háeyri ásamt konu sinni Jóhönnu Jóhannsdóttur frá Minna-Núpi í Gnúpverjahreppi. Eftir fráfall þeirra héldu þrjú af börnunum þeirra áfram heimili í húsinu en það voru Jón, Sigurður og Helga Guðjónsbörn. Sigurður stofnaði Sjóminjasafn Eyrarbakka á 6. áratug 20. aldar og bjargaði síðasta áraskipinu sem smíðað var á Eyrarbakka. Þá var Sigurður einnig togaraskipstjóri í Reykjavík. Helga bjó ein á Háeyri eftir fráfall bræðra sinna til ársins 2008 þegar hún fór á Kumbaravog. Helga var stjórnarkona í Ungmennafélagi Eyrarbakka og Leikfélagi Eyrarbakka auk þess sem hún starfaði við handavinnukennslu við barnaskólann. Helga var mikil garðyrkjukona og um tíma var við húsið einn fallegasti blómagarðurinn á Eyrarbakka.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 46.
Vef. Mbl.is. „Helga Guðjónsdóttir". Sótt 14.07.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1327639/

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Glæsilegt steinhús sem er undir sterkum sveitser áhrifum og með klassisk einkenni. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna fágætis og sögu, ekki mörg hús af þessari gerð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Háreyst hús á stórri lóð sem stendur hátt, er kennileiti. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er nánast upprunalegt. Endurgerð stendur yfir. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í slæmu ástandi, skortir viðhald. Endurgerð stendur yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna byggingarlistar og fágætis. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

 Eyrargata 16f

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun:

Hönnuður:

Núverandi notkun:



Eyrargata 16f 1980. Einkasafn MKH.



Eyrargata 16f, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | | Timbur og hraunhleðsla | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | | Einlyft | | |

## Saga

Skemma við Litlu-Háeyri. Grjóthlaðnir veggir en gaflar og efri hluti veggja úr timbri.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágæt hlutföll. Veggir að hluta hlaðnir með hraungrjóti. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Brátt hverfandi leifar af gömlum útihúsum sem minna á lífshætti frá því fyrir miðja síðustu öld. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Fellur ágætlega að eldri byggð á þessum stað. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Sennilega frekar upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ástand mjög slæmt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Útihús sem minnir á lífshætti frá því fyrir miðja 20.öld. Fellur ágætilega að hinni sögulegu byggð. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinn Árnason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Björgvin R. Hjálmarsson

Núverandi notkun: Íbúð



Eyrargata 17.



Eyrargata 17, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kjallari | Tvílyft<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1967 í móderniskum stíl en þó gætir fleiri áhrifa í útliti þess.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Ýmis stíláhrif s.s. funkis/módern. Klæðning dregur úr stíleinkennum og byggingarlistalegu gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús frá 1967 |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur engin sérstök tengsl við nærliggjandi umhverfi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt að utan og þakkanti breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist nokkuð gott. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ágætt hús en klæðning rýrir gildi þess. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Kristjánsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Einar Matthíasson

Núverandi notkun: Íbúð




Eyrargata 18.



Eyrargata 18, okt 2017. Austurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1998 í stíl gamalla timburhúsa frá aldamótunum 1900. Á lóðinni stóð áður húsið Vinaminni en það var rifið niður fyrir 1970. Það var svipað í útliti og húsið sem stendur á lóðinni núna.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Endurgerð af einföldu timburhúsi frá því um 1900 og var rifið 1970. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Nýlegt íbúðarhús. Byggt í anda hinnar sögulegu byggðar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Styður ágætlega við hina sögulegu byggð umhverfis húsið. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í mjög góðu standi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Endurgerð af timburhúsi frá því um og upp úr aldamótum 1900. Styður vel við götumyndina. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þorbjörn Finnbogason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Hilmar Ólafsson

Núverandi notkun: Íbúð



Búðargerði, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1963 í móderniskum stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Þokkalegt steinhús með móderniskum áhrifum. Algeng húsgerð frá 7. áratug. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1963. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur litla tengingu við nærliggjandi umhverfi. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Virðist nokkuð upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ágætt hús en hefur ekkert sérstakt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jóhann V. Daníelsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð / Frístundir/sumarhús



Deild annað frá vinstri, 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Deild, júní 2017. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kvistir | | |

## Saga

Deild er timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð, einfalt bárujárnshús byggt árið 1905. Skipt var um glugga í húsinu á 9. áratugnum en nú eru þeir komnir aftur í upprunalega mynd. Jóhann V. Daníelsson kaupmaður flutti til Eyrarbakka frá Stokkseyri árið 1905 og lét byggja þar húsið Deild sama ár. Húsið er samnefnt húsinu sem hann bjó í á Stokkseyri. Skömmu síðar flutti Jóhann í húsið Helgafell sem stóð við hliðina en seldi Sigurði bróður sínum Deild. Sigurður var gullsmiður og bjó í húsinu ásamt konu sinni Ágústu Ebenezerdóttur og dætrum til dauðadags 1929. Ágústa og dæturnar bjuggu áfram í húsinu til ársins 1934. Húsið hefur um lagt skeið verið frístundahús.

Heimildir:

„Ágústa Ebenezerdóttir minning". Morgunblaðið, minningargrein, 3.4.1965. Bls. 18.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 26.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 159.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt bárujárnshús í góðum hlutföllum. Kvistir eru óvenjulegir á þessari gerð húsa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900 og vegna fágætis. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð og götumynd Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist mjög upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand nokkuð gott. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna aldurs, götumyndar og húsgerðar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Helgi Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Helgafell l.t.v. á árunum 1917-1925. Þjms.



Helgafell, október 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Viðbygging rifin og önnur byggð í staðin uppúr 1920. | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | Skipt um glugga á 9. áratugnum. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Inngönguskúr (bíslag)<br>Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Portbyggt | Einlyft<br>Kjallari<br>Portbyggt<br>Ris<br>Viðbygging | | |

## Saga

Helgafell er timburhús. Helgi Jónsson verslunarmaður byggði húsið árið 1905 en seldi það fljótlega Jóhanni V. Daníelssyni kaupmanni. Jóhann nefndi húsið Haga en nafnið náði ekki að festast við það og hét það því áfram Helgafell eftir sínum fyrsta eiganda. Uppúr 1920 var viðbygging við húsið rifin og önnur byggð í staðin sem stendur enn. Eldri viðbyggingin var minni með risþaki og tveimur mjóum gluggum að vestan. Upphaflega voru þrír gluggar á framhlið hússins en þeim var fækkað í tvo fyrir 1989 og settir fjölpósta gluggar. Nú eru tveir stórir sex rúðu gluggar framan á húsinu sem voru settir í endurbótum árið 2017.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 37.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 14.09.2017 á: http://m1004524729.dns-systems.net/wordpress/?page_id=584

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Timburhús af danski-íslenskri yngri gerð. Einfalt fallegt bárujárnsklætt í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af götumynd Eyrargötu og sögulegri byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist mikið upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Endurgerð stendur yfir þar sem m.a. er verið að færa glugga að upprunalegri gerð. Framhlið og gafli er lokið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna aldurs, götumyndar og upprunaleika. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1968** Eyrargata 23 Sæhvoll

Fyrsti eigandi: Birgir Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Sæhvoll.



Sæhvoll, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Reykháfur<br>Einlyft | Einlyft<br>Reykháfur | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1968 í móderniskum stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Þokkalegt hús undir móderiskum áhrifum. Algeng húsgerð frá 7. áratugnum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1968. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Eitt þriggja húsa frá svipuðum tíma en eru ólík. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Steniklætt sem rýrir gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist nokkuð gott. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hús án sérstaks gildis. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eiríkur Gíslason — Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður

Hönnuður: Eiríkur Gíslason — Núverandi notkun: Íbúð



Gunnarshólmi 1920-1930. Einkasafn MKH.



Gunnarshólmi, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | |
| Þakgerð: | Mænisþak | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Kvistir<br>Reykháfur<br>Ris<br>Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft<br>Viðbygging<br>Reykháfur<br>Ris<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1983 | Viðbygging að vestan stækkuð og salerni innréttað í stækkunina. | Sigurbjörn Þorkelsson, |
| 1999 | Byggt yfir viðbyggingu, settir kvistir, útitröppum breytt o.fl. | Bryndís Stefánsdóttir, arkitekt |

## Saga

Gunnarshólmi er timburhús sem ber einkenni bárujárnssveitsers. Heimildum um byggingarár ber ekki alveg saman og er húsið ýmist sagt byggt árið 1914 eða 1915, en úttekt er ársett 1915 sem telst rétt byggingarár. Eiríkur Gíslason trésmiður byggði húsið á lóð úr Háeyrarlandi. Eiríkur byggði húsið eftir eigin teikningum en þær eru enn til. Í kjallara hússins hafði Eiríkur verkstæði þar sem hann smíðaði m.a. líkkistur. Kona Eiríks var Guðrún Ásmundsdóttir. Eiríkur var einn fremsti smiður sýslunnar á sínum tíma og helsti líkkistusmiður Eyrarbakka. Hann smíðaði víða um sveitir og m.a. Hraungerðiskirkju. Hann stóð fyrir stofnun samtaka iðnaðarmanna í Árnes- og Rangárvallasýslu 1934 sem síðar leiddi til stofnunar Iðnaðarmannafélags Árnessýslu. Hann var einnig aðal hvatamaður stofnunar iðnskólans sem var upphaflega rekinn á Eyrarbakka en síðar fluttur á Selfoss.

Húsinu var breytt árið 1983 og svo aftur þegar arkitektarnir Bryndís Stefánsdóttir og Lars Tøgersen hönnuðu breytingar á húsinu árið 1999 og fengu smiðina Guðmund og Gísla Kristjánssyni til framkvæmdanna.

Heimildir:

Guðmundur Kristinsson. Kristinn Vigfússon staðarsmiður. (Selfoss: Árnesútgáfan 1987), bls. 36.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 36.
Vef. Mbl.is. „Ingunn Eiríksdóttir“. Sótt 08.09.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/173483/.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 175.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Bárujárnssveitser. Reisulegt hús en breytingar rýra listrænt gildi. Hlutföll hafa raskast. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sem hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900 og vegna fágætis. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd eldri húsa við Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er töluvert breytt s.s. viðbygging yfir svalir, gluggar og kvistir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt vegna umhverfisgildis, aldurs og gerðar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppar

Upphafleg notkun: læknastofa, apótek

Hönnuður: Guðjón Samúelsson

Núverandi notkun: Þjónusta / Hjúkrunarheimili



Sólvellir um 1980. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.




Sólvellir, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Svalir<br>Kjallari | Tvílyft<br>Glerskáli/Sólstofa<br>Svalir<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1987 | Húsið aðlagað að rekstri dvalarheimilis. Sólskáli byggður við. | Sigurður Jakobsson, |
| 1993 | Byggt við húsið til suðurs. | Páll Hjaltdal Zóphóníasson, byggingatæknifræðingur |
| 2009 | Byggt við húsið til austurs. | Páll Hjaltdal Zóphóníasson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Húsið er byggt árið 1945 sem læknisbústaður eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, en fleiri hús þessarar gerðar voru reist um landið, en á neðri hæðinni var læknastofa og apótek. Ríkið greiddi helming af byggingarkostnaði hússins en Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppar lögðu fram hinn helminginn. Bragi Ólafsson var fyrsti læknirinn sem bjó í húsinu. Ekki hefur verið fastur læknir á Eyrarbakka frá árinu 1979 en þá var Eyrarbakkalæknishérað sameinað Selfosslæknishéraði. Læknar héldu þó áfram að hafa viðtalstíma á Eyrarbakka og var læknamóttaka á neðri hæð Sólvalla til 1986 þegar sérstök heilsugæslustöð var innréttuð við Ásheima. Haustið 1995 voru stofnuð samtök áhugamanna um dvalarheimili á Eyrarbakka. Stofnfundurinn var fjölsóttur og einhugur meðal fundarmanna. Samtökin höfðu þá þegar augastað á fyrrverandi læknisbústað, húsinu Sólvöllum, fyrir starfsemina. Snemma næsta árs var gefin heimild til að nýta húsið fyrir þessa starfsemi. Þá þegar hófust menn handa um breytingar og lagfæringar á húsinu og var stefnt að því að vistherbergi yrðu fyrir 11 vistmenn. Við uppbygginguna lögðu fjölmargir fram vinnu sína og verulega fjármuni. Dvalarheimilið var tekið í notkun 1. nóvember 1987 en ráðist var í viðbyggingu árið 1990. Sú viðbygging var tekin í notkun árið 1993. Önnur viðbygging var svo tekin í notkun árið 2009.

Heimildir:

Inga Lára Baldvinsdóttir. Margur í sandinn hér markaði slóð. (Reykjavík. Eyrarbakkahreppur 1998), bls. 26.
Vef. „Opið hús á dvalarheimilinu Sólvöllum Eyrarbakka“. Árborg.is. Sótt 13.03.2018 á: www.arborg.is/opid-hus-a-dvalarheimilinu-solvollum-eyrarbakka-sunnudaginn-4-november/

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Funkishús sem byggt hefur verið við og klætt með steni. Breytingar rýra gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Upphaflega læknisbústaður og nú hjúkrunarheimili. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hornhús án sérstakrar tengingar við umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur verið klætt að utan sem breytir því töluvert auk þess sem gluggar eru breyttir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand þokkalegt að sjá. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefur ekkert sérstakt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Anton Halldórsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Stóra-Háeyri 1993. Ljósmyndari Páll Lýðsson.



Stóra-Háeyri, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1932 og telst til steinsteypuklassíkur.
Heimildir:
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 14.09.2017 á: http://eyrarbakki.is/?page_id=95

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Steinsteypuhús. Húsið er klætt bárujárni sem rýrir mjög útlit og listrænt gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús frá 1932. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hefur hvorki samsvörun við eldri byggð né götu. Hornhús, frekar áberandi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Steinhús búið að klæða með bárujárni og breyta gluggum. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist nýuppgert og í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Væri mikið til bóta ef húsið fengi að standa eins og það var upphaflega. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Smíðafélagið Reginn

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Reginn um 1910. SME.



Reginn, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Ýmsu breytt. Gluggum, inngangsskúr o.fl. | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Viðbygging<br>Reykháfur<br>Ris<br>Portbyggt | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris | | |

## Saga

Árið 1907 var húsið byggt sem smíðahús af smíðafélaginu Reginn í sveitserstíl. Helgi Magnússon var í upphafi með járnsmíðaverkstæði í kjallara hússins og tengdafaðir hans Oddur Oddsson var með gullsmíðaverkstæði á hæðinni sem einnig var íbúð. Oddur hafði verið aðal forgöngumaður smíðafélagsins og átti mestan þátt í að koma því á fót. Félagið framleiddi hin ýmsu verkfæri og naut fyrirtækið nokkurra vinsælda. Kjallari hússins mun vera fyrsti steinsteypti kjallarinn á Suðurlandi og hefur reynst vel þrátt fyrir að ekki hafi öllum litist vel á efnisvalið. Reginn var einnig fyrsta húsið sem vatnsleiðslu var komið fyrir í. Fyrsta landsímastöð Eyrarbakka var í húsinu frá árinu 1909 en Oddur gullsmiður var símstjóri. Helga, kona Odds, sá þó að mestu um símann. Um byggingu hússins var skrifað í blaðið Suðurland:
„Það þóttu undur mikil og afar heimskulegt, þegar hér austan fjalls var fyrst steyptur kjallari undir hús, en það var þegar smíðahúsið Reginn var byggt. Því var þá spáð, að það yrði aldrei að liði, efnið væri svo vont, og þeir sem að því ynnu væru ólærðir. En þetta fór öðruvísi. Steypan reyndist ágætlega, og varð ódýrari en þó byggt hefði verið úr timbri og járni sama hæð. Þetta hús var líka fyrsta húsið sem vatnsleyðslu var komið fyrir í, en það hafa margir gert síðan, og mun enginn vilja missa þann útbúnað sem áður hefur fengið hann.“ (Suðurland, 1910)
Upphaflega voru tveir litlir gluggar í kvistinum á suðurhlið en nú er þar einn stór. Útitröppunum hefur verið breytt, inngangsbíslaginu bætt við og breytt einu sinni auk þess sem ýmislegt skraut hefur verið fjarlægt og skipt um glugga a.m.k. tvisvar sinnum.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 52.
Vef. „Reginn“ á Eyrarbakka“. Þjóðólfur, kafli úr bréfi, 07.04.1909. Bls. 58.
„Steinsteypa“. Suðurland, 21.07.1910. Bls. 22.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Reisulegt og fallegt bárujárnsklætt timburhús í sveitserstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Fyrsta húsið á Suðurlandi með steyptum kjallara og vatnsleiðslu. Fyrsta landssímastöð. Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900 og fágætt. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur við götu og fellur vel að götumynd sem þó mætti styrkja mun betur á þessum stað. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Eitthvað breytt en ýmist skraut hefur verið tekið burt eins og hæðarskillistar og bjórar sem greinilega má sjá á mynd frá 1910. Ýmsar viðbyggingar hafa einnig bæst við s.s. bíslag. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Í mjög slæmu ástandi en endurgerð er hafin. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mjög mikilvægt hús bæði menningarsögulega og byggingarlistarlega. Stöðu þessa húss mætti styrkja verulega með bættri götumynd (nánasta umhverfi) og endurgerð í upprunalegri mynd. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinbjörn Ólafsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Hvoll 1922. Einkasafn MKH.



Hvoll, Eyrargata 31, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Útitröppur<br>Svalir<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Einlyft | Einlyft<br>Glerskáli/Sólstofa<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris |

**Helstu breytingar:**

Kvistur settur á austurhlið eftir 1989 og byggt ofan á sólskála.

Sólskáli byggður við suðurhlið fyrir 1989.

**Hönnuðir breytinga:**

Magnús Skúlason, arkitekt

## Saga

Hvoll er steinsteypt hús í sveitser stíl frá árinu 1914. Sveinbjörn Ólafsson frá Hjálmholti í Hraungerðishreppi byggði húsið en margt bendir til þess að yfirsmiður við bygginguna hafi komið frá Reykjavík því verið var að vinna að byggingu fleiri steinsteypuhúsa á Eyrarbakka þetta ár. Hvoll telst vera eitt af elstu steinsteypuhúsum á Eyrarbakka. Meðal þeirra sem komu að byggingunni voru Kornelíus Stark Sigmundsson múrarameistari og Jens Eyjólfsson yfirsmiður, einnig margir Eyrbekkingar s.s. Eiríkur Gíslason. Þegar húsið var byggt treystu menn steinsteyputækninni ekki betur en svo að ákveðið var að hlaða undirstöðuna undir húsið.  Athygli vekur að svalir hafa verið á húsinu frá upphafi. Fyrst voru þær bornar uppi á súlum, um það vitnar gömul ljósmynd, en nú eru svalirnar ofan á inngangsskúrnum. Árið 1937 komst húsið í eigu íslenska ríkisins og var notað sem sýslumannssetur um tíma er Magnús Torfason bjó þar og hafði skrifstofu, síðar sem prestsbústaður.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 33.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 174.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steinsteypt hús með sveitser einkennum. Klæðning raskar öllum hlutföllum í húsinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af fyrstu steinsteyptu húsum á Eyrarbakka. Sýslumannsbústaður og prestbústaður um tíma. Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt hús í götumynd eldri húsa við Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Töluvert breytt s.s. klæðning, viðbygging, gluggar o.fl. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna menningarsögu, byggingarlistar og umhverfisgildis. Æskilegt væri að færa húsið nær upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1916** Eyrargata 32 Breiðablik

Fyrsti eigandi: Andrés Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Breiðablik/Búðarhamar milli 1917-1925. Þjms.



Breiðablik/Búðarhamar, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Málmplötur trapisuform |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Ris<br>Viðbygging | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

| | |
|---|---|
| 1935 | Herbergjaskipan breytt. |
| 1999 | Pakkhúsi norðan við húsið breytt í íbúð. Verslun austan við hús breytt í |

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Breiðablik/Búðarhamar telst vera steinsteypuklassík að gerð. Heimamenn byggðu húsið sem verslunarhús árið 1916 og tók m.a. Sigurður Gíslason þátt í smíðinni. Húsið er mjög stórt miðað við önnur hús á staðnum og í því var fyrsta raflýsing í húsi á Eyrarbakka. Í húsinu hefur lengst af verið einhver verslun en Andrés Jónsson verslaði þar fá upphafi til ársins 1927. Húsið var íbúðarhús frá 1927-1947 en eftir það nýtti Kaupfélag Árnesinga húsið að mestu og rak þar útibú auk þess sem útibú Landsbankans var þar eftir 1987. Verslunin Ólabúð var einnig í húsinu í ca. tvö ár auk þess sem húsið var notað sem salur eldri borgara á Eyrarbakka til ársins 1999. Áfastar eru seinni tíma viðbyggingar, pakkhús norðan við húsið og viðbygging fyrir verslun iáustur. Hvoru tveggja hefur verið breytt í íbúðir.

Heimildir:


Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 52.

Vef. „Breiðablik“. Kortasjá, Sótt 11.09.2017 á: http://kortasja.myndasetur.is/

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 159.


## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Steinsteypuklassik. Klæðning, gluggabreytingar og misgóðar viðbyggingar rýra mjög listrænt gildi hússins og ásýnd þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af elstu steinsteyptu húsum á Eyrarbakka. Fyrsta raflýsing í húsi á Eyrarbakka. Byggt sem verslunarhús að hluta og var það lengst af. Er nú íbúðarhús. Hluti af sögulegri byggð meðfram |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur við götu. Við þennan hluta götunnar er götumynd frekar óreiðukennd og mætti styrkja verulega. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Steinsteypt hús sem búið er að klæða með málmklæðningu. Augnstungið og búið að tapa sínum sterku sérkennum sem verslunarhús frá fyrri hluta síðustu aldar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Klæðning virðist nýleg en annars virðist ástand hússins frekar slæmt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Myndi auka varðveislugildi sitt verulega ef það yrði fært nær upprunalegu horfi og fengi að standa sem steinsteypt hús. Einnig ef það yrði verslunarhús aftur. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Magnús Brynjólfsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Björgvin. SEM.



Björgvin, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

1945 Byggt við húsið og allt sett undir eitt þak.

**Hönnuðir breytinga:**

Eiríkur Guðmundsson,

## Saga

Húsið var byggt árið 1915 í stíl timburhúsa en ekkert minnir á upphaflega gerð hússins þegar horft er á það í dag. Byggt var við gamla húsið sem er að vestanverðu og allt sett undir eitt þak.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 14.09.2017 á: http://eyrarbakki.is/?page_id=95

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 153.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Frekar látlaust hús, ekki er auðvelt að átta sig á breytingum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Sagt byggt 1915 en hefur ekkert yfirbragð sem bendir til þess. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur enga tengingu við nærliggjandi byggð né götu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Virðist vera mikið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Vegna byggingarlistar, breytinga og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinbjörn Ólafsson

Upphafleg notkun:

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Akur 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Akur, júní 2017. Norðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Portbyggt | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2000 | Kvistur settur á suðvestur-hlið. | Gísli Sæmundsson, arkitekt |
| 2005 | Stækkun á suðvestur-horni hússins. | Gísli Sæmundsson, arkitekt |

## Saga

Húsið er einfalt lítið timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð frá árinu 1906. Húsið er byggt af Sveinbirni Ólafssyni frá Hjálmholti en hann byggði seinna húsið Hvol. Húsið var lengst framanaf mjög upprunalegt í útliti en síðar var byggt við það og gluggum breytt. Nú hafa gluggar verið færðir nær upprunalegu formi.

Árni Helgason er eflaust þekktasti eigandi Akurs en hann bjó þar í 64 ár. Hann keypti húsið árið 1913 á 2300 kr. og það þótti frekar dýrt á þeim tíma. Hann var sjómaður og hlaut heiðursmerki sjómannadagsins 1959 fyrir ævistarf sitt. Um afrek hans má lesa í bókinni Jarlinn af Sigtúnum og fleira fólk eftir Guðmund Daníelsson. Kona Árna var Kristín Halldórsdóttir frá Ásmundarstöðum í Holtum.

Heimildir:

Guðmundur Daníelsson. Sjómaðurinn, viðtal við Árna Helgason formann. Jarlinn af Sigtúnum og fleira fólk. (Reykjavík: Setberg 1980), bls. 7-41.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 19.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 170.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt lítið timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð. Kvistur og viðbygging rýra listrænt gildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti götumyndar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Framhúsið hefur verið endurnýjað að hluta og gluggar færðir nær upprunalegum gluggum. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand þokkalegt. Að hluta til gert upp. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna götumyndar, aldurs og húsgerðar. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Skúli Steinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Samúel Smári Hreggviðsson

Núverandi notkun: Íbúð




Stíghús I, Eyrargata 34.



Stíghús I, Eyrargata 34, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Brotaþak (mansard) | Brotaþak (mansard) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1985 á nær sama stað og Þórdísarhús (Stíghús) stóð fyrr. Þórdísarhús var lítið timburhús með mansardþaki og viðbyggingu með skúrþaki svo segja má að með hinu nýja Stíghúsi sé verið að vitna í það þó það sé töluvert stærra og í öðrum hlutföllum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Líkt eftir húsi með mansard þaki en hlutföllum breytt töluvert. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús frá 1985. Vitnar í hús sem stóð þarna áður (Þórdísarhús). |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hefur ákveðna samsvörun við aðliggjandi byggð og götumynd hvað varðar efnisval, stærð og gerð. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur sennilega ekkert breyst. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Fellur ágætilega að götumyndinni. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Andrés Jónsson og Úlfhildur Hannesdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Smiðshús, júní 2017. Norð-vesturhliðar.



Smiðshús, júní 2020. Norð-vesturhliðar.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | Anddyri byggt við suðurhlið hússins. | |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur | | | |
| Þakgerð: | Gaflsneitt þak | Gaflsneitt þak | 2018 | Húsið endurbyggt og útliti þess breytt. | Brynhildur Sólveigardóttir, arkitekt |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Kvistir<br>Ris<br>Einlyft | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur | | | |

## Saga

Smiðshús er timburhús sem erfitt er flokka eftir byggingarstíl. Andrés Jónsson og Úlfhildur Hannesdóttir láta byggja húsið árið 1955 á sama stað og hús með sama nafni hafði staðið. Oftast voru tvær fjölskyldur í húsinu og á bænum var yfirleitt mikill búskapur. Má þar nefna á annan tug kúa og nokkuð af kindum. Húsið er gjörbreytt frá árinu 2018.

Heimildir:

Vef. „Sigmundur Andrésson bakarameistari.“ Sótt 12.07.2017, http://www.heimaslod.is/images/3/32/Sigmundur_Andr%C3%A9sson_VEF.PDF

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið er gjörbreytt frá 2018 og má segja að þær breytingar séu vel heppnaðar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Þetta hús er byggt 1955 og var þá hið upphaflega Smiðshús (baðstofuhús) rifið en það stóð á þessum stað. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur enga sérstaka tengingu við nærliggjandi umhverfi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er gjörbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur verið tekið í gegn nýlega og alveg endurnýjað. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið hefur enga sérstaka tengingu við gömlu byggðina en hefur nýlega verið endurgert og breytt. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1940** Eyrargata 36 Ásheimar

Fyrsti eigandi: Guðmundur og Albert Einarssynir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Ásheimar um 1940-1950. Einkasafn MKH.



Ásheimar, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | 1994 Bílskúr byggður við húsið. | Samúel Smári Hreggviðsson, byggingatæknifræðingur |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1940 í funkis stíl. Bræðurnir Guðmundur og Albert Einarssynir byggðu húsið og bjuggu þar lengi, Albert með fjölskyldu sinni en Guðmundur einn. Guðmundur byggði trésmíðaverkstæði við húsið. Í seinni tíð var um tíma rekið þar gistihús og Gallerý Regína.

Heimildir:

Vef. Mbl.is. „Guðmundur M. Einarsson“. Sótt 15.03.2018 á: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/35074/

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt funkishús með sterkum einkennum þess stíls. Hlutföll og gluggaskipan góð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús frá 1940. Fulltrúi breyttrar stefnu í byggingarlist. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Í röð nokkurra húsa frá svipuðum tíma við Eyrargötu. Eru frekar ósamstæð innan um eldri hús frá um 1900. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Þakkantur hefur verið klæddur en að öðru leiti frekar upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Góð byggingarlist og ágætur fulltrúi þeirra breytinga sem urðu í húsbyggingum kringum 1940. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Gíslason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Ferðamannaútleiga



Eyrargata 37a, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Inngönguskúr (bíslag) | Einlyft<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

| | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1926 | Skúrinn þiljaður í eldhús, búr og gang. Húsið allt endurbætt. | |
| 1942 | Húsið sagt uppvirt vegna breytinga. | |
| 1950 | Húsið uppvirt, líklega vegna breytinga. | |

## Saga

Suðurgata er steinsteypt alþýðuhús byggt 1913. Sigurður Gíslason smiður smíðaði húsið úr steinsteypu og bjó þar fyrst sjálfur. Sigurður byggði mörg hús á Eyrarbakka. Núverandi eigandi lét klæða það með bárujárni.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 163.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hefðbundið lítið alþýðuhús, þurrabúð sem er steinsteypt. Klæðning og gluggabreytingar rýra listrænt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð við Eyrargötu (bakhús). Fágætt sérstaklega þar sem það er steinsteypt og eina af þeirri gerð. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Bakhús, ekki hluti af götumynd en samt hluti af heild/ sögulegri byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Töluvert breytt s.s. gluggar og hlutföll ekki góð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Fágætt sem steinsteypt alþýðuhús (steinbær). Endurgerð og breytingar rýra gildi hússins. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1910** Eyrargata 38 Skjaldbreið

Fyrsti eigandi: Félag um bakarí

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Skjaldbreið á öðrum áratug 20. aldar. HérÁrn.



Skjaldbreið, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Hornsneitt<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Kjallari<br>Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1912 | Hæð og ris reist ofan á kjallarann. | |
| 1919 | Kjallarinn ný þyljaður innan og útbúinn sem sölubúð og geymsla. | |
| 1937 | Kvistir settir á húsið. | Arinbjörn Þorkelsson, arkitekt |

## Saga

Skjaldbreið er steinsteipusveitser en heimildum ber ekki saman um byggingarár. Húsið er ýmist sagt byggt árið 1909 eða 1910. Kjallarahæð Skjaldbreiðar var byggð af félagi sem var stofnað fyrr um árið með það að markmiði að setja á fót brauðgerð eða bakarí á Eyrarbakka. Með því var ætlunin að keppa við brauðgerð Lefoliisverslunar. Af bakstri í húsinu varð ekki þá. Árið 1912 lét Guðmundur Guðmundsson kaupfélagsstjóri í Heklu byggja hæð og ris ofan á kjallarann og útbjó þar íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína. Sigurður Gíslason starfaði við smíði hússins. Árið 1919 höfðu J.D. Nielsen og Guðmundur makaskipti á Húsinu og Skjaldbreið og Nielsen verslaði í nokkur ár í kjallara Skjaldbreiðar. Sigurður Kristjánsson rak svo verslun þar fram á sjöunda áratuginn eða allt þangað til húsið fékk loksins sitt upprunalega hlutverk og var brauðgerð um tíma. Bróðir Sigurðar, Jóhannes, var einnig aðili að rekstrinum. Verslunin bar heitið Bræðurnir Kristjáns. Verslunin var í daglegu tali kölluð Siggabúð, enda sá Sigurður um daglegan rekstur. Prentsmiðja Suðurlands var í kjallara Skjaldbreiðar frá 1915 til 1918. Afhýsi var við húsið þar sem netaverkstæðið Skjaldbakur var til húsa um tíma en búið að rífa það. Viðbygging við húsið er yngri en húsið sjálft.

Heimildir:


Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 52.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 147.


## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steinsteypusveitser. Reisulegt hús. Bæði kvistur og bárujárnsklædd viðbygging fara húsinu illa. Hlutföll þokkaleg. Kvistur fer húsinu illa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og upp úr 1900 og fágætt. Ýmis starfsemi s.s. verslun hefur verið í kjallara hússins. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur við götu en hefur ekki mikla samsvörun við aðliggjandi hús. Götumynd frekar veik á þessum stað. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er eitthvað breytt s.s. gluggar, kvistur og viðbygging. Skv. brunavirðingu var húsið hækkað árið 1937. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í frekar slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er mikilvægt sökum fágætis. Mikilvægt að það verði gert upp skv. upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðjón Guðmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Guðjón Þ. Sigfússon

Núverandi notkun: Íbúð / Frístundir/sumarhús




Eyrargata 39.



Eyrargata 39, júní 2017. Norðurhlið.

## Gerð húss:

| | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 2009 í stíl eldri sveitserhúsa á Eyrarbakka.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt hús sem byggt er í stíl eldri húsa á Eyrabakka. Ekki alveg í réttum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Nýtt íbúðarhús. Byggt í anda hinnar sögulegu byggðar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Styður við götumyndina, fellur vel að röð gamalla húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nýtt og ekki fullbyggt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýtt og ekki fullbyggt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Ágætt nýlegt hús í gömlum stíl. Styður vel við götumyndina. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Gíslason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Eyri upp úr 1960. Ljósmyndari Brynjólfur Brynjólfsson.



Eyrargata 39a, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Inngönguskúr (bíslag) | | |

## Saga

Eyri telst til timburhúsa af danski-íslenskri yngri gerð. Sigurður Gíslason smiður smíðaði húsið fyrir sjálfan sig árið 1907. Kristinn Vigfússon aðstoðaði Sigurð við smíðina og lýsir henni þannig í bókinni Kristinn Vigfússon staðarsmiður:
„Hann byrjaði á því að hlaða úr grjóti rétt manngengan kjallara og var fljótur að því. Síðan smurði hann steypu í grjótið og smíðaði húsið svo í hefðbundnum timburhúsastíl. Gengið var inn í gaflinn inn í eldhús og síðan hring um herbergin, því gangur var enginn. Oftast voru tvær stofur á móti suðri, og uppi á lofti fengust tvö lítil herbergi. Niður í kjallarann var gengið úr eldhúsinu undir stiganum, sem lá upp á loftið. Grindin var öll tegld saman með töppum og klædd utan með tommuborðum, pappa og járni en að innan með panel. Einangrun var engin í grindinni nema stundum heyruddi. Gólfborð voru ferníseruð en veggir og loft máluð. Gluggar voru tvísettir með 6 rúðum og krosspósti og 12 tommu rúðum. Rammarnir voru falsaðir og strikaðir, áður en þeir voru settir í gluggakistuna.“ Guðmundur Kristinsson. Kristinn Vigfússon staðarsmiður, bls. 34.
Eyri var íbúðarhús fram á sjöunda áratug síðustu aldar og hefur því verið óbreyttu frá fyrstu tíð. Á það bæði við um herbergjaskipan og innanstokksmuni.

Heimildir:

Guðmundur Kristinsson. Kristinn Vigfússon staðarsmiður. (Selfoss: Árnesútgáfan 1987), bls. 34.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 32.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 163.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt einfalt alþýðuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900 og fágætt. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd eldri húsa við Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nánast upprunalegt að utan og nánast óbreytt að innan frá upphafi þ.e. 1907. Gluggum hefur verið breytt lítilsháttar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Viðhald stendur yfir. Gluggar og klæðning hefur verið endurnýjað að hluta. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna fágætis, götumyndar og upprunaleika. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Gestur Sigfússon og Kristmundur Sigfússon?

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Bræðraborg um 1950. Einkasafn MKH.



Bræðraborg, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur | | |

## Saga

Bræðraborg er funkis hús byggt árið 1937. Bræðurnir Gestur og Kristmundur Sigfússynir byggðu húsið.
Heimildir:
Þjóðskjalasafn Íslands. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/48, Eyrarbakkaumboð 1933-1959. Nr. 27.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gott dæmi um funkishús með sterkum einkennum þess stíls. Klæðning rýrir byggingarlistarlegt gildi þó svo að vel sé vandað til. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Þessi húsgerð er sjaldgæf á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur við götu. Hefur ekki mikla samsvörun við aðliggjandi byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt að utan með bárujárni. Að öðru leyti mjög upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mjög gott funkishús. Klæðning dregur úr gildi þess. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Brandur Þorvarðarson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Tjörn 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Tjörn, Eyrargata 41a, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari<br>Viðbygging | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

| | |
|---|---|
| 1920 | Gert við húsið, allt fúið fjarlægt. Nýr skúr byggður við hlið hússins. |
| 1983 | Gluggum breytt 1983 eða 1984, breytt til upprunalegra horfs 2018. |

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Tjörn er einfalt alþýðuhús, þurrabúð. Heimildum ber ekki saman um aldur hússins en það er byggt árið 1906. Brandur Þorvarðarson var fyrsti eigandi hússins en hjónin Bjarni Eggertsson og Hólmfríður Jónsdóttir keyptu húsið Tjörn árið 1909. Bjarni var frá Vaðnesi í Grímsnesi og menntaður í bændaskólanum á Hvanneyri. Þau hófu búskap á Arnarbæli í Ölfusi en fluttu svo að Eyrarbakka. Þar varð Bjarni fljótlega formaður verkalýðsfélagsins Bárunnar og sat lengi í hreppsnefnd.

Heimildir:

„Bjarni Eggertsson, Eyrarbakka“. Alþýðublaðið, minningargrein,08.12.1951. Bls. 5.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 60.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 1910.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt einfalt alþýðuhús, þurrabúð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900 og fágætt. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt hús í götumynd eldri húsa við Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið endurgert nær upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í nokkuð góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna götumyndar, aldurs og fágætis. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1908** Eyrargata 41b Þorvaldseyri

Fyrsti eigandi: Þorvaldur Magnússon

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð / Frístundir/sumarhús



Þorvaldseyri 1984. Ljósmyndari Halldóra Ásgeirsdóttir.



Þorvaldseyri, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

1929 Byggður skúr (eldhús) við norðurhlið. Líklega sett port á húsið í leiðinni.

1934 Húsið stækkað og sett á það heil lofthæð.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið er timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð, byggt 1908 af Þorvaldi Magnússyni og fær þaðan nafn sitt. Smiður hússins var líklega Sigurður Gíslason. Ólafur Engilbert Bjarnason vegaverkstjóri kaupir húsið árið 1917 og býr þar ásamt Jenny Dagbjört Jensdóttur konu sinni og 12 börnum. Sú fjölskylda bjó í húsinu til ársins 1983 og gerði þar ýmsar breytingar, s.s. að hækka húsið á fjórða áratugnum, en þá framkvæmd annaðist Guðmundur Eiríksson.

Heimildir:
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 62.
Vef. Mbl.is. „Guðbjörg Ólafsdóttir". Sótt 11.09.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/160155/
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 161.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús. Hlutföll vegna hækkunar hússins og ósamstæðir gluggar draga úr listrænu gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af heild 4 húsa (bakhús) og mikilvægt vegna þess. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið er töluvert mikið breytt s.s. hækkun og gluggar. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalega góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna aldurs og sem hluti af heild. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Stefán Ögmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Merkigarður um 1950. Einkasafn MKH.



Merkigarður, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Brotaþak (mansard) | Brotaþak (mansard) | 1932 Búin til ein íbúð úr tveimur og sett á eitt númer. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Viðbygging | Einlyft<br>Reykháfur<br>Ris<br>Kvistir<br>Viðbygging | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1900 á sama stað og samnefndur torfbær eiganda þess, Stefáns Ögmundssonar, hafði staðið. Húsið er með brotnu mansard þaki og er stærst húsanna á Eyrarbakka sem eru með þeirri þakgerð. Árið 1910 var húsið skráð sem þríbýli. Frægasti heimilismaðurinn í Merkigarði er án efa Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi. Hann á að hafa haldið til í Merkigarði þegar hann bjó á Eyrarbakka og þar til hann lést árið 1914.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 47.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða: Bolungarvík, maí 2015) óútgefin skýrsla.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 143.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt dæmi um mansard timburhús en er töluvert breytt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægt í götumyndinni sem hluti af upphaflegri byggð á Eyrarbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ytra form óbreytt en gluggar, þakkantur o.fl. ekki alveg í samræmi við upprunalegt útlit. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. Austurhlið hefur staðið óklædd lengi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Einfalt timburhús, mikilvægur hluti af götumynd og upphafilegri byggð á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Einar Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Einarshús 1986. Ljósmyndari Inga Lára Baldvinsdóttir.



Einarshús, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | 1997 Húsið sett á nýjan sökkul. | |
| Útveggir: | Timbur | Timbur | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 2011 Geymsla stækkuð. | Eiríkur Vignir Pálsson, byggingatæknifræðingur |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Kvistir<br>Reykháfur<br>Svalir | | |

## Saga

Húsið er timburhús af dansk-íslenskri eldri gerð, byggt árið 1892 af Einari Jónssyni borgara. Einar var fyrsti íslenski kaupmaðurinn á Eyrarbakka. Árið 1910 var húsið skráð tvíbýli, þurrabúð. Árið 1997 var húsið flutt og sett á nýjan sökkul en áður stóð það á grjóthlöðnum sökkli sem var alveg upp við vesturhlið hússins eins og það stendur í dag.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 26.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík. Maí 2015), óútgefin skýrsla.
Vigfús Guðmundsson. Saga Eyrarbakka, fyrra bindi. (Reykjavík: Víkingsútgáfan 1945), bls. 364.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 145.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Timburhús af dansk-íslenskri eldri gerð. Með fallegri húsum á Eyrarbakka og vönduð endurgerð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Með elstu húsum á Eyrarbakka og því hluti af sögulegri byggð frá því um og uppúr 1900 og fágætt. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur frá götu og aðeins slitið úr samhengi við önnur hús frá svipuðum tíma. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Endurgert á mjög vandaðan hátt í samræmi við upprunalega gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ástand er mjög gott. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mjög falleg byggingarlist og með elstu húsum á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Magnús Oddsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta

Hönnuður: Guðmundur H. Þorláksson

Núverandi notkun: Íbúð



Mörk á árunum 1940-1950. Þjms.



Mörk, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Svalir<br>Kjallari | Tvílyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|
| 2005 Yfirbygging á svölum. | Guðjón Bjarnason, arkitekt |

## Saga

Magnús Oddsson hreppstjóri lét byggja húsið árið 1936 við hlið húss foreldra sinna, Ingólfi. Mörk var á þeim tíma stærsta og vandaðasta húsið á Eyrarbakka. Magnús notaði húsið ekki bara sem heimili heldur einnig sem pósthús og símstöð. Síðar keypti Landssíminn húsið. Heiti hússins vísar til þess að húsið var byggt á jarðamörkum Skúmsstaða og Háeyrar.

Heimildir:

Vigfús Guðmundsson. Saga Eyrarbakka, síðara bindi. (Reykjavík: Víkingsútgáfan 1949), bls. 205.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Ágæt byggingarlist en yfirþyrmandi í götumyndinni. Húsið hefur sterk einkenni funkisstíls. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Byggt fyrir hreppstjóra og hýsti m.a. símstöð og pósthús. Húsið stendur fyrir nýjar áherslur í húsbyggingum hvað varðar stíl og stærð. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er stórt og ber aðliggjandi hús ofurliði. Stendur mjög nærri næsta húsi vestan megin. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist frekar upprunalegt. Gluggar þó sennilega breyttir og líklega verið lengt til vesturs. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Í mjög slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Ágætt hús en of stórt og passar illa inn í götumyndina og þann fíngerða mælikvarða sem einkennir hana. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þorkell Hreinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Ingólfur fyrir miðju um 1950. Einkasafn MKH.



Ingólfur, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Viðbygging<br>Einlyft<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Ris<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1919 | Húsið endurbætt að utan og innan. | |
| 1960 | Húsið forskalað á sjötta áratugnum. Ekki vitað nákvæmlega hvenær. | |
| 1990 | Forskalning rifin af og gluggar færðir til eldra horfs. | |
| 2019 | Nýjir gluggar settir í húsið. | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1891 og telst vera einfalt timburhús. Það var byggt af Þorkeli Hreinssyni smið og var hann fyrsti íbúi þess. Á sama stað stóð áður hús með sama nafni sem var veitingahús byggt um 1879. Það brann haustið 1887. Símstöð var rekin í Ingólfi frá 1918-1938 og Oddur Oddsson gullsmiður var með gullsmíðaverkstæði sitt í skúrnum á sama tíma. Skúrinn er nokkuð yngri en húsið sjálft en hann var þó kominn fyrir árið 1917. Húsið var forskalað á sjötta áratugnum en forskalningin var rifin af um 1990 og gluggar færðir aftur til eldra horfs. Frá upphafi var gengið inn í húsið að austanverðu en þeim inngangi var lokað eftir 1960.

Heimildir:
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 10.07.2020, https://eyrarbakki.is/husin-a-bakkanum/ingolfur.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 44.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða: Bolungarvík, maí 2015) óútgefin skýrsla.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 144.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Góður fulltrúi einfaldra timburhúsa á Eyrarbakka. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs og atvinnusögu (símstöð og gullsmíðaverkstæði). Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af götumynd og heild húsa frá um 1900. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið endurgert nálægt upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna umhverfisgilds og menningarsögu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Þórdís Símonardóttir

Upphafleg notkun: Íbúð, saumaverkstæði, kennsla.

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Sjónarhóll eftir að byggt var ofan á húsið og aftur 1950. Einkasafn MKH.



Sjónarhóll, júní 2017. Götuhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Brotaþak (mansard) |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1896 | Húsið hækkað og sett á það þak með mansard lagi. | |
| 1897 | Skúr byggður við langhlið hússins að norðanverðu. | |
| 1925 | Skúrinn steyptur upp og stækkaður. Þakið jafnt húsþaki sem eitt hús. | |
| 1949 | Húsið hækkað, vikurplötur steyptar í grindina, múrhúðað að innan o.fl. | Eiríkur Guðmundsson, smiður |
| 1999 | Fært aftur til þess horfs sem húsið var í 1919. | Jon Nordsteien, arkitekt |

## Saga

Húsið Sjónarhóll er einfalt alþýðuhús sem nú telst til mansard húsa. Það stendur við Eyrargötu 46 og hefur borið nokkur nöfn í gegnum tíðina. Nafnið Sjónarhóll kemur fyrst fram í manntali árið 1904 en það hefur einnig borið nöfnin Garðbær og Kirkjustræti 6. Húsið var byggt árið 1886 af Þórdísi Símonardóttur ljósmóður. Þá var húsið einlyft timburhús með liggjandi klæðningu og mænisþaki klæddu bárujárni. Þórdís nýtti húsið til íbúðar en rak þar jafnframt saumaverkstæði og kenndi karlmannafatasaum. Þórdís bjó stutt í húsinu og seldi það 1889 Jóni Jónssyni bakara. Árið 1896 flutti Helga Sigurðardóttir frá Árbæ í Holtum í Sjónarhól og bjó þar ásamt dóttur sinni. Hún lét breyta húsinu sama ár, hækkaði og setti á það þak með mansard lagi. Árið 1897 lét Helga byggja skúr eftir langhlið hússins að norðanverðu. Árið 1907 keypti Sigurður Ísleifsson húsið af Helgu og bjó þar til 1919. Á þeim árum var húsið stundum kallað Settuhús eftir konu Sigurðar sem hét Sesselja Magnúsdóttir.

Árið 1919 verða kaflaskil í sögu hússins þegar Guðlaugur Pálsson kaupmaður kaupir það og breytir í verslun. Á framhlið hússins voru þá settir tveir verslunargluggar og dyr milli þeirra. Hann byggir einnig ofan á skúrinn við húsið árið 1925 og er hann þá orðinn jafn hár húsinu. Árið 1949 var svo byggt ofan á húsið til þess að fá fullgilda íbúð á efri hæð. Guðlaugur rak Verslun Guðlaugs Pálssonar eða Laugabúð í meira en 70 ár samfellt í húsinu. Húsið hefur nú verið fært aftur til þess útlits sem það hafði 1919 þegar Guðlaugur hóf þar verslunarrekstur og er þar rekin verslun í anda Guðlaugs.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 10.07.2020, https://eyrarbakki.is/husin-a-bakkanum/sjonarholl/.

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 142.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfalt og látlaust hús alþýðuhús með mansard þaki og góður fulltrúi þeirrar gerðar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð frá um og fyrir 1900 og í því var rekin verslun í 70 ár (Laugabúð). |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af heild húsa umhverfis Húsið og götumynd Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið gert upp eins og það var þegar verslun hófst í húsinu 1919 en þá voru settir 2 verslunargluggar á húsið, þaki breytt 1896. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | í góðu ástandi og vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna verslunarsögu Laugabúðar, fágætt og mikilvægur hluti af heild húsa /götumynd. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1897** Eyrargata 46a Garðhús I

Fyrsti eigandi: Jónas Einarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Garðhús I eftir 1925. Einkasafn MKH.



Garðhús I, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Pappi | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Kjallari<br>Viðbygging<br>Einlyft<br>Reykháfur<br>Ris | Einlyft<br>Kjallari<br>Viðbygging<br>Útitröppur<br>Ris |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1931 | Byggður inngangsskúr, sett port og ris hækkað. Steyptur upp skorsteinn. | |
| 1983 | Endurbætt á árunum 1983-1988. Gluggar færðir til eldra horfs. | Hjörleifur Stefánsson, arkitekt |

## Saga

Garðhús er timburhús af dansk-íslenskri yngri gerð með áhrifum sveitser stíls. Húsið var byggt árið 1897 og var fyrstu árin aðeins klætt með pappa og listum. Það hefur í gegnum tíðina ýmist verið kallað Garðhús eða Garðbær. Um tíma var það svo kallað Jónasarhús eftir fyrsta eiganda sínum Jónasi Einarssyni. Garðhús stendur skakkt við götuna og var þess vegna um tíma uppnefnt Skakkur. Portið var hækkað og byggt ofaná húsið árið 1931. Inngöngubíslagið var stækkað í endurbótum á níunda áratugnum.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 35.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 140.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt einfalt timburhús. Hækkun á porti raskar aðeins hlutföllum í húsinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð meðfram Eyrargötu frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er bæði hluti af mikilvægri heild og götumynd Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið gert upp á vandaðan hátt eins og það var um 1930 þegar það var bæði hækkað og stækkað. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Aðeins farið að þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna umhverfisgildis sem mikilvægur hluti af heild og upphaflegri byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ingibjörg Jónsdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Garðhús II fyrir miðju. 1912. B.Árn.



Garðhús II, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Pappi | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur | Tvílyft |

**Helstu breytingar:**

1990 Endurbyggt frá grunni. Flutt breidd sína til norðurs á nýjan grunn.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Garðhús II er timburklassík. Ingibjörg Jónsdóttir lét byggja húsið árið 1901 og var það kennt við látinn eiginmann hennar Frímann Jónsson. Talið er að smiður hússins hafi verið Kristinn Jónsson, vagnasmiður, vegna þess að ýmis gögn og reikningar er varða byggingu hússins eru með hans nafni. Haraldur Blöndal ljósmyndari bjó í húsinu hluta þess tíma sem hann starfaði á Eyrarbakka og þar æfði hann einnig kór og kvartett. Guðlaugur Pálsson kaupmaður notaði húsið lengi sem geymslu en nú hefur það verið gert upp og er notað til íbúðar. Viðgerð hússins fór fram á árunum 1990-1993 og var það mikil framkvæmd þar sem húsið var í mjög slæmu ástandi. Húsið var flutt breidd sína til norðurs á nýjan steyptan grunn, grindin var endurnýjuð. Jón Karl Ragnarsson byggingameistarti annaðist endurgerðina.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 35.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 141.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt einfalt timburhús, timburklassík. Hlutföll góð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af sögulegri byggð frá um 1900. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur ekki við götu en er hluti af mikilvægri heild húsa sem tilheyra upphaflegri byggð á Eyrarbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið endurgert á vandaðan hátt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna umhverfisgildis sem mikilvægur hluti af heild og upphaflegri byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Halldór og Ólafur Guðmundssynir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Sæfell 1950. Einkasafn Þórarinn Ólafsson.



Sæfell, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Vikurholsteinn | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur | | |

## Saga

Sæfell er parhús byggt árið 1950 í funkis stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Funkishús. Klæðning og gluggaumgjarðir draga úr listrænu gildi. Inngangshluti gefur húsinu sérstöðu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Eina húsið á Eyrarbakka af þessari gerð en var byggt töluvert af út um land. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Stendur við götu en hefur lítil tengsl við umhverfi sitt. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt að utan að hluta. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ástand frekar slappt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Þokkalegt funkishús, eina húsið af þessari gerð á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1980** Eyrargata 49 Bensínstöð

Fyrsti eigandi: BP

Upphafleg notkun: Verslun / Þjónusta

Hönnuður: Guðni Magnússon

Núverandi notkun: Verslun / Þjónusta




Bensínstöð, norðurhlíð.




Bensínstöð, júlí 2017. Norðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Einlyft<br>Ris | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1980 sem bensínafgreiðslustöð og hefur þjónað því hlutverki síðan. Húsið stendur á opnu svæði þar sem svokallað Olíuport var. Það var afgirt svæði með lager frá BP. Framan við Olíuportið þar sem bensíndælurnar eru var leikvöllur. Slippurinn á Eyrarbakka sem var starfræktur frá 1954-1966 var þar vestan við. Þetta er eina eignarlóðin í þorpinu.

Heimildir:

Inga Lára Baldvinsdóttir. Margur í sandinn hér markaði slóð. (Reykjavík: Eyrarbakkahreppur 1998), bls. 66.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Dæmigerð bensínsjoppa eins þær birtast víða á landsbyggðinni. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Dæmi um þá verslunarmenningu (hnignun verslunar) sem þrífst á minni þéttbýlisstöðum víða á landsbyggðinni. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Frekar óræktarlegt umhverfi og gat í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | | Sennilega nokkuð upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist þarfnast töluverðs viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Óaðlaðandi umhverfi og sár í götumyndinni. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1881** Eyrargata 50 Assistentahúsið

Fyrsti eigandi: Jakob Lefolii

Upphafleg notkun: Þjónusta / Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Assistentahúsið. Ljósmyndari Agnes Lunn.



Assistentahúsið, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Pappi | Pappi |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Inngönguskúr (bíslag) |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1943 | Forskalað að innan. | |
| 1993 | Gagngerar endurbætur árin 1993 -1996. | Bragi Blumenstein, Arkitekt |

## Saga

Assistentahúsið er timburhús af eldri gerð, sambyggt Húsinu. Assistentahúsið var byggt sem svefnaðstaða danskra verslunarþjóna Lefolii kaupmanns. Húsinu var breytt í íbúð snemma á 20. öld og innréttað eldhús í hluta þess. Það var forskalað að innan árið 1943 sem fór illa með innviði þess. Assistentahúsið var rækilega lagfært á árinum 1993 til 1996 og fékk upprunalegt útlit og pappaklæðingu á þak eins og var upprunalega. Ragnhildur og Halldór í Háteigi leigðu út Assistentahúsið á þeim tíma sem þau áttu Húsið. Hjá þeim leigði Guðmundur Daníelsson rithöfundur frá 1943 til 1951 og skrifaði þar margar af sínum merkustu bókum, þar á meðal sögulegu skáldsöguna „Húsið". Guðmundur léði Halldóri Laxness Assistentahúsið sumarið 1945 og þar skrifaði Laxness bókina „Eldur í Kaupinhöfn". Fleiri fjölskyldur bjuggu í Húsinu og Assistentahúsinu um tíð. Kvenfélag Eyrarbakka hafði Assistentahúsið á leigu í nokkur ár og var þar með kaffisölu og ljósböð fyrir börn, en síðast stóð Assistentahúsið autt, enda illa farið. Gert var við húsið á árunum 1993 til 1996 og var Assistentahúsið fært í upprunalegt horf. Byggðasafn Árnesinga hefur verið með sýningahald í Assistentahúsinu frá 1995. Í því eru teknir fyrir valdir þættir úr sögu héraðsins.

Heimildir:

Lýður Pálsson. Húsið á Eyrarbakka. (Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga 2014), bls. 36-37.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Timburhús eldri gerð. Mjög fallegt hús af þessari gerð og fágætt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Sögulega mikilvægt hús sem var hluti af verslunarrekstri Hússins og nýtt í tengslum við það. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Tengist Húsinu og er hluti af safnasvæði þess. Hluti af heild hinnar sögulegu byggðar á Eyrarbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er mjög upprunalegt og endurnýjað á vandaðan hátt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í mjög góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Mjög mikilvægt hús vegna menningarsögu, aldurs og umhverfisgildis. |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Almenna verslunarfélagið

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Húsið um 1890. B.Árn.



Húsið, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bolverk | Timbur, bolverk |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Rennisúð | Rennisúð |
| Undirstaða: | | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kvistir |

**Helstu breytingar:**

| | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1864 | Gagnger viðgerð. Lóðrétt vatnsklæðning sett á húsið. | |
| 1865 | Breytingar innan húss, stigahúsið byggt og inngönguskúr. | |
| 1932 | Skipt um alla austurhlið, grind og fleira. | |
| 1979 | Hafist handa við viðgerðir sem stóðu til 1996 | |

## Saga

Húsið á Eyrarbakka er í hópi elstu húsa á Íslandi, elsta timburhús á Suðurlandi, byggt árið 1765 úr tilsniðnu timbri af Jens Lassen kaupmanni þegar kaupmönnum var heimiluð veturseta. Frá 1765 til 1926 var Húsið heimili kaupmanna og annars starfsfólks Eyrarbakkaverslunar og jafnan þekkt fyrir sitt merka hlutverk í íslenskri menningarsögu og síðustu áratugi fyrir langan aldur. Í daglegu tali var það nefnt „Húsið“, sennilega vegna þess að lengi fram eftir 19. öld var ekkert annað íbúðarhús úr timbri á Eyrarbakka og bar því höfuð og herðar yfir annan húsakost. Nafnið gæti einnig hafa verið stytting af heitinu „Kaupmannshúsið“. Jens Lassen hét fyrsti kaupmaðurinn í Húsinu. Hann var kaupmaður hjá Almenna verslunarfélaginu í Kaupmannahöfn sem hafði þá einkarétt á allri verslun á Íslandi. Eftir 1920 komu fram margháttaðir erfiðleikar í verslun á Eyrarbakka svo að í lok 3. áratugarins lenti Húsið um sinn í eigu Landsbanka Íslands. Árið 1932 urðu hjónin Halldór Kr. Þorsteinsson og Ragnhildur Pétursdóttir í Háteigi eigendur Hússins á Eyrarbakka. Þau hófust handa um endurbætur undir leiðsögn Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar sem hafði hvatt þau til kaupanna. Yfirsmiður var Eiríkur Gíslason í Gunnarshólma á Eyrarbakka. Er talið að með þessum kaupum og viðgerð hafi tekist að bjarga Húsinu frá niðurrifi en þá var ekki algengt að vernda hús með langa sögu. Auðbjörg Guðmundsdóttir og Pétur Sveinbjarnarson keyptu Húsið árið 1979. Bjó Auðbjörg í því til 1994 en árið 1992 keypti Ríkissjóður Húsið af henni. Þjóðminjasafn Íslands tók við eigninni fyrir hönd ríkisins og hafði umsjón með viðgerðum næstu árin. Byggðasafn Árnesinga flutti starfsemi sína í Húsið í ágúst 1995 og opnaði almenningi til sýnis.

Heimildir:

Lýður Pálsson. Húsið á Eyrarbakka. (Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga 2014).

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Danskt hús. Timburhús (bolhúsagerð). Reisulegt kaupmannshús 18. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Með elstu timburhúsum á landinu. Mikil saga sem menningarsetur og tengist upphaflegri verslun á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Miðpunktur Eyrarbakka, umlukið sögulegri byggð og Eyrarbakkakirkju. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Mjög upprunalegt og endurgert á vandaðan hátt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Í góðu ástandi og vel við haldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Vegna húsgerðar (byggingarlistar), fágætis, aldurs, menningarsögu og umhverfis. |
| Verndarflokkar: | Friðlýst hús - blár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Byggðasafn Árnesinga

Upphafleg notkun: Eggjaskúr, náttúruskoðun

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Eggjaskúrinn, júlí 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Timbur | Timbur | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft | Einlyft<br>Kjallari | | |

## Saga

Byggðasafn Árnesinga gaf út greinargerð um mögulega endurbyggingu Eggjaskúrs Peter Nielsens faktors árið 2001. Eggjaskúrinn var endurbyggður árið 2004. Hinn upprunalegi Eggjaskúr stóð á hlöðnum sökkli sem styrktur var með steypu með tæplega tveggja metra djúpum kjallara. Peter Nielsen varð faktor 1887 og var hinn upprunalegi Eggjaskúr reistur á fystu árum Nielsens faktors. Skúrinn var svo fluttur á Selfoss árið 1926. Sökkullinn var síðan nýttur fyrir hinn nýja Eggjaskúr árið 2004. Útlit núverandi Eggjaskúrs tekur mið af ljósmyndum af hinum upprunalega Eggjaskúr.

Heimildir:

Lýður Pálsson. Búsetulandslag Hússins á Eyrarbakka. Óbirt handrit.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Skúr sem er í byggingarlistalegu samhengi við húsin á svæðinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögulegri heild sem er Húsið á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild húsa á safnasvæði Hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur verið endurbyggður eftir upprunalegum skúr frá því um 1900. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýlegur skúr í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Hússins. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Hjallurinn á árunum 1975-1987. Þjms.



Hjallurinn, júlí 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Rennisúð | Rennisúð |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft |

**Helstu breytingar:**

Hjallurinn færður nær upprunalegu horfi.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Hjallurinn er reistur á milli áranna 1918-1922 og er hann byggður á grunni vagnskúrs og á porti sem var þar sunnan við. Svo virðist sem hjallurinn hafi áður verið vagnskúr, þ.e. skilgreindur sem slíkur af Eiríki Gíslasyni á korti frá 1915 og þá er hann sjáanlegur á eldri myndum t.a.m. ljósmynd frá 1890. Þegar hinu stutta vagnatímabili lauk er hjallurinn aftur nýttur sem þurkhjallur og það á vafalítið við um þann hjall sem sagður eru reistur á milli 1918-1922.
Heimild:
Lýður Pálsson. Búsetulandslag Hússins á Eyrarbakka. Óbirt handrit.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fellur vel að byggingarstíl þeirra húsa sem það er hluti af. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningar- og búsetulandslagi Hússins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Fellur vel að því umhverfi sem það er hluti af. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Gert upp í upprunalegri mynd. |
| Tæknilegt ástand: | | Nýuppgert. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægur hluti af menningarsögulegri heild. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1918** Eyrargata 50 Fjárhús/hesthús

Fyrsti eigandi: Upphafleg notkun:

Hönnuður: Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Milli 1975-1987. Þjms.



Fjárhús og hesthús til vinstri, fjósið til hægri.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Pappi | Pappi | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Pappi | Pappi | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Geymslan er á korti Sveinbjarnar Ólafssonar merkt stafnum Y en þar stendur Kul & Brændsel og hún fyrst og fremst nýtt sem eldiviðar og kolageymsla. Líklegt verður að teljast að geymslan sem reist á svipuðum tíma og fjósið sem byggt var í tíð Jens D. Nielsen sem var verslunarstjóri Einarshafnar sf (Eyrarbakkaverslunar) árin 1910 til 1918. Geymslan telst til þurrabúðarhúsa.

Heimildir:

Lýður Pálsson. Búsetulandslag Hússins á Eyrarbakka. Óbirt handrit.
Lýður Pálsson. Húsið á Eyrarbakka. (Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga 2014), bls. 51-52.
Guðmundur Lúther Hafsteinsson sviðsstjóri Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands - munnleg heimild 15. júlí 2020.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Þurrabúð. Fellur vel að byggingarstíl þeirrar heildar sem hún er hluti af. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af menningarsögulegri heild Hússins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægur hluti af búsetulandslagi Hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Endurgerð í ósamræmi við aldur þ.e. frá 1940. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýlega uppgert. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægur hluti af menningarsögulegri heild. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jens D. Nielsen

Upphafleg notkun: Landbúnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Fjósið á árunum 1975-1987. Þjms.



Fjósið, október 2017. Suðurhlið.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Timbur | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging | | |

## Saga

Gripahús, fjósið er elst þessara þriggja útihúsa ef lesið er í Húsamati Eiríks Gíslasonar, merkt þar stafnum G og á korti Sveinbjarnar Ólafssonar merkt stafnum S. Fjósið hefur sennilega verið byggt í tíð Jens D. Nielsen sem var verslunarstjóri Einarshafnar sf (Eyrarbakkaverslunar) árin 1910 til 1918. Í virðingagjörð frá 1908 er fjósið ekki byggt en þar lýst fjósi með torfveggjum og einungis fyrir fjórar kýr, ca 7x4 m að stærð. Hugsanlega gæti það síðar hafa verið notað sem hesthús merkt I á afstöðumynd Eiríks og S á korti Sveinbjarnar. Eiríkur Guðmundsson búsettur í Hátúni á Eyrarbakka fór um fjósið sumarið 2011 og fullyrti að fjósið væri hið fyrsta á Suðurlandi og etv. víðar þar sem settir hefðu verið steinsteyptir flórar og básar í dönskum herragarðsstíl. Fjós þetta væri því mjög merkilegt. Upphaflega voru pottsteyptir sexrúðugluggar á austurhlið og dyr á norðurhlið sem síðar voru fylltar upp með vikursteinum. Fjósið var notað af Dagbjarti Guðmundssyni í Garðbæ 2 á árunum 1954 til 1963 og mjólk send þaðan í Mjólkurbú Flóamanna. Þórunn Gestsdóttir í Garðbæ var þar einnig með eina kú.

Heimildir:

Lýður Pálsson. Búsetulandslag Hússins á Eyrarbakka. Óbirt handrit.
Lýður Pálsson. Húsið á Eyrarbakka. (Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga 2014), bls. 52.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gott dæmi um gripahús frá upphafi 20. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af heild húsa umhverfis og tilheyrandi Húsinu. Er nú hluti safnsins. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af mikilvægri heild húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Vandaðri endurgerð nánast lokið. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Mjög gott. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna fágætis og menningarsögu. Tilheyrir Húsinu og er hluti af safnasvæði þess. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Hraðfrystistöð Eyrarbakka hf.

Upphafleg notkun: Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Þjónusta



Hraðfrystihúsið 1964. HérÁrn.



Hraðfrystihúsið, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Ris<br>Viðbygging<br>Tvílyft<br>Inngönguskúr (bíslag) |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1974 | Viðbygging. | Sigurður Oddsson, verkfræðingur |
| 1975 | Salthús byggt við. | Sigurður Oddsson, verkfræðingur |
| 1979 | Viðbygging til austurs. | Sigurður Oddsson, verkfræðingur |
| 2006 | Matshluti 1 klæddur að utan og gluggum breytt. Gert að íbúðum. | Bjarni Þórólfsson, |
| 2014 | Matshl. 2 geymsla breytt í gistiskála. Nýjir gluggar og klætt með bárujárni. | Eiríkur Vignir Pálsson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Elsti hluti hússins er byggður árið 1944 og hýsti lengst af Hraðfrystistöð Eyrarbakka h/f. Teikningar af fyrsta áfanga hússins voru fengnar frá vélsmiðjunni Héðni og húsið byggt fyrir hlutafé þar sem búandi og brottfluttum Eyrbekkingum bauðst að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu. Lengi var frystihúsið þungamiðjan í þorpinu og á því byggðu flestir þorpsbúar afkomu sína. Vinnsla hófst í húsinu um miðjan maí 1944 og fyrsti verkstjóri var Ólafur Bjarnason. Húsið varð fljótt of lítið og var byggt við það í áföngum enda jókst útgerð á staðnum með tilkomu frystihússins sem gerði oft út báta sjálft og tók við afla frá öðrum bátum. Húsið var jafnframt nýtt sem sláturhús í 12 ár og í tengslum við það opnuð matvörudeild, kölluð Matardeildin í frystihúsinu sem seldi unnar kjötvörur o.fl. vörur. Meðan hraðfrystistöð var í húsinu var hún stærsta atvinnufyrirtæki á Eyrarbakka og jafnframt hjarta bæjarfélagsins. Nú er farfuglaheimili og gistihús í húsinu og hefur það verið lagað að þeirri notkun.
Húsið er byggt í mörgun áföngum og stórir hlutar þess eru steinsteyptir. Aðeins elsti hlutinn er hlaðinn.

Heimildir:

Inga Lára Baldvinsdóttir. Margur í sandinn hér markaði slóð. (Reykjavík: Eyrarbakkahreppur 1998), bls. 86.
Magnús Karel Hannesson. Frystihúsið. (Reykjavík: Laugabúð 2017).

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steinhús, en að hluta úr holsteini sem hefur verið klætt með bárujárni til að líkja eftir eldri húsum. Rýrir mjög byggingarlistargildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hraðfrystihús, mikilvægt fyrir atvinnusögu Eyrarbakka og þá uppgangstíma sem fylgdu starfsemi þessa húss. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hús sem nær yfir mjög stórt svæði og mikilvægur staður í bænum meðan fiskvinnslustarfsemi var í húsinu. Hefur frekar lítið gildi núna sem gistihús. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Búið að gjörbreyta, klæða að utan og breyta gluggum. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Frekar nýklætt og ástand sennilega þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Klæðning rýrir mjög gildi hússins. Húsið hefur þó mikið menningarsögulegt gildi sem tengist atvinnusögu á uppgangstíma Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Gísli Pétursson

Upphafleg notkun: Íbúð / Þjónusta

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Læknishús fyrir miðju á fyrri hluta 20. aldar. SME.



Læknishús, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Pappi | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Reykháfur<br>Ris<br>Kjallari | Kjallari<br>Útitröppur<br>Portbyggt<br>Ris<br>Einlyft | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1916 af Gísla Péturssyni lækni og telst vera steinsteypuklassík með sveitseráhrifum. Gísli hafði áður búið í Samúelshúsi austar í þorpinu en það brann og því réðst hann í þessa húsbyggingu. Eftirfarandi lýsingu er að finna í blaðinu Suðurland: „Gísli Pétursson héraðslæknir er nú fluttur í hið nýja íbúðarhús sitt á Miðbakkanum. Hefir þetta hús verið byggt í sumar, og er nú að kalla fullgert. Hús þetta er snoturt og að öllum frágangi hið vandaðasta, og er vonandi að með því sé innfærð ný byggingaraðferð hér austan fjalls. Húsið er úr steinsteypu með einföldum útveggjum, en innan á útveggi er klætt með plötum, steyptum úr hraunvikri, sandi og sementi. Er það í fyrsta skifti sem slíkar innveggjaplötur eru steyptar úr vikurmöl, en í Reykjavík hafa þær verið steyptar úr gjalli úr gasstöðinni. Með því að steypa þessar plötur úr efni sem nóg er til af, virðast hinir miklu erfiðleikar á innanhúsklæðningu leystir. Áður fyrri urðu menn, sem ekki vildu notast við einfalda útveggi, annað hvort að klæða tóftina innan með tré, eða hafa tvöfalda veggi, en hvorttveggja er þetta miklu dýrara, en hinar steyptu plötur, auk þess sem tréklæðning er endingarverri en plöturnar. Jón Þorláksson mun fyrstur manna hafa notað steyptar plötur, en við þetta hús er í fyrsta sinni haft nothæft, innlent efni í plöturnar, og er það gert að ráðum J.Þ. Gólf og loft í húsi þessu eru gerð úr járnbentri steinsteypu, og munu nú ekki dýrari en trégólf. Að húsi þessu hefir hr. Einar Finnsson í Reykjavík verið yfirsmiður. Dýrt verður fyrir menn að byggja úr steinsteypu, þó ekki sé byggt í dýrtíð, en mikið er þó varið í að geta bygt góð og vönduð hús, sem engri rýrnun virðast háð, og ættu því að geta staðið öldum saman.
“ (Suðurland, 1916)

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
„Gísli Pétursson“. Suðurland, 21.11.1916. Bls. 135.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 46.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 158.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Reisulegt og fallegt steinhús með klassiskum sveitser áhrifum. Ytri hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi góð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggt sem íbúðarhús læknisins á staðnum. Fyrsta hús sem klætt er með steyptum vikurplötum að innan. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Kennileiti í umhverfinu og mikilvægur hluti af götumynd eldri húsa við Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist mjög upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist sem einhverjar viðgerðir/viðhald standi yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna fágætis og sem hluti af götumynd og sögulegri byggð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1932** Eyrargata 57 Breiðaból

Fyrsti eigandi: Jóhannes Sigurjónsson

Upphafleg notkun: Íbúð / Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Breiðaból 1984. Ljósmyndari Magnús Karel Hannesson.



Breiðaból, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 2017 Húsið lagfært að utan. Þakgluggum bætt við og gluggum á gafli fækkað. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Útitröppur<br>Kjallari<br>Reykháfur | | |

## Saga

Húsið Breiðaból er timbursveitser, bárujárnsklæddur, að gerð. Jóhannes Sigurjónsson, trésmiður byggði húsið árið 1932 fyrir sig og fjölskyldu sína. Kona hans var Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir. Þau bjuggu í húsinu til ársins 1973 og hefur það verið í eigu margra eftir það.


Heimildir:
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 24.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 14.09.2017 á: http://eyrarbakki.is/?page_id=95


## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegur einfaldur timbursveitser í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Íbúðarhús án sérstakrar tengingar við sögu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt í götumynd Eyrargötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Nokkuð upprunalegt en gluggar hafa líklega eitthvað breyst. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Endurnýjun klæðningar og glugga stendur yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Fallegt hús og mikilvægt í götumynd Eyrargötu. |
| Verndarflokkar: | Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Bjarnason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ólafur Bjarnason

Núverandi notkun: Íbúð



Stíghús II 1993. Ljósmyndari Sigurður Jónsson.



Stíghús II, júní 2017. Austurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Byggt við húsið eftir 1940. | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Brotaþak (mansard) | Brotaþak (mansard) | Upphaflega sex rúðu gluggar á húsinu en hefur verið breytt. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Stíghús II er einfalt timburhús með mansardþaki að hluta. Eldri hluti hússins var byggður árið 1889 af Ólafi Bjarnasyni smið fyrir sig og sína fjölskyldu. Yngri hlutinn var byggður um 1940 af Páli Jónassyni.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 58.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 148.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús, mansardhús að hluta. Töluvert breytt og byggt við með funkisáhrifum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Mikilvægt hús í götumynd eldri húsa við Eyrargötu. Húsið stendur áberandi mikið út í götuna. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Mikið breytt, bæði byggt við og settir gluggar ólíkir upprunalegum gluggum. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Í mjög slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð og götumynd Eyrargötu. Mikilvægt að húsið verði gert upp nær upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1922** Eyrargata 61 Ásaberg

Fyrsti eigandi: Gísli Einarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Júlíus Ingvarsson

Núverandi notkun: Íbúð



Ásaberg. Einkasafn MKH.



Ásaberg, júní 2017. Norðvesturhlið

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1957 | Viðbygging reist við vesturhlið hússins. | |
| 1985 | Húsið klætt með bárujárni og settir gluggar með einum þverpósti. | |
| 2006 | Kvistur settur á suðurhlið, þakgluggar á norðurhlið. Ris á þaki hækkað. | Eiríkur Vignir Pálsson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Ásaberg er einfalt steinsteypt hús. Gísli Einarsson frá Hæli lét byggja húsið árið 1922 fyrir sig og sína. Smiður var Júlíus Ingvarsson. Á þessari lóð stóð áður húsið Sandgerði.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 18.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt steinsteypt hús en breyttir gluggar og klæðning rýrir mjög útlit og gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið er hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægt fyrir götumyndina. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur verið klætt með bárujárni og gluggum mikið breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt fyrir götumyndina og sem hluti af sögulegri byggð. Mikilvægt að færa nær upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1921** Eyrargata 63 Beitningaskúr

Fyrsti eigandi: Guðfinnur Þórarinsson og Kristinn Vigfússon

Upphafleg notkun: Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Beitningaskúrinn á árunum 1975-1987. Þjms.



Beitningaskúr, júní 2017. Suðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | Voru tvö hús sem stóðu saman undir tveimur burstum. Aðeins annað eftir. | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1992 | Alsherjar viðgerð á húsinu. | Hjörleifur Stefánsson, arkitekt |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt | | | |

## Saga

Húsið stendur ofan við svonefnda Heklubryggju eða Austurbryggju. Skúrinn var byggður árið 1921 og stóð þá í langri röð aðgerða- og beitningaskúra ofan við Austurbryggjuna/Heklubryggjuna. Húsin gengu undir samheitinu Byrgin og byggðust upp á þriðja áratug aldarinnar. Skúrinn var upphaflega sambyggður öðru fiskhúsi og stóðu þau sem tveggja bursta heild þar til hitt húsið var rifið fyrir nokkrum áratugum. Húsið var fyrst nýtt sem geymsla og saltfiskhús en síðar sem beitningaskúr. Á vesturhlið hússins er all sérstök klæðning en hún er virðist vera unnin úr útflöttum báti.Í dag á Sjóminjasafnið á Eyrarbakka húsið en Bjarni Jóhannsson gaf safninu það.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Inga Lára Baldvinsdóttir. Margur í sandinn hér markaði slóð. (Reykjavík. Eyrarbakkahreppur 1998), bls. 96.
Þjóðskjalasafn Íslands. Eigarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/44, 1920-1929. Nr. 63.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfalt timburhús í góðum hlutföllum þar sem form, gluggasetning og efni spila fallega saman. Annar hluti af tveggja bursta sambyggðu húsi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Minnisvarði um sögu vélbátaútgerðar á Eyrarbakka. Eini skúrinn sem eftir er í langri röð aðgerða- og beitningaskúra á Austurbryggjunni. Staðið hefur til að friðlýsa hann. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Eina húsið sem stendur eftir þarna úr röð fleiri húsa sem eru horfin. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Mjög upprunalegur en var mikið endurnýjaður 1992. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast aðeins viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er hluti af Sjóminjasafninu og hefur mikið menningarsögulegt gildi. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1913** Eyrargata 65 Óðinshús

Fyrsti eigandi: Kaupfélagið Hekla

Upphafleg notkun: pakkhús / Iðnaður

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Óðinshús uppúr 1920. Rafstöðin fyrir miðju og járnsmiðjan í skúr til hægri. Þjms.



Norðurhlið. Júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Byggt við húsið til suðurs. | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1920 Rafstöðin byggð við húsið. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging | | |

## Saga

Óðinshús er byggt árið 1913 sem pakkhús fyrir Kaupfélagið Heklu sem þá var rekið með góðum árangri. Árið 1919 keypti Kaupfélagið Hekla allar eignir Einarshafnarverslunarinnar sem áður var Lefolii verslun. Kaupfélagið Hekla fór ekki varhluta af verðfalli á vörum í kjölfar fyrri heimstyrjaldarinnar samhliða auknum verslunarrekstri á Selfoss og hætti Kaupfélagið Hekla rekstri árið 1925.Óðinshús og rafstöðin eru sambyggð steinsteypuhús. Óðinshús er austast, þá rafstöðin en vestan við hana var járnsmiðja. Rafstöðin var byggð við að vestanverðu árið 1920.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Vef. „Óðinshús“. UniJon. Sótt 12.09.2017, https://unijon.com/unijon-3/odinshus/

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt steinsteypuhús með klassískum einkennum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögu verslunar á Eyrarbakka frá fyrri hluta 20. aldar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur eitt og sér og lítil tengsl við önnur hús frá sama tíma. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur eitthvað breyst til að aðlaga að nýju hlutverki. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur menningarsögulegt gildi sem hluti af sögu verslunar á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1920** Eyrargata 65 Rafstöðin

Fyrsti eigandi: Eyrarbakkahreppur

Upphafleg notkun: Rafstöð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Vinnustofa listamanns



Óðinshús til vinstri, Rafstöðin fyrir miðju og járnsmiðjan í skúr til hægri upp úr 1920. Þjms.



Norðurhlið. Júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | Fljótlega byggð járnsmiðja við vesturgafl en hún var rifin um 2000. | |
| Útveggir: | | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | 1957 Sett stærri hurð að framan og gluggaskipan breytt á N og S hlið. | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Kjallari<br>Viðbygging | | |

## Saga

Rafstöðin var byggð árið 1920 til þess að hýsa rafstöð til ljósa fyrir Eyrarbakka. Flest allir smiðir og múrarar í þorpinu komu að byggingunni og þar má t.d. nefna Elías Hjörleifsson, Gunnar Jónsson, Júlíus Ingvarsson og fleiri. Rekstur rafstöðvarinnar stóð ekki undir lántökum og varð það til þess að bankinn eignaðist húsið og rak rafstöðina í nokkur ár. Kristinn Jónasson rafvirki keypti húsið og starfsemina en hætti rekstri þegar Sogsrafmagn var leitt á Eyrarbakka árið 1947. Húsið stóð þá autt þangað til fyrsti slökkvibíllinn kom í þorpið árið 1957 og húsinu var breytt í slökkvistöð. Sjöfn Har myndlistarkona hafði vinnustofur í húsinu um hríð og síðar Sverrir Geirmundsson.

Heimildir.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Upphaflega rafstöðin er vönduð, falleg byggingarlist, steinsteypuklassík. Viðbygging tekur mið af því. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Byggt sem rafstöð og hefur mikilvægi fyrir sögu rafvæðingar á Eyrarbakka. Síðar slökkvistöð bæjarins. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Mikilvægt fyrir hina sögulegu heild húsa á Eyrarbakka. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist nokkuð upprunaleg. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í nokkuð góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt fyrir atvinnusögu, byggingarlist og sem hluti heildar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1950** Eyrargata 67 Merkigil

Fyrsti eigandi: Guðmundur Eiríksson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Merkigil fyrir miðri mynd. Einkasafn MKH.



Merkigil, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Viðbygging |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2010 | Endurbætur og verkstæði innréttað sem íbúð. | Eiríkur Vignir Pálsson, byggingatæknifræðingur |

## Saga

Húsið Merkigil er byggt árið 1950. Verkstæði var í hluta hússins en nú hefur því verið breytt í íbúð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús. Um er að ræða restar af ósamstæðum sambyggðum skúrbyggingum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Tengist upphaflega vélbátaútgerð en er nú ferðaþjónusta. Byggingarnar eru restar af Byrgjunum svokölluðu sem voru röð aðgerða- og beitingarskúra frá kringum 3. áratug 20.aldar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Tengjast ágætlega aðliggjandi byggð. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hafa verið endurgerð til að aðlaga breyttri nýtingu. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ástand er misjafnt allt frá því að vera endurgert og að vera í frekar slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hluti af atvinnusögu á Eyrarbakka. Þarna var trésmíðaverkstæði en húsið hefur að hluta tapað gildi sínu með breyttri starfsemi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1941** Eyrargata 69 Sólbakki

Fyrsti eigandi: Líklega Guðmundur Eiríksson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Sólbakki um 1945. Einkasafn MKH.



Sólbakki, júní 2017.

## Gerð húss:

| | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | Breytt úr valmaþaki í mænisþak eftir 1993. | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1941 samkvæmt brunavirðingu sem smíðahús en var umbreytt í íbúðarhús á sjötta áratugnum. Húsið er einnar hæðu týpuhús. Tvíviðbyggt, til austurs og til norðurs (holsteinn). Guðmundur M. Þorláksson skólastjóri bjó í húsinu en hann flutti af staðnum 1948.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Byggt sem einfalt smíðahús sem síðar var breytt í íbúðarhús í týpuhúsastíl. Ekki gott eintak. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús án sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Í þröngu og óreiðukenndu umhverfi misjafnra húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega með valmaþaki. Virðist bárujárnsklætt á stein að hluta. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Mjög slæmt og virðist ónýtt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Virðist vera nánast ónýtt og staðsett í mjög óreiðukenndu nærumhverfi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Halldór Jónsson og Ingvar Halldórsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Hlið fyrir miðju um 1930. Þjms.



Hlið, júní 2017. Vesturhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Reykháfur<br>Viðbygging |

**Helstu breytingar:**

| | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1942 | Veitt leyfi til þess að stækka og hækka skúra við íbúðarhúsið. | |
| 1943 | Búið að byggja steinhús ( 6,5 x 6 m h. 3,6 m) áfast við baðstofubyggingu | |
| 1990 | Bílskúr byggður við húsið. | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1915 og var þá einfalt timburhús en síðan hefur verið byggt tvisvar við húsið. Húsið var notað sem sjóbúð um tíma en lengst af sem íbúðarhús.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 38.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 144.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Sambygð ósamstæð hús. Að hluta þurrabúð og einfalt timburhús að hluta. Mikið breytt og skortir heildstætt útlit. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Elsti hluti hússins var sjóbúð um tíma. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Óreiðukennt umhverfi nærliggjandi húsa rýrir umhverfisgildi þessa húss. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur verið breytt töluvert og byggt við. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Vegna stöðu í umhverfinu og mikilla breytinga. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Sigmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Garðbær I, 1992. HérÁrn.



Garðbær I, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Glerskáli/Sólstofa<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1932 | Port byggt ofan á húsið og útbúin tvö herbergi og eldhús á lofti. | |
| 1944 | Við timburhúsið var byggt nýtt hús úr vikursteini til vesturs. | |
| 1960 | Byggt við suðurhlið hússins um 1960. | |
| 1995 | Bílskúr byggður við. | Guðmundur Karl Guðjónsson, tæknifræðingur |
| 2001 | Sólskáli byggður við húsið. | Erlingur Ingvason, tæknifræðingur |

## Saga

Húsið var byggt árið 1897 af Guðmundi Sigmundssyni verslunarmanni og íshússtjóra og var þá í stíl einfaldra timburhúsa. Húsið hefur tekið miklum breytingum frá upprunalegri mynd og oft verið byggt við það.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 34.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 141.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Margbreytt hús og mismunandi byggingarstílar. Einfalt timburhús í grunninn. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs og sem hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur frekar aðþrengt í óreiðukenndu umhverfi misgóðra húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Mikið breytt og ekki mikið sjáanlegt af upprunalegu húsi. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist í frekar slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hluti af sögulegri byggð og ásýnd frá Eyrargötu fellur ágætlega að götumynd eða heild húsa á nærliggjandi svæði. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1973** Eyrargata 75 Garðshorn

Fyrsti eigandi: Vigfús Jónsson

Upphafleg notkun: Bílskúr

Hönnuður: Vigfús Jónsson

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Garðshorn.



Garðshorn, mars 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | | Einlyft |

**Helstu breytingar:**

1997 Breytt úr bílskúr í sumarhús.

**Hönnuðir breytinga:**

Guðmundur Karl Guðjónsson, tæknifræðingur

## Saga

Húsið er byggt árið 1973 sem bílskúr fyrir Garðbæ (Eyrargötu 13). Hefur verið breytt í sumarhús.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús án sérstöðu. Byggt sem bílskúr. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Hefur enga slíka sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Bakhús sjávarmegin við Eyrargötu en hefur engin augljós tengsl við umhverfið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sennilega eitthvað breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ekkert sérstakt hús og úr takti við umhverfi og staðsetningu. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sigurður Ólafsson og Þórður Snorrason

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Káragerði um 1920. Einkasafn MKH.



Káragerði, júní 2017. Norðurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Plast |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Útitröppur<br>Viðbygging<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Byggt við vesturhlið hússins milli 1960 -1970. Nær sjálfstætt hús.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið er byggt árið 1900 en hefur tekið miklum breytingum. Það var upphaflega byggt sem tvíbýlishús og skipt í miðju með verkstæði í kjallara. Nú telst húsið vera sambland módernisma og einfaldra timburhúsa. Hjörtur Leó Jónsson bjó í Káragerði á síðari hluta 20. aldar og var með smíðaverkstæði í kjallara hússins þar sem hann annaðist húsgagnaviðgerðir og ýmiskonar smíði.

Heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls.139.
Vef. Mbl.is. „Hjörtur Leó Jónsson“. Sótt 20.03.2018 á: https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1143236/

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús sem hefur tekið miklum breytingum sem rýra gildi þess. Plastklætt. Sambyggt öðru mun yngra húsi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Vegna aldurs og sem hluti af sögulegri byggð. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Staðsett við götu og var hluti af götumynd. Núverandi útlit rýrir götumynd. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Mjög mikið breytt m.a. klæðning og gluggar. Lítið að sjá af upprunalegu húsi. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Eins og húsið er núna hefur það lítið gildi. Ef húsið yrði gert upp í upprunalegri gerð fengi það hátt gildi. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

 Eyrargata 77a (bílskúrar)

Fyrsti eigandi: Hjörtur Leó Jónsson og Magnús Karel Hannesson

Upphafleg notkun: Bílskúr

Hönnuður: Samúel Smári Hreggviðsson

Núverandi notkun: Bílskúr




Eyrargata 77a, júlí 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Bílskúrarnir eru byggðir árið 1987.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ekkert sérstök byggingarlist. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Byggðir 1987 og hafa lítið menningarsögulegt gildi. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Fara illa í götumyndinni þarna á mikilvægum stað við miðbik Eyrarbakka í nágrenni Hússins og kirkjunnar. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Ekkert breyttir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þokkalegt ástand. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Falla illa að aðliggjandi sögulegu umhverfi og rýra götumynd og heildstætt yfirbragð eldri húsa. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1926** Eyrargata 79 Garðbær II

Fyrsti eigandi: Ingvar Loftsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Júlíus Ingvarsson

Núverandi notkun: Íbúð



Garðbær II, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Útitröppur<br>Útskot (karnap) | | |

## Saga

Garðbær II er timburhús í sveitserstíl. Júlíus Ingvarsson smiður byggði húsið árið 1926 fyrir foreldra sína og systur. Áður stóð á nær sama stað hús sem hét Ingvarsbær eftir föður Júlíusar.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 34.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fallegt timburhús í sveitserstíl. Góð hlutföll þar sem form, gluggasetning og efni spila fallega saman |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Þetta er eitt þeirra húsa sem mynda heildstæða og fallega umgjörð umhverfis safnasvæði Hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið virðist nokkuð upprunalegt. Nýlegir gluggar þó sennilega breyttir en taka mið af útliti hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Endurgerð stendur yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt hús í götumyndinni og vegna nálægðar við safnasvæðið. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Jóhann Fr. Jónsson og Samúel Jónsson

Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuhús 1887. B.Árn.



Kirkjuhús, júlí 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Rennisúð | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Kjallari<br>Viðbygging<br>Tvílyft |

**Helstu breytingar:**

| | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1897 | Húsið lengt um sex álnir og bætt við annari hæð og risi m. Samúelsboga. | |
| 1916 | Búið að hækka risið og þakgerðin nú mænisþak. | |
| 1919 | Í brunavirðingu frá 1919 er tekið fram að neðri hæð sé notuð fyrir sölubúð | |

## Saga

Fyrsti hluti hússins er frá árinu 1879 en líklega er lítið eftir af þeim hluta. Þá var húsið ein hæð og ris með inngangi á suðurhlið. Smiður hússins var Jóhann Fr. Jónsson. Guðmundur Guðmundsson bóksali byggði húsið fyrir sig. Húsið var stækkað árið 1897 og var þá bætt við hæð og lágu risi með Samúelsboga auk þess sem það var stækkað. Smiður breytingana var Samúel Jónsson miðað við bogadregna þakið. Framan af var húsið kallað Guðmundarhús eftir eiganda sínum en er nú kallað Kirkjuhús. Guðmundur stundaði bóksölu á heimili sínu og eftir að húsið var stækkað var ýmis önnur starfsemi í húsinu. Sparisjóður Árnessýslu var með aðstöðu í austurhluta hússins frá 1897-1925. Sigurður sonur Guðmundar tók við bókabúðinni af föður sínum og seldi þar jafnframt pappír, ritföng og aðra smávöru. Hann seldi líka gler og annað til gluggaviðgerða auk þess sem hann sá um póstafgreiðslu á Eyrarbakka. Andrés Jónsson rak verslun í húsinu 1913-1916 og Guðlaugur Pálsson 1917-1919 þegar hann flutti hana í húsið Sjónarhól. Þorkell Ólafsson var síðasti kaupmaðurinn í Kirkjuhúsi en hann rak þar verslun frá 1919 -1947.

Heimildir:

Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 12.09.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 45.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 137.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Fágæt timburklassík. Hlutföll góð þar sem form, gluggasetning og efni spila fallega saman. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð auk þess sem húsið tengist verslunarsögu Eyrarbakka frá 1897-1947. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Þetta er eitt þeirra húsa sem mynda heildstæða og fallega umgjörð umhverfis safnasvæði Hússins. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist nokkurn veginn eins og það var 1897 en hugsanlega eitthvað smávægilega breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast einhvers viðhalds en lítur ágætlega út. Það er byrjað að skipta út gluggum sem Jón Karl Ragnarsson hefur smíðað. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna menningarsögu og sem hluti af heild húsa umhverfis safnasvæði Hússins. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ólafur Ólafsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Sandprýði um 1950. Einkasafn MKH.



Sandprýði, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1889 og taldist þá einfalt timburhús. Varðveitt er brunavirðing frá 13.12. 1916. Þar er virt íbúðarhús með kjallara undir og trégólfi, klætt undir járn með borðaklæðningu, að innan niðri þiljað og málað, skipt í fjögur herbergi, eldhús og gang. Uppi þiljað skipt í eitt herbergi og geymslu. Skúr upp við húsið notaður til íbúðar. Hús: 6,7x6,4m h. 4,7m. Skúr: 4,7x2m h. 2m. Á húsinu voru eru 10 gluggar en einn á skúrnum. Eigandi hússins þá er sagður Guðlaugur. Húsið var aftur virt 20. mars 1920.
Húsinu hefur nú verið breytt algerlega og var það gert árið 1967.

Heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/4, Eyrarbakkaumboð 1916-1920. Nr. 129.
Þjóðskjalasafn Íslands. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/4, Eyrarbakkaumboð 1916-1920. Nr. 194.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 154.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Núverandi hús í móderniskum stíl, byggt á grunni húss frá 1889 sem virðist horfið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Byggt utan um eða á grunni húss frá 1889. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Fellur illa að nærliggjandi umhverfi. Hefur neikvæð áhrif á nánasta umhverfi, heild eldri húsa frá því um 1900. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Gjörbreytt. Spurning hvort eitthvað sé eftir af húsinu frá 1889. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Í verulega slæmu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Vegna breytinga og ástands. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jónatan Jónsson

Upphafleg notkun: Bílskúr

Hönnuður:

Núverandi notkun: Geymsla



Háeyrarvegur 3, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1952 og sem bílskúr hlaðin úr holsteini. Mjög illa farin og nánast að hruni komin.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hálfhruninn skúr úr holsteini. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Ekki vitað. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Fer ekki vel. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Sennilega mjög upprunalegur. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Mjög slæmt, hálfhruninn. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Gott væri að losna við þennan skúr úr umhverfinu. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1983** Háeyrarvegur 5 Háeyrarvegur 5

Fyrsti eigandi: Friðrik Sigurjónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Karl Erik Rocksén

Núverandi notkun: Íbúð




Háeyrarvegur 5.



Háeyrarvegur 5, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar | | |
| Útveggir: | Timbur | Timbur | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris | | |

## Saga

Húsið er kataloghús byggt árið 1983.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Háreist timburhús - kataloghús. Ágætt hús í góðum hlutföllum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1983. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur engin tengsl við umhverfi sitt. Eina húsið af þessari gerð á þessum stað. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Sennilega lítið eða ekkert breytt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist vera í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Ágætt hús en hefur ekkert sérstakt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Rafveita Eyrarbakka

Upphafleg notkun: Spennistöð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Geymsla



Háeyrarvegur 7, júní 2017.

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | | Steniklæðning | | |
| Þakgerð: | Mænisþak, ósamhverft | Ósamhverft mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1970 í móderniskum stíl. Það var upphaflega spennistöð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Einfalt hús. Upphaflega spennistöð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Spennistöð frá 1970. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Engin tengsl við umhverfið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Klætt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Ástand lélegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Spennistöð sem nýtt er sem geymsla. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Ísleifsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Austurvöllur. Einkasafn MKH.



Austurvöllur, júní 2017. Suð-vesturhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari<br>Viðbygging | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1947 | Settir útveggir úr vikurholsteini og valmaþak. Veggir klæddir. | |
| 1970 | Byggt við húsið. | Bjarni Pálsson, byggingafulltrúi |

## Saga

Húsið var byggt árið 1911 og var þá einfalt timburhús en telst nú funkis hús. Fyrsti eigandi þess var Guðmundur Ísleifsson. Gísli Ragnar Gíslason lögregluvarðstjóri og fangavörður og Margrét Kristjánsdóttir keyptu Austurvöll árið 1943 og hófu þegar að stækka það og endurbæta. Þau héldu því verki áfram upp úr 1970 og gerðu það hið nýtískulegasta svo nú minnir fátt á gamla timburhúsið frá 1911.

Heimildir:

Sigurður Jónsson. „Gísli Ragnar Gíslason varðstjóri, Austurvelli, Eyrarbakka." Íslendingaþættir tímans, Minningargrein, 06.11.1976. Bls. 4.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 181.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Mikið breytt og endurgert í funkisstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Byggt var utan um hús frá 1911 og stækkað. Engin ummerki eldra húss sjáanleg. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Stakstætt hús án tengslar við nærliggjandi umhverfi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Engin ummerki eldra húss sjáanleg. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast nokkurs viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið er gjörbreytt og hefur lágt byggingarlistarlegt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Líklega Gunnar Einarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Hóp, júní 2017. Norðurásýnd.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Viðbygging | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1936 | Stækkað mikið. Niðri tvö herbergi, eldhús og gangur. | |
| 1980 | Bílskúr byggður við húsið. | Gr. Sig, |
| 2015 | Gagngerar endurbætur á húsi. Líklega árið 2015. | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1909 og telst til einfalt timburhús. Fyrstu íbúar hússins voru Gunnar Einarsson bóndi og sjómaður, Guðrún Jónsdóttir kona hans og dóttir þeirra Jónína Kristín Gunnarsdóttir. Fjölskylda Gunnars er bústett í húsinu skv. manntalinu 1910 og þegar húsið er virt árið 1916 hafa þau enn búsetu í húsinu. Húsið hefur verið stækkað mikið og gerð þess breytt árið 1936 þegar það er fært í stíl síns tíma með funkis gluggum.

Heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/4, Eyrarbakkaumboð 1916-1920. Nr. 156.
Vef. http://www.manntal.is/leit/Gunnar%20einarsson/1910/1/1910/37473/4204
Vef. Mbl.is. „Jónína Kristín Gunnarsdóttir“. Sótt 14.06.2017, http://www.mbl.is/greinasafn/grein/301045/
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 181.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Timburhús. Ytri hlutföll þokkaleg en ósamhverfir gluggar rýra fagurræðilegt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs og sem hluti af byggðasögu Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Eitt þriggja eldri húsa á jaðri gömlu byggðarinnar í austur. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur nýlega verið endurgert. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Ástand gott. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna aldurs og ástands. Tilheyrir því sem eftir er af eldri byggð á þessum stað. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Líklega Gísli Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Kirkjuhvoll, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Viðbygging |

**Helstu breytingar:**

2016 Nýr skúr/bíslag byggður við húsið.

**Hönnuðir breytinga:**

Jón Friðrik Matthíasson, byggingatæknifræðingur

## Saga

Húsið er byggt árið 1940 í funkis stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Funskishús. Ekkert sérstaklega gott dæmi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús án sérstakra menningarsögulegra tengsla. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur aðeins samsvörun í næsta hús Austurvöll. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Er töluvert breytt og gluggar ósamstæðir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefur ekkert sérstakt gildi fyrir byggðina, hvorki umhverfislega né menningarsögulega. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Árni Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Mundakot II 1981. Ljósmyndari Páll Lýðsson.



Mundakot II, júní 2017. Austurásýnd.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Brotaþak (mansard) | Brotaþak (mansard) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari | Einlyft<br>Útitröppur<br>Reykháfur<br>Kjallari<br>Viðbygging | | |

## Saga

Mundakot II er timburhús með mansardþaki. Nú standa aftan við húsið steinsteyptar viðbyggingar (er ekki sambyggt). Árni Jónsson byggði húsið árið 1903 og bjó þar ásamt konu sinni Margréti Filippusdóttur síðustu ár æfi sinnar. Lengi var stundaður búskapur í einhverri mynd við húsið.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 47.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 180.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Mansardhús. Ágætt dæmi um þessa gerð húsa. Endurgerð og ástand mætti vera betra. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs, gerðar og sem hluti af byggðasögu Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af Mundakotshúsum en aðeins tvö af þremur standa enn. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er töluvert breytt s.s. gluggar. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Virðist í frekar slæmu ástandi. Stórt geymsluhús/bílgeymsla truflar ásýnd hússins. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna menningarsögulegs og sem hluti af heild sem er verulega löskuð. Varðveislugildi hússins myndi aukast ef það yrði gert upp og umhverfi þess bætt. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

**Byggingarár: 1903** Háeyrarvellir Mundakot III

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð




Mundakot III. Einkasafn MKH.



Mundakot III, júní 2017. Suð-vesturhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | Byggt ofan á húsið 1932.<br>Upplýsingar úr brunavirðingu 1932: | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari | | |

## Saga

Mundakot III telst vera af yngri gerð timburhúsa. Það var byggt árið 1903 og var þá ein hæð og kjallari. Jón Einarsson hreppstjóri og Guðrún Jóhannsdóttir kona hans bjuggu í Mundakoti á fyrrihluta 20. aldar. Yngsti sonur þeirra, Gísli Jónsson giftist Guðríði Vigfúsdóttur árið 1933. Þau fluttu inn á heimili eldri hjónanna og í framhaldi af því var byggt ofan á húsið til að rýma til fyrir ungu hjónunum. Þau voru með fjórar til fimm kýr á bænum allt til ársins 1963, hænur og mikla kartöflugarða. Gísli dó árið 1965 en Guðríður hélt áfram að búa í Mundakoti til dauðadags 1989.

Heimildir:

„Guðríður Vigfúsdóttir - Minning“ Morgunblaðið, minningargrein, 07.04.1989. Bls. 32.
Vef. Mbl.is. „Guðríður Vigfúsdóttir“. Sótt 15.04.2020, https://www.mbl.is/greinasafn/grein/29652/?item_num=4&searchid=3fd1ffe146d35b20e5fc3d1f66e85cfc1a39d330

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Húsið er mikið breytt og erfitt að greina hið uprunalega hús sem var alþýðuhús á einni hæð á kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Eitt af þremur húsum Mundakotsbæja þar sem aðeins tvö standa enn. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið stendur eitt og sér í óhrjálegu umhverfi þar sem lítil tengsl eru milli húsa. Hluti af heild Mundarkotshúsa sem er mjög löskuð. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Lítið að sjá af upprunalegu húsi. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í mikilli niðurníðslu. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið fengi aukið gildi ef það yrði endurgert nær upprunalegri gerð. Eins og húsið er í dag hefur það ekki mikið gildi. Styrkja þyrfti heild Mundarkotshúsanna með gagngerri endurnýjun. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Hannes Andrésson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Guttormur Andrésson

Núverandi notkun: Íbúð



Staðarbakki 1960. Einkasafn MKH.



Staðarbakki, júlí 2017. Austurhlið

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Útskot (karnap)<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Útitröppur<br>Útskot (karnap) |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2009 | Bílskúr byggður við húsið. Húsið klætt að utan o.fl. | Guðjón Þórir Sigfússon, Verkfræðingur |

## Saga

Húsið er funkis hús byggt árið 1958. Bílskúr byggður árið 2009.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Þokkaleg hlutföll en mikið breytt hús með funkisáhrifum. Klæðning er nútímaleg og fer húsinu illa. Stærð bílskúrs yfirþyrmandi og úr takti við hús og umhverfi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús án neinnar sérstöðu. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Hefur ekki tengingu við nærliggjandi byggð innan afmörkunar verndarsvæðis. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Hefur verið klætt með liggjandi bárujárni og timbri. Nútímaleg útfærsla sem fer húsinu illa. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Nýlega klætt og virðist ástand þokkalegt. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið er mikið breytt í útliti til hins verra og hefur lítið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Rafveita Eyrarbakka

Upphafleg notkun: Spennistöð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Spennistöð



Spennistöð, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Flatt þak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið var byggt um eða uppúr 1973 því það ár voru stimplaðar teikningar af húsinu. Spennistöðin stendur við kirkjugarð Eyrarbakka og gegnir enn sama hlutverki og í upphafi. Húsið er upphaflega steypt, kassalaga með flötu þaki. Húsið var klætt og sett á það risþak til að það félli betur a umhverfi sínu um 1999.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steinsteypt spennistöð sem aðlöguð hefur verið að byggingastíl eldri húsa. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Spennistöð |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Fellur ágætlega að umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | | Sett risþak á húsið og það klætt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Fellur ágætlega að byggð sem einkennist af eldri húsum. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðmundur Vivantsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús




Bjarghús.



Bjarghús, júlí 2017. Austurhlið.

**Gerð húss:**

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | Þegar brunavirðing er gerð árið 1950 er kominn skúr við húsið. | |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | 1996 | Skipt um glugga og bárujárn skv. teikningum frá 1996. | Ólöf Flygenring, arkitekt |
| Útlit: | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari | | | |

## Saga

Húsið var byggt af Guðmundi Vivantssyni árið 1913 og flokkast sem alþýðuhús í þurrabúðarstíl. Lengst af hefur verið búið í húsinu. Þá var það notað sem sumarbústaður en nú um langt skeið hefur veirð föst búseta í húsinu. Húsið stendur í jaðri gömlu byggðarinnar á Eyrarbakka, austar stendur ný byggð.

Heimildir:
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 10.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 182.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Ágætt dæmi um einfalt alþýðuhús í þurrabúðarstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs og sem alþýðuhús frá þessum tíma. Mikilvægur hluti byggðasögu Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Ásamt Ósi er þetta hús það sem eftir er af eldri byggð austast á Eyrarbakka. Umlukið nýrri byggð sem hefur engin tengsl við þessi eldri hús. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið virðist nokkuð upprunalegt en hefur verið endurgert. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist vera uppgert og vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er mikilvægt fyrir sögu Eyrarbakka, er vel viðhaldið og nokkuð upprunalegt í útliti. Hefur þó tapað tengslum við hina upprunalegu byggð á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinn Sveinsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Ós 1965. Einkasafn MKH.



Ós, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | |
| Þakgerð: | Mænisþak | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1998 | Byggt við húsið að austanverðu. | Jon Nordsteien, Arkitekt |
| 2013 | Breyting á gluggum og svefnloft tekið í burtu. | Ólöf Flygenring, Arkitekt |
| 2015 | Viðbygging stækkuð til suðurs. | Ólöf Flygenring, Arkitekt |

## Saga

Húsið Ós er dæmi um þurrabúðarhús með tveimur burstum. Sveinn Sveinsson (09.10.1863-02.06.1941) sjómaður í Hausthúsum byggði húsið árið 1910 og bjó þar ásamt Ingunni Sigurðardóttur konu sinni. Sagan segir að hann hafi byggt það úr viði skútu sem strandaði fyrir utan Eyrarbakka. Húsið hefur lengi verið sumarhús.

Heimildir:
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 51-52.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 182

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Þurrabúðarstíll sem byggt hefur verið við. Fá hús eru uppistandandi af þessari útfærslu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs, fágætis og sem mikilvægur hluti byggðasögu Eyrarbakka. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Ásamt Bjarghúsum er þetta hús það sem eftir er af eldri byggð austast á Eyrarbakka. Umlukið nýrri byggð sem hefur engin tengsl við þessi eldri hús. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur eitthvað verið gert upp og byggt við það en virðist nokkuð upprunalegt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu standi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vegna menningarsögulegs gildis, byggingarlistar og fágætis. Hefur lítil tengsl við upphaflega byggð á Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Sveinn S. Öfjörð

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Garðafell um 1970. Einkasafn Sigurlína Eiríksdóttir.



Garðafell, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Trapisustál | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Útitröppur | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari | | |

## Saga

Húsið Garðafell er byggt árið 1959 samkvæmt brunavirðingum og í móderniskum stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Hefðbundið einfalt einbýlishús frá 7. áratug í móderiskum stíl. Klæðning rýrir mjög byggingarlistarlegt gildi hússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1959. Algeng gerð. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Fellur ágætlega að nærliggjandi húsum frá sama tíma. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið klætt að utan sem rýrir mjög gildi þess. Gluggar og þakkantur þó óbreyttir. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Klæðning rýrir byggingarlistarlegt gildi hússins. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jóhann Jóhannsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Bjarni Pálsson

Núverandi notkun: Íbúð




Hlöðufell.



Hlöðufell, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, holsteinn | Hlaðið, holsteinn | | |
| Útveggir: | | Bárujárn | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Svalir | Einlyft | | |

## Saga

Húsið er byggt árið 1955 í módernískum stíl.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Þokkalegt hús í móderniskum stíl en klæðning rýrir gildi þess. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús frá 1955. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Samsamar sér ágætlega meðal annarra húsa frá svipuðum tíma. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Sennilega frekar upprunalegt en hefur verið klætt að utan. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Þokkalegt hús en ekkert sérstakt gildi. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Ásgrímsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Björgvin um 1940-1950. Einkasafn MKH.



Björgvin, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | |
| Útlit: | Einlyft<br>Viðbygging<br>Portbyggt | Viðbygging<br>Kjallari<br>Einlyft<br>Portbyggt |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| | Ýmsar breytingar gegnum árin.<br>Klæðning, gluggar, reykháfur tekinn. | |
| 1967 | Byggð 39,8 fermetra viðbygging. | Bjarni Pálsson, byggingafulltrúi |

## Saga

Björgvin telst vera einfalt timburhús, einfalt bárujárnshús. Húsið var byggt árið 1915 samkvæmt fasteignamati 1916-1918 af Jóni Ásgrímssyni hómópata. Húsið er virt til fasteignaskatts árið 1915. Stór viðbygging er við húsið og hún er frá 1967.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 21.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 153.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús af danski-íslenskri gerð. Steniklæðning, viðbygging og gluggabreyting rýrir mjög listrænt gildi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð frá því um og uppúr 1900. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti af eldri byggð en tengsl við hana ekki mjög sterk. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið er mikið breytt, s.s. klæðning, gluggar og viðbygging. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Þarfnast viðhalds og endurnýjunar. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur ekki gildi nema vegna aldurs og möguleika á að vera fært nær upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1979** Nesbrú 4 Hvammur

Fyrsti eigandi: Helgi Ingvarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Bjarni Vésteinsson

Núverandi notkun: Íbúð




Nesbrú 4.



Nesbrú 4, mars 2018.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið Hvammur er byggt árið 1979.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Hefðbundið hús í móderniskum stíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Töluvert byggt af þess konar einbýlishúsum milli 1960-1980. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Lítil samsvörun eða tengsl við nærliggjandi byggð. Með aðkomu frá Nesbrú. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Virðist að mestu óbreytt. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í ágætu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Hefðbundið einbýlishús í móderniskum stíl. Lítil tengsl við aðliggjandi byggð. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Ragnhildur Ólafsdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Hreggviður 1984. Ljósmyndari Halldóra Ásgeirsdóttir.



Hreggviður, júlí 2017. Austurhlið.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Viðbygging |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1934 | Skúrum bætt við húsið. Skúr við gafl: 2,2 x 2,7 m h.1,7 m. | |
| 1947 | Kominn viðbygging úr holsteini. | |
| 2003 | Nýtt anddyri v. vesturgafl, pallur og gagngerar endurbætur. | Þorgeir Jónsson, arkitekt |

## Saga

Hreggviður telst vera einfalt timburhús og stendur á lóð úr landi Skúmsstaða. Húsið er byggt árið 1922 og var smiður Eiríkur Gíslason. Steyptu viðbygginguna byggðu smiðirnir Ólafur Gíslason og Sigfús Árnason árið 1947. Fyrstu íbúar hússins voru Ragnhildur Ólafsdóttir og synir hennar Ólafur og Gísli Ragnar Gíslasynir.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 39.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfalt timburhús í grunninn. Ytra form og gluggasetning ekki í góðu jafnvægi. Viðbætur fara húsinu ekki vel. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hefur tengsl við hina sögulegu byggð. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Telst hér hluti af byggð Skúmsstaðahverfisins og hefur ákveðna samsvörun við álíka hús í nánasta umhverfi. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Mikið breytt hús. Mikilvægt að gera það upp í upprunalegri mynd. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist þarfnast einhvers viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Vegna tengsla við nærliggjandi byggð. Mikilvægt að það verði gert upp nær upprunalegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1920** Skúmsstaðir **Kirkjubær**

Fyrsti eigandi: Gísli Davíðsson og Halldór Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Menningarstarfsemi



Kirkjubær fyrir 1966. B.Árn.



Kirkjubær, september 2020. Suðurhlið og austurgafl.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Reykháfur<br>Viðbygging | Einlyft<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1933 | Búið að bæta við steinsteypuskúr við norðurhlið 6,9x3,2m h. 2,5m. | |
| 1989 | Nýjir gluggar og bárujárn endurnýjað. | Jon Nordsteinen, arkitekt |
| 2013 | Gagngerar endurbætur. | Jon Nordsteinen, arkitekt |

## Saga

Kirkjubær er alþýðuhús, þurrabúð, byggt af Gísla Davíðssyni og Halldóri Jónssyni árið 1920. Gísli Davíðsson og kona hans Margrét Torfadóttir ásamt börnum bjuggu í Kirkjubæ í upphafi og til 1929. Hann var búfræðingur og vann að gerð Flóaáveitunnar. Í seinni tíð var húsið nýtt sem sumarhús og í tíð Margrétar Árnadóttur og Matthíasar Guðmundssonar sem áttu húsið eftir 1986 var fallegur garður með mörgum jurtum og trjátegundum ræktaður við húsið. Því var einnig breytt talsvert innandyra í þeirra tíð. Byggðasafn Árnesinga keypti Kirkjubæ í árslok 2011 og lét færa það til upprunalegs horfs. Byggðasafnið nýtir húsið undir sýningarhald enda er það staðsett nálægt Húsinu og Sjóminjasafninu.
Hörmulegur atburður varð í Kirkjubæ á gamlársdagsmorgun 1930. Hjónin Sigvaldi Sigurðsson sjómaður, ættaður að vestan og Guðlaug Jóhanna Guðjónsdóttir frá Skúmsstöðum á Eyrarbakka sem þá bjuggu í húsinu létust þar af slysförum vegna kolsýrumengunar. Sigvaldi sem var við vinnu í Hafnarfirði hafði komið heim fyrir jólin og ætlaði að dvelja þar fram yfir hátíðirnar. Guðlaug vann eitthvað hjá Gísla Péturssyni héraðslækni á þessum tíma. Þegar Guðlaug kom ekki til vinnu var sonur læknisins sendur eftir henn en er komið var að, var herbergi það er hjónin sváfu í, fullt af reykjarsvælu. Herbergið var hitað upp með litlum kolaofni og mun spjald sem var í ofnpípunni hafa færst til og lokað pípunni. Hjónin lágu meðvitundarlaus í rúminu, er að var komið.


Heimildir:
Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 44.
Vef. Eyrarbakki.is. Inga Lára Baldvinsdóttir. Sótt 14.06.2017, http://eyrarbakki.is/?page_id=95.
Vef. „Eyrarbakka, 2. jan." Lögberg, 6. febrúar 1930. Sótt 12.07.2017, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=158491&pageId=2196767&lang=is&q=Sigvaldi%20Sigur%F0sson
Vef. Íslendingabók.is. Sótt 12.07.2017, https://islendingabok.is/Leit.jsp?id=JkIfFkHgCjPfGpLe&user=1452071&number=1452071&mode=PlainMode&nafn=G%EDsli+Dav%ED


## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gott dæmi um alþýðuhús, þurrabúð af einfaldri gerð á Eyrarbakka. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Dæmigert hús alþýðufólks frá þessum tíma og mikilvægur hluti byggðasögu Eyrarbakka. Húsið er einnig hluti af Byggðasafni Árnesinga og opið almenningi. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Hluti af heild eldri timburhúsa á safnasvæði Byggðasafns Árnesinga. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Gert upp í upprunalegri mynd. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er nýviðgert (2011) á vandaðan hátt. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er mikilvægur hluti af byggðasögu Eyrabakka sem fágætt alþýðuhús. Húsið er nýuppgert í upprunalegri mynd. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Jón Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Norðurkot. Einkasafn MKH.



Norðurkot, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Timbur | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Steinsteypt |
| Útlit: | Inngönguskúr (bíslag)<br>Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2004 | Húsið endurgert. Viðbygging lengd til norðvesturs. | Andrés Narfi Andrésson, arkitekt |

## Saga

Húsið Norðurkot var reist árið 1898 af Jóni Jónssyni og er einfalt timburhús. Norðurkot var hjáleiga frá Skúmsstöðum. Húsið sem nú stendur var líklega byggt í stað húss sem eyðilagðist í Suðurlandsskjálftanum 1896.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 49.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða: Bolungarvík, maí 2015) óútgefin skýrsla.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 134.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfalt timburhús. Góð hlutföll og samsvörun í gluggasetningu og ytra formi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Hluti af sögulegri byggð Eyrarbakka frá því um og uppúr 1900 (Skúmsstaðahverfið). |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af heild húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur verið gert upp á vandaðan hátt skv. upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Virðist í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Þetta hús er mikilvægt sem hluti af sögulegri heild og hluti af Skúmsstaðahverfinu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Eyþór Guðjónsson og Jón Guðjónsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Guðmundur H. Þorláksson

Núverandi notkun: Íbúð




Skúmsstaðir II.



Skúmsstaðir II, júní 2020.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Kjallari<br>Einlyft<br>Útitröppur | Einlyft<br>Kjallari<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið var byggt árið 1937 og er byggt undir áhrifum funksjónalisma. Húsið hefur staðið nær óbreytt frá upphafi. Framkvæmdir eru nýlega hafnar við endurbætur á húsinu.
Heimildir:
Þjóðskjalasafn Íslands. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands 2012. BA/48, Eyrarbakkaumboð 1933-1959. Nr. 31.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gott dæmi um hús með sterk einkenni funkisstefnunnar í byggingarlist á 4. áratug 20. aldar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Fulltrúi breyttrar stefnu í byggingarlist á 4. áratug 20. aldar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið hefur ágætan samhljóm með fleiri húsum í sama botnlanga en ekki beint tengt hinni sögulegu byggð í næsta nágrenni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Endurnýjun stendur yfir og verður húsið klætt að utan með bárujárni. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Gagnger endur nýjun stendur yfir. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Gott dæmi um hús í funkisstíl. Eitt nokkurra slíkra á Eyrarbakka sem hafa svipuð sérkenni. |
| Verndarflokkar: | Varðveisluverð heild - gulur litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Guðbjörg Guðmundsdóttir

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð



Skúmsstaðir IV. Ljósmyndari Halldóra Ásgeirsdóttir.



Skúmsstaðir IV, júní 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur, bindingar | Timbur, bindingar |
| Útveggir: | Bárujárn | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Hlaðin úr tilhöggnu grjóti | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1943 | Skúr byggður við húsið. | |
| 1994 | Hús endurnýjað og bílskúr byggður í sama stíl á lóðinni. | Jakob E. Líndal, arkitekt |

## Saga

Skúmsstaðir IV er einfalt timburhús. Smiðir hússins voru bræðurnir Vilhjálmur, Hannes og Guðmundur Andréssynir og var það byggt árið 1907. Fyrsti eigandi þess var Guðbjörg Guðmundsdóttir. Húsið stendur á bæjarhól Skúmsstaða, þar sem fyrsti Skúmsstaðarbærinn stóð. Það er byggt á grunni bæjar sem var í bæjarröð torfbæja á Skúmsstöðum.

Heimildir:

Lilja Árnadóttir. Eyrarbakki, húsakönnun. (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands 1989), bls. 55-56.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðlaug Vilbogadóttir. Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á Eyrarbakka. (Náttúrustofa Vestfjarða: Bolungarvík, maí 2015) óútgefin skýrsla.
Þjóðskjalasafn Íslands. Fasteignamatsbók fyrir Árnessýslu. Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; Árnessýslu III. Bls. 131.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Einfalt nokkuð fallegt timburhús, þar sem ytra form og gluggar eru í góðu jafnvægi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af sögulegri byggð á Eyrarbakka (Skúmsstaðahverfið). |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið er mikilvægur hluti af heild húsa. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur allt verið endurgert á vandaðan hátt og í samræmi við upprunalega gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Virðist í nokkuð góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Mikilvægt sem hluti af heild húsa í Skúmsstaðahverfinu og sem hluti af sögulegri byggð Eyrarbakka. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti / Götumynd - rauður litur á korti | |

